Heit og ljúffeng
HAMRABORG PIZZA
Hafnarstræti 7 - 456 3166

Nýtt og öflugt verkfæri til íbúðakaupa
Greiðslumat á netinu
Lánsumsókn á netinu
Íbúðalán.is
www.ibudalan.is

Símanúmer Landsbankans á Ísafirði er 410 4156
Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk
Fimmtudagur 21. desember 2006 · 51. tbl. · 23. árg.



Fiðlarinn frá Grænagarði

– sjá viðtal í miðopnu við ísfirska fiðlusnillinginn Hjörleif Valsson sem er að gera það gott í íslensku tónlistarlífi



Lærir að lifa upp á nýtt

– sjá viðtal á bls. 28 við Arnar Geir Hinriksson, lögfræðing á Ísafirði sem datt á skíðum í vor og lamaðist upp að brjósti

Samkaup úrval
OPIÐ:
virka daga kl. 09 - 21
laugard. 10-21
sunnud. kl. 12 - 21
Verið velkomin!
Samkaup úrval
NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

Við hjálpumst að á jólunum
Eins og svo oft áður ætlar Eimskip Flytjandi að hjálpa jólasveininum að koma jólapökkunum til Íslendinga.
Og – ef þú getur borið pakkann til okkar borgarðu aðeins 500 kall! Skilafrestur er til kl. 12 á hádegi 22. desember.
EIMSKIP

Dagurinn í dag

21. desember 2006 – 357. dagur ársins

Þennan dag árið 1945 var Ölfusárbrú við Selfoss formlega opnuð til umferðar. Þetta er hengibrú og 84 metrar milli stöpla. Nýja brúin leysti af hólmi brú sem tekin var í notkun 8. september 1891.

Ókeypis körfuboltakynning fyrir börn

Unglingaráð Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar hyggst bjóða börnum á aldrinum 6-12 ára upp á körfuboltakynningu, þeim að endurgjaldslausu, miðvikudaginn 27. desember. Farið verður í ýmsar leikstöðvaæfingar og skotæfingar, auk þess sem krakkarnir spila gegn hvort öðru. Um er að ræða nemendur í 1. bekk og upp í 7. bekk en þeim verður skipt í tvo hópa. Fyrri hópurinn sem skipaður verður börnum 6-9 ára mætir kl. 10 og stendur kynningin til kl. 12. Seinni hópurinn, 10-12 ára, verður frá kl. 13 til kl. 15. Allir þátttakendur fá glaðning í lok kynningarinnar. „Við hvetjum alla hressa krakka til að mæta og kynnast skemmtilegri íþrótt“, segir í tilkynningu.

Ingi Þór Ágústsson afhenti Tryggva silfurmerki HSV.

Tryggvi hættir

Tryggvi Guðmundsson, lögfræðingur og fasteignasali á Ísafirði lét af störfum sem formaður Golfklúbbs Ísafjarðar á aðalfundi klúbbsins á föstudag.

Tryggvi hefur gegnt starfi formanns í tíu ár og hefur áratugurinn verið með þeim viðburðaríkari í sögu klúbbsins. Meðal stærstu verkefna má nefna uppbyggingu æfingasvæðis í Tungu og byggingu nýs golfskála.

Tryggva var við starfslokin veitt silfurmerki Héraðssambands Vestfirðinga fyrir störf sín í þágu íþrótta á svæðinu. Nafni fráfarandi formanns, Tryggvi Sigtryggsson, tekur við sem formaður Golfklúbbsins. *– hbh*

Tvær bílveltur í hákunni

Tvær bílveltur urðu á norðanverðum Vestfjörðum eftir hádegi á mánudag, en ekki urðu slys á fólki. Bíll valt í Tungudal ofan Ísafjarðar og annar við Selakirkjuból í Önundarfirði. Eignatjón varð í báðum tilfellum. Glerhálka er á vegum vestra og biður lögreglan á Ísafirði ökumenn að fara með mestu gát í þessu hættulega færi.

Vöruflutningabifreið með tengivagn fauk til á Steingrímsfjarðarheiði um kvöldmatarleytið á mánudag og losnaði vagninn af henni og valt. Hann var fullur af rækju en opnaðist ekki. Mjög hvasst var á heiðinni, yfir 30 m/s og flughált.

Síðasta tölublað ársins kemur út föstudaginn 29. desember nk. Fyrsta tölu-blað nýs árs kemur út 4. janúar.

Unnið að því að dæla upp úr Bjarma. Mynd: Jón Víðir Njálsson.

Leki kom að Bjarma BA á Suðureyri

Leki kom að vélbátnum Bjarma BA á mánudag þar sem hann lá við bryggju á Suðureyri. Súgfirðingar tóku eftir því fyrir hádegi þann dag að rafmagn hafði farið af bátnum og fóru þá að kanna hvort allt væri með felldu. Kom þá í ljós að sjór var kominn í vélarrúm og upp á miðja vél. Var þá slökkviliðið á Ísafirði kallað út til aðstoðar slökkviliðinu á Suðureyri. Ekki er ljóst hvað farið hefur úrskeiðis eða hversu miklar skemmdir hafa orðið á bátnum sem er um 200 brúttólestir að stærð.„Báturinn á að liggja þarna yfir jólin. Landrafmagni sló út og rafvirki sem vann að viðgerð uppgötvaði lekann“, segir Þorbjörn Sveinsson, slökkviliðsstjóri í samtali við blaðið.

Jólabókasalan á Ísafirði svipuð og í fyrra

Jólabókasala hefur gengið ágætlega hjá Bókhlöðunni-Pennanum á Ísafirði að sögn Jónasar Gunnlaugssonar bóksala. „Salan er á svipuðu róli og verið hefur undanfarin ár sem er mjög fínt. Ljósið í Djúpinu er söluhæst hjá okkur en einnig hefur farið vel af Tryggðarpanti eftir Auði Jónsdóttur og Kóngsbókinni eftir Arnald Indriðason. Þá hafa barnabækur eins og bók Guðrúnar Helgadóttur, Öðruvísi saga, selst vel og þó nokkuð er síðan Drekafræði seldist upp hjá okkur en hún er að verða uppseld alls staðar á landinu.“

Í Office 1 hefur bókasalan aukist á milli ára. „Bókasalan hefur gengið æðislega vel. Ljósið í Djúpinu er eins og alls staðar mjög vinsæl en annars er erfitt að segja hvaða titlar eru vinsælastir, það er svo misjafnt. En bók Arnalds Indriðasonar, Kóngsbók hefur einnig verið mjög vinsæl. Salan hefur verið góð jafnt og þétt út mánuðinn en hún er mun meiri en í fyrra“, segir Rúna Gunnarsdóttir, verslunarstjóri Office 1 á Ísafirði.

– thelma@bb.is

Mikil ánægja með tónleikahald TÍ

Hátt á þriðja hundrað nemenda Tónlistarskóla Ísafjarðar komu fram á jólatónleikaröð skólans sem lauk um helgina. „Það var mikil ánægja með tónleikahaldið. Sumir tónleikanna voru viðamiklir og þar af leiðandi langir, en fólk sýndi þolinmæði og hlýddi á alla þessa ungu listamenn. Tónleikarnir eru orðnir fastur punktur í tilverunni á þessum tíma rétt eins aðventukvöld kirkjanna og setja sinn svip á bæjarlífið“, segir Sigríður Ragnarsdóttir, skólastjóri TÍ.

Efniskrá tónleikanna var mismunandi með fjölbreyttum tónlistaratriðum, einleik, samleik og samsöng en langflestir nemendur skólans koma fram. Þá voru jólalögin vissulega áberandi á dagskránni. „Krakkarnir voru klædd í sparifötin og öll svo sæt og fín. Margir hafa kannski fengið jólafötin til vígja einmitt við þetta tilefni, en annars eru krakkarnir ekki bara að koma fram á tónleikunum heldur einnig á aðventukvöldum, jólaskemmtununum og við ýmis tækifæri hjá stofnunum og fyrirtækjum til að fagna aðventunni“, segir Sigríður.

– thelma@bb.is

Það vantaði ekki einbeitningu hjá listafólkinu unga.

Ók á ljósastaur í miðbæ Ísafjarðar

Skömmu fyrir hádegi á sunnudag var bíl ekið á ljósastaur við Hafnarstræti, rétt við húshorn veitingastaðarins Fernandos á Ísafirði. Engin slys munu hafa orðið á vegfarendum enda kannski ekki mikill erill á götum úti fyrir hádegi á sunnudögum, en bíllinn varð óökufær. Að sögn lögreglu var um einfaldlega um venjulegt óhapp að ræða þar sem bílstjóri missir stjórn á ökutæki sínu í hálku, bíllinn fer á snúning og lendir á ljósastaurnum. Bílstjóri var einn í bíl sínum, og hann mun ekki grunaður um ölvunarakstur eða annað vafasamt. Ljósastaurinn fór í tvennt. Rétt er að brýna fyrir ökumönnum að fara varlega við akstur í snjó og hálku, enda getur akstur við slæmar aðstæður verið vandasamt verk sem krefst fullrar einbeitingar.

Stærsta hljóðupptökuver landsins á Flateyri

Önundur Hafsteinn Pálsson og eiginkona hans Sigrún Svanhvít Óskarsdóttir vinna nú hörðum höndum að því að opna fullkomið hljóðupptökuver í yfirgefnu lýsistanki rétt utan við Sólbakka við Flateyri.

„Ég hef satt best að segja engar áhyggjur af staðsetningunni. Þetta eru meters þykkir blágrýtisveggir sem eru greinilega ekki að fara neitt. Það féll á þetta aurskriða fyrir einhverjum 20 – 30 árum og drullusletturnar eru enn upp á miðja veggi en það sér ekki á húsinu að öðru leyti. Menn fóru út í það á sínum tíma að opna þarna bátaverkstæði og ætluðu að saga fyrir gluggum og dyrum en það þurfti einfaldlega að fá sprengjusérfræðing á staðinn til þess að sprengja sig í gegnum veggina. Þetta er ein elsta byggingin á svæðinu og synd að nýta þetta ekki til þess að gera eitthvað skemmtilegt,“ segir Önundur.

Í huga Önundar er staðsetningin í raun styrkur upptökuversins enda er hún óneitanlega ansi sérstök. „Hugmyndin er að gera út á þessa sérstöðu. Hér geta tónlistarmenn fengið heimilisslega og góða gistingu, unnið í ró og næði í fullkomnu hljóðveri og í umhverfi sem bæði veitir einstakan vinnufrið og innblástur í senn. Þetta verður stærsta hljóðupptökuver á Íslandi í fermetrum talið, um 360 fermetrar, og aðstaðan öll eins og best verður á kosið. Við stefnum að því að opna um eða fyrir páska og erum strax farin að hlakka til að fá fyrstu gestina,“ segir Önundur.



Lýsistankurinn sem á að hýsa hljóðupptökuverið er rétt utan við byggðina á Flateyri.

Önundur inni í tankinum. Þar verður komið fullkomið hljóðver í vor.

Tveir norskir rækjutogarar komu að landi á Ísafirði á fimmtudag með samtals ríflega 660 tonn af rækju. Úr togaranum Remoy var landað rúmlega 600 tonnum, annars vegar iðnaðarrækju sem fór til vinnslu í Hólmadrangi á Hólmavík, Bakkavík í Bolungarvík og Miðfelli á Ísafirði, og hins vegar svokallaðri suðurækju sem sett var á gám. Aflinn fékkst á Flæmingjagrunni og Miklabanka, en þar er veiði mjög góð um þessar mundir. Sama dag lagðist togarinn Polaris að landi með veikan sjómann. Skipverjar höfðu verið að veiðum á Dornbanka milli Íslands og Grænlands og nýttu landvistina til að landa um 60 tonnum af rækju til geymslu. „Skipstjóri Polaris sagði mjög góða veiði á Dornbanka þegar það væri veður“, segir Guðmundur Kristjánsson, hafnarstjóri á Ísafirði. ***hbh***

Atlantsskip bíða viðbragða frá Vestfirðingum

Enn sem komið er hafa engir samningar náðst milli Atlantsskipa og aðila á Vestfjörðum um sjóflutninga til og frá svæðinu. Eins og sagt var frá í október upplýsti Gunnar Bachmann, framkvæmdastjóri Atlantsskipa, að fyrirtækið væri að kanna möguleika á því að hefja strandsiglingar frá Reykjavík til Vestfjarða og fleiri staða.

„Menn eru að kynna sér málið, en enn sem komið er hafa ekki náðst neinir samningar. Ef þeir koma ekki þá verður ekki siglt til Vestfjarða. Menn fengu tilboð fyrir helgi og við erum bara að bíða svara“, segir Gunnar. Aðspurður segir hann engin sérstök tímamörk í gildi hvað þetta varðar. „Við byrjum bara að sigla um leið og komnir eru samningar upp á þessa 2.500 gáma á ári sem við þurfum. Í sjálfu sér gætu Vestfirðirnir einir og sér staðið undir þeim flutningum.“

Hugmyndin er sú að skip Atlantsskipa sigli úr höfuðborginni á fimmtudögum, verði á Húsavík og Akureyri á föstudögum, Sauðárkróki á laugardögum, Vestfjörðum á mánudögum og þriðjudögum og komi til Reykjavíkur á miðvikudögum. „Evrópuskipin koma inn á miðvikudögum og þá geta menn komið vörum af þeim yfir á strandsiglingaskipið og öfugt“, segir Gunnar.

Eins og kunnugt er hafa strandsiglingar til Vestfjarða legið niðri í nokkurn tíma. Eimskip hættu strandsiglingum 1. desember 2004, en tóku upp samstarf við Sæskip um rekstur Jaxlsins sem seldur var fyrir um ári. *– hbh*

Sundahöfnin á Ísafirði.

„Meiriháttar upplifun að sýna heima“

Ísfirski skartgripahönnuðurinn Dýrfinna Torfadóttir hélt sýningu í Gullauga á Ísafirði í síðustu viku. Þar var til sýnis það nýjasta í verkum hennar en margir gripanna hafa meðal annars verið sýndir á sýningum í Frakklandi og Berlín sem Dýrfinna tók þátt í. „Sýningin gekk rosa vel og það var góð tilfinning að koma heim. Mjög vel var mætt og ég vil þakka öllum fyrir komuna. Það var alveg meiriháttar að upplifa þessa stemmningu og eftir þetta kvöld er mér ljóst að ég þyrfti að koma heim í hvert skipti þegar ég er með nýja línu og sýna fólki hvað ég er að aðhafast“, segir Dýrfinna. Hún hefur ýmis efnistök við gerð skartsins en gripirnir eru mestu unnir í gull og silfur en það efni sem notað hefur verið með málmunum er til að mynda laxaroð, hraunmolar, akrýlplast og náttúrusteinar.

Dýrfinna hefur búið á Akranesi frá 2001. Hún hefur í starfi sínu sem skartgripahönnuður skapað sér sérstakan og persónulegan stíl sem einkennist af frumlegri og oft óhefðbundinni efnismeðferð og djarfri útfærslu. Með þessu hefur hún skipað sér í röð hinna eftirtektarverðustu gullsmiða og skartgripahönnuða á Íslandi.

Dýrfinna hefur tekið þátt í fjölda sýninga, bæði einkasýninga og samsýninga, og hlotið margvísleg verðlaun og viðurkenningar. Dýrfinna hefur töluvert verið að fást við skúlptúrgerð að undanförnu en meðal verka úr þeirri smiðju er skúlptúr sem Njörður P. Njarðvík hlaut nú í upphafi mánaðar er hann hlaut Barnamenningarverðlaun Velferðasjóðs barna. Dýrfinna hefur líka útbúið skúlptúra sem veittir hafa verið bæjarlistamönnun Ísafjarðarbæjar.

Aðspurð hvað taki nú við hjá listamanninum segir Dýrfinna að annríki sé framundan. „Nú fer ég beint í að klára sérpantanir en það eru ansi margar sem ég þarf að klára fyrir jól.“

– thelma@bb.is

Troðfullt var út að dyrum þegar Dýrfinna Torfadóttir sýndi verk sín í Gullauga.

Sýningargestir voru sjáanlega ánægðir með það sem fyrir augu bar.

Guðsþjónustur um hátíðarnar

Föstudagur 22. desember
Kyrrðarstund með Kammerkórnum kl. 21 í Ísafjarðarkirkju.

Aðfangadagur, 24. desember
Aftansöngur í Þingeyrarkirkju kl. 10:30. Aftansöngur í Flateyrarkirkju, Suðureyrarkirkju, Hnífsdalskapellu og Hólskirkju kl. 18:00. Miðnæturmessa í Ísafjarðarkirkju kl. 23:30.

Jóladagur, 25. desember
Jólaguðsþjónustur í Núpskirkju, Holtskirkju, Ísafjarðarkirkju, Súðavíkurkirkju og Hólskirkju kl. 14:00. Hátíðarstund í sjúkraskýlinu í Bolungarvík kl. 15:15. Jólaguðsþjónusta á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði kl. 15:30.

2. í jólum, 26. desember
Jólamessa kl. 14:00 í Hrafnseyrarkirkju. (Ef aðstæður leyfa).

Gamlársdagur, 31. desember
Aftansöngur kl. 18:00 í Ísafjarðarkirkju, Hólskirkju og Staðarkirkju.

Nýársdagur, 1. janúar
Áramótaguðsþjónusta kl. 14:00 í Hólskirkju. Hátíðarguðsþjónusta kl. 17:00 í Þingeyrarkirkju. Helgistund á Óshlíð kl. 20:00.

Óheimilt að skuldbinda sveitarfélag til útgjalda umfram fjárhagsáætlun

Við umræðu um fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar flutti Halldór Halldórsson, bæjarstjóri, stefnuræðu sína og dregur þar saman „nokkur stefnumarkandi atriði“, þar sem segir meðal annars að forstöðumönnum deilda og sviðsstjórum sé óheimilt að skuldbinda sveitarfélagið til útgjalda umfram fjárhagsáætlun nema fyrir liggi samþykki bæjarráðs til þeirrar útgjaldaaukningar. „Sveitarstjórnarlög mæla fyrir um framkvæmd fjárhagsáætlunar hvað þetta varðar. Reglur um framkvæmd fjárhagsáætlunar verða í greinargerð með endanlegri útgáfu hennar. Sviðsstjórar eiga að tilkynna breytingar í rekstri á sviðsstjórafundum svo samstundis sé hægt að bregðast við og fara með málið fyrir bæjarráð þyki sýnt að fjárhagsáætlun standist ekki.“

Önnur stefnumarkandi atriði eru svohljóðandi: „Leitað verður leiða til lækkunar rekstrarkostnaðar með almennum útboðum þar sem það þykir raunhæfur valkostur. Aukin áhersla verður á sameiginlega innkaupastefnu í vöru- og þjónustukaupum og gerðir fleiri afsláttarsamningar. Í fyrsta skipti er gert ráð fyrir framlagi til Náttúrustofu Vestfjarða. Þannig kemur Ísafjarðarbær inn sem virkur samstarfsaðili Bolungarvíkurkaupstaðar. Ákvörðun um að vera með gjaldfrjálsar almenningssamgöngur er frestað frá því sem talað er um í málefnasamningi. Grunnskólanemar greiða ekki fyrir far með almenningsvagni.

Gert er ráð fyrir því að frítt sé í sund fyrir börn upp að 16 ára aldri enda hefur það jákvæð áhrif á notkun sundstaða og tekjur aukast að mati þeirra sveitarfélaga sem gefið hafa upplýsingar um sína reynslu. Bygging sparkvalla er háð framlagi KSÍ. Leita á eftir samstarfi við íþróttahreyfingunna um rekstur íþróttmannvirkja. Leita þarf töluverðrar hagræðingar í rekstri þess málaflokks. Fjarfundabúnaður getur rúmast innan heimilda tölvunefndar ef til kemur að slíkur búnaður verði keyptur vegna aukinnar samkennslu milli skóla. Gerð verður úttekt á yfirvinnu og hagræðingar leitað. Hugað verður að mannauðsstjórnun hjá sveitarfélaginu. Komin er reynsla af því hjá nokkrum sveitarfélögum og verður leitað í þann reynslubanka við útfærslu.

Gert er ráð fyrir nýjum samningi vegna sjúkraflutninga milli Ísafjarðarbæjar og Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðarbæjar og heilbrigðisráðuneytisins vegna breyttra rekstrarforsendna Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar. Hafin var undirbúningsvinna við nýtt skipurit á þessu ári þar sem kynntar voru ákveðnar grundvallarbreytingar. Stefnt er á að taka þessa vinnu upp aftur á nýju fjárhagsári. Stefnt er á breytingar í stjórnsýslunni með nýju skipuriti. Vinna er hafin við að leggja þjónustudeild Hlífar niður í áföngum. Fyrsta skrefið er að taka ekki inn nýja sjúklinga veita þeim þjónustu heima fyrir. Heilbrigðisráðherra hefur tekið ákvörðun um byggingu 10 rúma hjúkrunarheimilis og er horft til þess af hálfu Ísafjarðarbæjar að það bæti enn frekar þjónustu við sjúklinga.

Taxtar dagvistunargjalda fyrir leikskóla hafa ekki hækkað frá gjaldskrá í febrúar 2005 sem er um 15% raunlækkun leikskólagjalda. Fyrsta skrefið í gjaldfrjálsum leikskóla fyrir 5 ára börn verður tekið þannig að tveir tímar fyrir hádegi verði án þátttöku foreldra í rekstrarkostnaði. Afsláttur vegna dagmæðragjalda verður hækkaður 1. janúar 2007 þannig að kostnaður verði sambærilegur við leikskóladvöl. Heimild verður til sölu allt að 7 íbúða á Hlíf I. Þannig verði seldar 10 íbúðir en 20 íbúðir verði áfram í leigu. Gert er ráð fyrir að hefja endurbætur á íbúðum á Hlíf I á næsta fjárhagsári. Heimild verður eins og áður til almennrar eignasölu, að undangengnu samþykki bæjarstjórnar.“

Kea hangikjöt,
hátíð í hverjum bita
KEA
Óskum landsmönnum öllum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári
1.499 kr/kg
Verð áður 1.899 kr/kg
21% afsláttur
Dönsk grísa hunangs-marineruð skinkusteik
1.894 kr/kg
Verð áður 2.399 kr/kg
21% afsláttur
Danskar grísatúndir
986 kr/kg
Verð áður 1.299 kr/kg
24% afsláttur
Dönsk grísa pörusteik
1.299 kr/kg
Verð áður 1.799 kr/kg
26% afsláttur
Lambahryggur lettreyktur
After eight 200 gr. fylgir frítt með
1.499 kr
Quality Street
Mackintosh's 1,2 kg
Fríbæt í jólaboðið
Coca Cola í gleri 12 stk. saman í pakka
Egils Malt og Appelsín er ómissandi um jólin
499 kr
Verð áður 699 kr
Jólaís
Kjöris jólaís 2 ltr.
99 kr
Verð áður 199 kr
Rósakál
299 kr/kg
Verð áður 479 kr/kg
Vínber rauð
Samkaup úrval

Falskt neyðarkall frá Bolafjalli

Landhelgisgæslan fékk í nótt fyrirspurn frá jarðstöð í Bodö í Noregi um hvort eitthvað óvanalegt væri á seyði eftir að ratsjárstöðin á Bolafjalli við Bolungarvík fór að senda út styrk á svokallaðri burðarbylgju. Gervihnöttur nam styrkinn frá Bolafjalli og sendi upplýsingarnar til Bodö. Að beiðni Gæslunnar voru menn sendir upp á Bolafjall til að kanna hvort ekki væri allt með felldu. Stöðin hafði þá farið að senda sjálfkrafa út styrk á tveimur tækjum sem þeir slökktu á. Þá var ljóst að ekki var um neyðarkall að ræða. Ratsjárstöðin á Bolafjalli er ekki lengur mönnuð og urðu því starfsmenn stöðvarinnar að fara á vélsleða upp á fjallið til að kanna málið.

Sækja um fjórar lóðir á Skeiði

Hjónin Halldór Antonsson og Dagný Þrastardóttir hafa sótt um fjórar lóðir fyrir atvinnuhúsnæði að Skeiði á Ísafirði, og hefur umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar lagt til við bæjarstjórn að umsókn þeirra um lóðirnar verði samþykktar með þeim skilmálum sem í gildi eru og settir kunna að verða. Lóðarúthlutunin falli úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist á lóðunum innan eins árs frá úthlutun þeirra.

Ritstjórnargrein

Við berum öll ábyrgð

Aðventan boðar komu jólanna. Nokkuð sem ætti að vera öllum Íslendingum tilhlökkunarefni. Svo er þó ekki. Hátíðin, sem fjöldinn notar til að gleðja ættingja og vini með góðum gjöfum og hlýjum óskum, veldur mörgum áhyggjum. Væntingarnar sem búið er að byggja upp í kringum jólin eru þeim ofviða. Fögnuðurinn sem vænta mátti að fylgdi jólunum snýst upp í vonleysi og kvíða. Öldum saman var fátækt almenn á Íslandi. Nú eru aðrir tímar. Þjóðin hefur skipað sér á bekk meðal ríkustu þjóða heims. Samt hefur okkur ekki tekist að afmá þennan smánarblett af samfélaginu, fátæktina.

Skömmu fyrir jólafrí þingmanna lagði forsætisráðherra fram skýrslu sem sýndi að á fimmta þúsund barna á Íslandi búi við fátækt. (Nokkuð stórt samfélag miðað við mörg bæjarfélög á landsbyggðinni.) Svo sem við var að búast greinir ráðamenn á um aðferðafræðina við skýrslugerðina og niðurstöður hennar. Sitt sýnist hverjum um hugtakið „fátækt“. Og kannski má það huggun kalla að sitthvað hafi færst til betri vegar síðan könnunin, sem skýrsla forsætisráðherra grundvallast á, var gerð. En hvað sem öllum orða- og talnaleikjum líður þá blasir við að með ári hverju eykst eftirspurn eftir aðstoð fyrir jólin hjá svokölluðum hjálparstofnunum. Fram hjá því verður ekki horft.

Kveðjuræða Kofi Annans er hann stóð upp úr stóli framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna var hörð ádrepa á samfélag þjóðanna. Í ræðunni gerði Kofi Annan að umtalsefni lærdóma sem hann hafði dregið af reynslu sinni sem framkvæmdastjóri samtakanna. Í því efni sagði hann meðal annars: „Við berum öll sameiginlega ábyrgð á öryggi hvers annars og við berum öll ábyrgð á velferð hvers annars. Við verðum að minnsta kosti að gefa meðbræðrum okkar tækifæri til að eignast hlut í velmegun okkar.“

Orð Kofi Annans hljóta að ýta við okkur. Jafn rík þjóð og Íslendingar eru, getur ekki látið það spyrjast út að mörg þúsund börn, öryrkjar og aldraðir, fái ekki notið hlutdeildar í þeirri velmegun sem þjóðin býr við. Að ekki sé minnst á „hópinn sem virðist vera týndur og enginn talar um, það eru börn frá heimilum þar sem allt er í upplausn út af eiturlyfjaneyslu og öðru,“ svo vitnað sé til orða framkvæmdastjóra Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur í Mbl.

Við berum öll ábyrgð. Látum ekki fátæktarumræðuna fyrir hver jól verða eins og söguna endalausu.

Bæjarins besta óskar lesendum sínum nær og fjær og landsmönnum öllum gleðilegra jóla.

s.h.

Á þessum degi fyrir 10 árum

Verður Túngötu lokað?

Nú standa yfir umræður hjá bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar um hvort loka eigi Túngötunni á Ísafirði. Íbúar við götuna hafa kvartað yfir mikilli og hraðri umferð og að þeirra ósk er uppi sú hugmynd að loka götunni fyrir almennri umferð. […]

Að sögn Önundar Jónssonar, yfirlögregluþjóns, er umferð um Túngötu mjög hröð miðað við hvað gatan er þröng. „Nýlega voru lögreglumenn við mælingar í götunni þegar jeppabifreið kom akandi úr Hnífsdal og inn í Túngötuna. Þrír krakkar voru að leika sér á ofanverðri gangstéttinni og á götunni var bíll stopp þannig að það var ekki pláss til jeppann að fara fram úr. Ökumaður jeppans gerði sér þá lítið fyrir, keyrði upp á gangstétt og flautaði á krakkana sem voru þar að leik og greinilega í vegi fyrir ökumanninum.“ Önundur segir að ýmsar hugmyndir hafi verið lagðar fram um hvernig mætti breyta götunni til að minnka umferðina. Ein hugmyndanna er sú að gera götuna að botngötuna og loka Króksbrekku. Túngatan yrði þá vistvæn gata þar sem íbúar götunnar væru þeir einu sem færu þar um.

Ánægðir íbúðareigendur við afhendinguna á föstudag.

Fyrstu íbúðirnar afhentar í Norðurtangahúsinu

Fyrstu fjórar íbúðirnar í eystra Norðurtangahúsinu við Sundstræti 36 voru afhentar á föstudag. Alls verða íbúðirnar 21 talsins, en breytingar hafa staðið yfir á húsinu síðastliðin misseri. Íbúðirnar verða mis stórar, allt frá litlum einstaklingsíbúðum upp í fjögurra herbergja íbúðir. Íbúðirnar fjórar sem afhentar voru á föstudag eru allar jafn stórar, eða rétt um 96 fermetrar. Sundstræti 36 var byggt upp af Hraðfrystihúsinu Norðurtanga hf. en hlaut úreldingu sem fiskvinnsluhúsnæði og komst þannig í eigu Þróunarsjóðs sjávarútvegsins árið 1997.

Síðan hefur húsið staðið ónotað og skipt nokkrum sinnum um eigendur. Núverandi eigendur keyptu húsið af Guðjóni Ármanni Jónssyni, lögmanni í Reykjavík, en sá hafði keypt húsið á nauðungaruppboði. Þess má geta að fyrir fáeinum árum festu athafnamenn á Ísafirði kaup á húsnæðinu Sundstræti 34, þar sem um árabil var m.a. beitningaraðstaða og fiskbúð á vegum Norðurtangans, og breyttu í íbúðir. Nú stendur einnig til að breyta Sundstræti 45, hinu efra Norðurtangahúsinu í íbúðir en þar hefur beituverksmiðjan Aðlöðun verið til húsa. *– eirikur@bb.is*

Guðni Geir Jóhannesson, eigandi hússins, afhendir Þórdísi Þorleifsdóttur lyklana að íbúð hennar.

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 · **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is* · **Blaðamenn:** Eiríkur Örn Norðdahl, símar 456 4694 og 845 2685 *eirikur@bb.is* – Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is – Anna Sigríður Ólafsdóttir, símar 456 4680 og 860 6062, annska@bb.is* · **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is* · **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 300 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. · **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. · ISSN 1670 - 021X

JÓLAGJAFIR
SPIL OG PÚSLUSPIL Í MIKLU ÚRVALI HJÁ OFFICE 1
PARTY & CO
FRÁBÆRT VERÐ
Aðeins 3.890.-
Elexikon
FRÁBÆRT VERÐ
Aðeins 1.495.-
Temptation
FRÁBÆRT VERÐ
Aðeins 1.495.-
Meistari völundarhúsins
FRÁBÆRT VERÐ
Aðeins 1.495.-
3 spil í einum
Aðeins 495.-
TICKET TO RIDE
FRÁBÆRT VERÐ
Aðeins 3.990.-
Rapidough
Aðeins 2.790.-
FRÁBÆRT VERÐ
Afgreiðslutímar
Office 1 Kringlu
Office 1 Superstore
3 FYRIR 2
KAUPAUKI

Högni og Kristrún

Íslensk jól í Alicante á Spáni

Hjónin Högni Þórðarson og Kristrún Guðmundsdóttir hafa vetursetu á Spáni þar sem þau eiga hús. Högni er fæddur og uppalinn á Ísafirði og bjó þar allan sinn starfsaldur. Var hann bankastjóri í Útvegsbankanum. Kristrún er úr Súgandafirði og kom til Ísafjarðar eftir að hún hafði lokið hjúkrunarfræðinámi. Hún var hjúkrunarforstjóri á sjúkrahúsinu á Ísafirði. Þau hafa komið vestur á hverju ári eftir að þau fluttu til Reykjavíkur um síðustu aldamót. Segir Högni að þau hafi ætíð nokkra heimþrá og geti ekki hugsað sér að koma til Íslands án þess að koma vestur. Þau hafa þó marga Vestfirðinga til að halda sér selskap í þorpinu sem þau búa í á Spáni, en þar búa m.a. Matthías Bjarnason fyrrum ráðherra, Sigurgeir Garðarsson og Auðunn Karlsson og eiginkonur þeirra. Og Vestfirðingunum þar ytra fer stöðugt fjölgandi. Bæjarins besta hafði samband við Högna til að fræðast um það hvernig jólahald þeirra hjóna fer fram á Spáni.

„Við keyptum hús á La Marina sem tilheyrir San Fulgencio á Miðjarðarhafsströnd Spánar árið 1997. Við höfum einu sinni verið hérna að sumarlagi en þetta er níundi veturinn. Það var Guðmundur sonur okkar sem fékk okkur til þess að kaupa með sér hús.

Högni situr við fartölvuna á Spáni. Með henni er, auk annarra tölvunota: Hlustað á Ríkisútvarpið og hlustað og horft á allt sem íslenskt útvarp og sjónvarp hefur uppá að bjóða. Morguninn byrjar oftast með því að kveikja á „gömlu gufunni“, en hátalarar frá tölvunni eru inni í stofu. BB og Mogginn lesinn daglega. Skype samband með vefmyndavél við ættingja og vini.

Raðhús Kristrúnar og Högna við Parque del Duero 57 í La Marina. Garðshornið á almenningsgarðinum hinum megin við götuna, sem þau hafa tekið í fóstur, planta þar blómum og runnum og vökva og halda við af mikilli natni. Það telst heldur til óþurftar á þessu svæði að hafa of mikinn gróður þétt við húsin, vegna óþrifa af skordýrum, svo þessi „garður“ er tilvalin málamiðlun.

La Marina er lítill bær sem hefur stækkað ört síðustu þrjú árin, en hér er gífurlega mikið byggt. Í bænum býr talsvert af Spánverjum en aðallega fólk frá Norðanverðri Evrópu. Mest er af Bretum, Þjóðverjum og fólki frá Norðurlöndum. Margt af þessu fólki býr hér allt árið og hefur þá selt eigur sínar í gamla landinu. Það sem dregur fólk hingað er sólskinið og veðráttan og síðan verðlagið á nauðsynjum sem er mun hagstæðara, a.m.k. ennþá, en norðar í álfunni. Hér hefur maður nefnilega efni á því að bjóða konunni út að borða annað slagið sem varla er hægt að leyfa sér á Íslandi.

Veðráttan við Miðjarðarhafið er yndisleg og á þessu svæði rignir lítið. Enskir nágrannar okkar segja okkur að það hafi ekkert rignt í allt sumar á meðan við hjónin vorum á Íslandi. Í haust hefur rignt talsvert mikið á Spáni og sums

STAKKUR SKRIFAR

Hátíð ljóss og friðar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Í menningu okkar Íslendinga skipa jólin mikilvægan sess. Kristni hefur verið trú megin þorra landsmanna í rúm þúsund ár. Í fyrstu áttu þegnar landsins lítið val, en síðar hafa flestir lifað sáttir við þá staðreynd að heyra til hinni evangelísku lútersku kirkju og áður rómversk kaþólsku kirkjunni. Í seinni tíð hafa heyrst fleiri og háværari raddir um að óeðlilegt sé að einni kirkjudeild sé gert hærra undir höfði en öðrum. Vissulega kann svo að vera, en þrátt fyrir vandræðagang Þjóðkirkjunnar af ýmsum toga sýnast áhangendur flestir sáttir við sinn hlut. Stjórn hennar á hins vegar mikið verk fyrir höndum næstu ár og áratugi svo hún haldi stöðu sinni.

Enginn hefur veitt almennilega skilgreiningu á fjölmenningarlegu samfélagi. Ef til vill er hún ekki til. En ljóst er stöðugur straumur fólks frá löndum með aðra menningu en þá sem við eigum að venjast, mun breyta ýmsu á Íslandi. Þeir sem fyrir eru munu sæta því að margt það er sjálfsagt telst verði ekki vel liðið af þeim sem hingað sækja. Lágmark verður að teljast að gera kröfur um að Íslenska verði mál íbúa Íslands. Vonandi skapast um það samstaða. Kröfur þess efnis munu koma fram að allt sem kann að teljast sérstaða þjóðkirkjunnar verði afnumið. Ásatrúarmenn hafa þegar gert athugasemdir. Áhangendur spámannsins Múhameðs skipa sér fyrr eða síðar í hóp með athugasemdafólkinu. Fleiri koma á eftir.

Enn teljast jól og jólahald þáttur í sameiginlegri menningu Íslendinga, þótt hópar sítji hjá af trúarlegu ástæðum. Þau eru tengd fæðingu Jesú Krists, sem færði fólki mikinn friðarboðskap, sem hverfur í skuggann af öllu amstri mannsins við að ná árangri í lífinu, verða stærri, meiri og ríkari. Ljóst er að sé lesið rétt í boðskapinn þá virðist sá gríðarlegi munur sem er á kjörum fólks í heiminum, ekki í fullu samræmi við kenninguna. Óskapleg fátækt margra ógnar mannkyni öllu. En því miður virðist boðskapur trúarbragða um jöfn kjör ekki ná til nema örfárra. Við Vesturlandabúar horfum til Afríku. Tugir milljóna fólks hafa orðið sjúkdómum að bráð. Koma hefði mátt í veg fyrir stórfellt mannfall af völdum alnæmis með fræðslu og fé. Í stað þess berast innfæddir á banaspjót.

Talað er um fátækt á Íslandi. Margir leggja hönd á plóginn til að bæta úr, þótt af misjöfnum hvötum sé. Jólin eru hátíð ljóss og friðar og öll ættum við að hugleiða hvort og hvernig við getum unnið í anda jólanna í okkar næsta umhverfi og líta víðar yfir sé til þess færi. Heimurinn þarf á friði að halda, en maðurinn virðist ófriðarseggur í eðli sínu. Þess vegna á boðskapur jólanna erindi til okkar allra, óháð trúarbrögðum og uppruna.

Lesendum er óskað gleðilegra jóla og friðar um hátíðir.

„Þegar jólin nálgast förum við strax að skreyta húsin okkar að innan sem og utan og tökum það ekki niður fyrr en á þrettándanum. Það finnst vinum okkar Bretunum skrítið tiltæki. Kristrún bakar smákökur og lagkökur eins og venja var heima. Við reynum að halda jólin eins íslensk og við getum.“

staðar orðið flóð og skemmdir. En á þessu svæði rigndi aðeins að einhverju marki í um það bil viku. Veðráttan er þægilegust á vorin og haustin, en veðrið á veturna er betra en besta sumarveður á Íslandi. Hitastigið er mun jafnara og það er ekki rok og því kólnar ekki. Sólarströndin okkar er frábær og loftið er tært þar sem engar verksmiðjur eru á svæðinu sem valda mengun.

Öll þjónusta er í góðu lagi. Bæði er til staðar heilsugæslustöð og einkarekin læknastöð. Það eru þrír stórmarkaðir í nágrenni við okkur og tvær stórar verslanir í útjaðri bæjarins. Auk þess er fjöldi smáverslana og veitingahúsum út um allt. Í bænum eru fjögur bankaútibú svoleiðis að við höfum góða þjónustu. Í næstu stóru nágrannabæjunum, Alicante, Elche og Torrivija, eru stórverslanir og sjúkrahús. Það tekur okkur klukkustund að aka til Benidorm í norðri og svipaðan tíma til Cartagena sem er stórborg í suðri.

Talsverður fjöldi Íslendinga býr í La Marina og í nágrannabyggðarlögunum og fer alltaf fjölgandi. Ekki er gott að átta sig á fjölda þeirra af því fólk er alltaf að koma og fara. Talsverðar umræður hafa átt sér stað að undanförnu á Íslandi um að nýbúar haldi hópinn og læri ekki nógu fljótt íslensku. Íslendingar hér halda mikið hópinn og svo að segja samlagast ekkert Spánverjum og enska er mest notað í samskiptum við aðra. Við hittumst á hverjum föstudegi á sundlaugarbarnum og ræðum þar saman yfir kaffibolla eða bjórglasi. Ragnheiður Karitas Pétursdóttir sóknarprestur frá Ingjaldssandi á Snæfellsnesi hefur staðið fyrir guðsþjónustum í norsku sjómannakirkjunni í Torrivieja og er útlit fyrir að svo verði framvegis vor og haust. Það hefur mælst vel fyrir og Íslendingar hafa fyllt kirkjuna. Síðasta messa var 15. Október. Venjulega er jólaglögg í desember og síðan er haldin árshátíð í febrúar.“

Eins íslensk jól og hægt er

„Þegar jólin nálgast förum við strax að skreyta húsin okkar að innan sem og utan og tökum það ekki niður fyrr en á þrettándanum. Það finnst vinum okkar Bretunum skrítið tiltæki. Kristrún bakar smákökur og lagkökur eins og venja var heima. Við reynum að halda jólin eins íslensk og við getum. Góðir vinir okkar hafa yfirleitt komið til okkar að borða kæsta skötu á Þorláksmessu sem er alltaf undanfari jólanna. Á aðfangadag og jóladag skiptumst við á við vini okkar að bjóða upp á jólamatinn. Yfirleitt borðum við kalkún eða grísasteik á aðfangadag en það er nóg af góðum mat hér á Spáni. Á jóladag borðum við hins vegar alltaf hangikjöt. Við horfum og hlustum á jólamessuna í sjónvarpinu. Við heyrum í ríkisútvarpinu daglega og sjáum það sem sýnt er í sjónvarpinu á netinu. Þannig að við fylgjumst vel með. Við hlýðum oftast á messu í útvarpinu á sunnudagsmorgnum.

Spænsk jól þekkjum við lítið enda höfum við ekki komið inn á heimili Spánverja um jól. Sjálfsagt halda þeir hefðbundin kaþólsk jól og halda til kirkju. Börnin fá jólapakkana sína ekki fyrr en á þrettándanum hér á Spáni þann 6. janúar. Sú hefð er rakin til þess að um það leyti hafi vitringarnir frá Austurlöndum gefið jólabarninu gjafir. Verslanir og umferðargötur eru skreyttar eins og heima.

Áramótin fara fram með svipuðu móti og jólin. Oftast erum við hjá vinum okkar Auðunni Karlssyni og Fríði frá Súðavík á gamlárskvöld. Við borðum þar og horfum á íslenskt sjónvarp. Þegar líður að miðnætti fær húsbóndinn mikla útrás við að skjóta upp flugeldum. Annars er allt mjög rólegt á nýársnótt.

Að liðnum vetri tökum við flugið heim til Íslands í birtuna að vori. Við biðjum fyrir góðar kveðjur til allra Ísfirðinga og nágranna og óskum þeim góðra jóla og farsældar á nýju ári. Með þökk fyrir gömlu góðu árin heima.“

– thelma@bb.is

Morgunmatur á veröndinni 8. september s.l. Á myndinni eru f.v: Högni, barnabarnið Þóroddur Sigurðsson, tengdadóttirin Una Þóra Magnúsdóttir og Kristrún.

Kristrún í eldhúsinu á La Marina.

Kristrún og Högni í stofunni á La Marina.

Kristrún og Högni við þarfasta þjóninn á Spáni.

Besta jólagjöfin í ár!

Og þá eru jólin alveg að koma! Bæjarins besta á Ísafirði bað mig af því tilefni að festa nokkrar línur á blað. Mig langar til að byrja á því að nota tækifærið og þakka Vestfirðingum góð kynni á undanförnum árum og frábærar mótttökur þegar ég hef komið vestur til námskeiðahalds eða í öðrum tilgangi. Frábært fólk á Vestfjörðum!

Þegar þú lest þessar línur lifa aðeins fáir dagar af aðventunni. Það hefur mikið gengið á að undanförnu í samfélaginu, rétt eins og venjuleg þegar jólahátíðin nálgast. Verslanir standa opnar langt fram eftir kvöldi, hús eru skreytt yst sem innst, við hlaupum búð úr búð í leit að jólapökkum, í skólum eru haldin litlu jól, í tónlistarskólunum er jólatónfundum að ljúka, á heimilum er hugað að jólamatnum, í kirkjunum eru haldin aðventukvöld og þannig mætti lengi telja. Sumir eru á þönum, aðrir taka lífinu meira með ró og enn aðrir reyna að njóta alls þess góða sem í boði er í menningu og listum. Desember er orðinn mikill listamánuður. Það skiptast á tónlistarhátíðir og bókmenntakynningar hverskonar og á ólíklegustu stöðum, allt frá hásölum kirknanna og inn í bílaverkstæðin. Kórar heimsækja dvalarheimili eldri borgara og sjúkrahús. Skólar og leikskólar fjölmenna í kirkjurnar í jólaheimsókn. Og öll viljum við fá hlutdeild í jólastemmningunni á einn eða annan hátt. Það er líka orðið árvisst og eins og hluti af jólaundirbúningnum að fjargviðrast út í jólahátíðina og alla þá gleði mannlífsins sem fer fram um þessar mundir. Ég held að það sé allt of mikið gert af slíku. Hugsaðu þér hvað desember mánuður væri nú kaldur og napur og dimmur og tómur ef ekki væru blessuð jólin? Hugsaðu þér hvað mannlífið væri grátt og guggið ef ekki væri jólaundirbúningurinn? Lokaðu augunum eitt augnarblik og gerður þér í hugarlund nóvember, desember og janúar án jóla. Jólahátíðin

lýsir upp svartasta skammdegið. „Sú þjóð sem í myrkri gengur sér mikið ljós," eins og stendur í bókinni hans Jesaja spámanns í Gamla Testamenntinu. Ég efast um að við myndum hreinlega lifa af biðina eftir blessuðu sumrinu ef ekki væru jólin.

Auðvitað er allt best í hófi. Jólahátíðin missir marks og jólaljósin dofna ef græðgin og stressið og áhyggjurnar taka völdin. Ofát og ofdrykkja og hverskonar óhóf eru ekki til þess fallin að búa okkur undir jólin. Besta jólagjöfin fæst ekki fyrir peninga. Hún verður ekki keypt út á krítarkort. Besta jólagjöfin er að eiga góða stund á jólum með þeim sem manni þykir vænt um, í kærleika og friði. Ef þú rifjar upp með sjálfum þér bestu jól æfi þinnar, tengist sú minning þá gjöfunum sem þú fékkst, fötunum sem þú klæddist eða matnum sem þú borðaðir? Nei ætli hún tengist ekki fyrst og fremst anda friðar og kærleika sem þú naust? Eða minningunni um mhyggju og vináttu þeirra er voru í kringum þig? Mörgum kann að reynast erfitt að gefa hvort öðru slíka gjöf, til þess liggja margar ástæður. En hvernig væri nú að setja sér það markmið að gefa slíka gjöf í ár? Þú gætur til dæmis sleppt áfenginu á þessum jólum ef það fer illa í þig. Og þú gætir einsett þér að búa fjölskyldunni þinni aðstæður friðar, kærleika og umhyggju á jólum með því að taka lífinu með ró og gefa af sjálfum þér bæði tíma, hlýju og ást.

Vittu til, þetta mun verða besta jólagjöfin sem þú nokkurn tíman hefur gefið.

Guð gefi þér og þínum gleðileg, friðsöm og kærleiksrík jól og farsælt komandi ár.

Sr. Þórhallur Heimisson.

„Skatan er eðalmatvæli sem ávallt er verkuð af hugsjón"

Félagar í Lionsklúbbi Ísafjarðar hafa undanfarna mánuði unnið að verkun hinnar sívinælu vestfirsku skötu sem margir eiga eflaust eftir að hafa á borðum á Þorláksmessu. Einnig er sífellt fleiri farnir að taka forskot á sæluna og bjóða til skötuveislu í snemma desember. Skata þeirra Lionsfélaga hefur verið seld um land allt, þó mest á Suður- og Norðurlandi, fyrir utan Vestfirði. Einn Lionsfélaginn, Kári Jóhannsson, segir mikið um að gamlir Vestfirðingar haldi skötuboð í öðrum landshlutum og hafi þeir þá gjarnan samband og óski eftir skötu.

„Við höfum verið að vinna allt sem við höfum komist yfir í ár og höfum ekki annað eftirspurn, því það hefur verið mikið um brælur og því erfitt að nálgast hráefnið," segir Kári. Lionsfélagar hafa verið að mæta til verkunarinnar eins og þeir geta, en hún hefur verði í gangi síðustu tvo mánuðina undir styrkri stjórn Sveins Guðbjartssonar.

Kári segir ekki erfitt að útskýra vinsældir vestfirsku skötunnar. Hann segir hana vera verkaða sem það eðalmatvæli sem hún er og ávallt verkaða af hugsjón. Hann segir jafnframt árganginn í ár vera mjög góðan og að menn hafi grátið vel yfir pottunum, svona til marks um styrkleikann. Kári segir síðasta holl hafa verið sérdeilis sterkt, þannig að mönnum var ekki í hús bjóðandi eftir að hafa staðið í verkuninni.

Félagar í Lionsklúbbi Ísafjarðar við skötuverkunina.

Lions hefur látið þá fjármuni sem safnast við skötusöluna renna til góðra mála, eins og í tækjakaup fyrir Fjórðungssjúkrahúsið og eitt og annað sem vantað hefur á leikskólana í sveitarfélaginu. Lionsklúbbur Ísafjarðar verður 50 ára í vor og stendur því til að halda veglegt afmæli þar sem jafnt gömlum og nýjum Lionsfélögum verður boðið til veislu þar sem rifjaðir verða upp gamlir tímar.

– annska@bb.is

Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir

Umhverfisráðuneytið gerir ekki athugasemdir við að leigusamningar verði tímabundið framlengdir við íbúa þeirra húsa sem enn er búið í við Dísarland í Bolungarvík, en búið er að gera tímabundna leigusamninga við íbúa að Dísarlandi 14 og Dísarlandi 2. Samkvæmt bréfi frá umhverfisráðuneytinu gilda ákvæði um rýmingu húsanna í lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Þar segir m.a. „Lögreglustjóri getur hvenær sem er, í samráði við almannavarnanefnd, ákveðið að rýma húsnæði vegna hættu á ofanflóðum, þótt hættuástandi hafi ekki verið lýst yfir“. Íbúum ber að fara eftir þessum ákvæðum.

Tölvuteikning af hinni nýju brú yfir Mjóafjörð í Ísafjarðardjúpi.

KNH og Vestfirskir verktakar buðu lægst

Fyrirtækin KNH ehf., og Vestfirskir verktakar ehf., á Ísafirði áttu lægsta tilboð í byggingu 14,5 km vegarkafla í Ísafjarðardjúpi, frá Rauðagarði á Reykjanesi að Hörtná vestan Mjóafjarðar, en tilboð í verkið voru opnuð í síðustu viku. Tilboð ísfirsku verktakanna hljóðaði upp á rúman milljarð króna. Innifalið í verkinu er m.a. gerð fyllingar yfir Mjóafjörð og Reykjafjörð, og bygging þriggja brúa. Byggð verður svipmikil 130 metra löng stálbogabrú sem mun teygja sig um 17 metra upp yfir brúargólfið. Önnur 60 metra löng bitabrú verður byggð yfir Reykjafjörð og 10 metra löng brú yfir Vatnsfjarðarós.

Eins og áður sagði buðu KNH og Vestfirskir verktakar lægst í verkið eða kr. 1.017.577.810.- m.kr. án frávika. Ístak hf., bauð kr. 1.050.605.601.-, Háfell ehf., bauð kr. 1.095.892.980 og Árni Helgason ehf., og Glaumur ehf., buðu sameiginlega kr. 1.184.715.570. Hagtak hf., og Articon buðu kr. 1.212.432.299.-, Klæðning ehf., bauð 1.280.000.000.- og Héraðsverk ehf., og Elektrovod buðu kr. 1.297.867.446.-, Eykt ehf., og Suðurverk hf., buðu kr. 1.344.278.583.- og Íslenskir Aðalverktakar buðu kr. 1.710.026.412. Áætlaður heildarkostnaður verkkaupa var kr. 1.217.043.881.

Þetta er með stærstu verkum sem boðin hafa verið út í vegagerð hérlendis. Tilboðsopnun fór fram bæði í Reykjavík og á Ísafirði og var sjónvarpað á milli staðanna. Þegar átta tilboð höfðu verið lesin upp í Reykjavík var Ístak hf., lægst og átti þá bara eftir að opna eina tilboðið sem skilað var inn á Ísafirði. Reyndist það á endanum vera lægst. Framkvæmdir hefjast í vetur og á þeim að ljúka innan tveggja ára. Menn ættu því að geta ekið um nýja veginn haustið 2008.

– annska@bb.is

Séð yfir Mjóafjörð. Fjörðurinn verður þveraður við eyjarnar tvær fremst á myndinni.

Á þriðja tug meta slegin á Metaregni Vestra

Sundfélagið Vestri hélt sundmót í Sundhöllinni á Ísafirði fyrir stuttu undir yfirskriftinni „Metaregn.“ Þar voru saman komnir sundmenn og konur Vestra og var tilgangurinn að slá nokkur gömul Ísafjarðar- og Vestfjarðamet sem mörg hver eru orðin yfir 25 ára gömul. Alls voru 26 met slegin og segir Benedikt Sigurðsson, yfirþjálfari Vestra, árangurinn vera góðan mælikvarða á það hversu vel krökkunum gengur. Hann segir innan þeirra raða vera sundmenn sem eru komnir með tærnar á þröskuldinn hjá unglingalandsliðinu.

Anna María Stefánsdóttir setti tvö Ísafjarðarmet og eitt Vestfjarðamet, Ingibjörg Kristjánsdóttir setti fimm Ísafjarðarmet og fjögur Vestfjarðamet, Elena Dís Víðisdóttir setti þrjú Ísafjarðarmet og tvö Vestfjarðamet, Ástrós Þóra Valsdóttir setti tvö Ísafjarðarmet og tvö Vestfjarðamet og Hilmar Adam Jóhannsson setti eitt Ísafjarðarmet og eitt Vestfjarðamet. Þá setti Aníta Björk Jóhannsdóttir tvö Ísafjarðarmet.

– annska@bb.is

Kviknaði í bíl

Eldur kom upp í fólksbifreið á hringtorginu á Ísafirði í síðustu viku. Vel gekk að ráða niðurlögum eldsins. Þegar slökkviliðið kom á staðinn hafði lögregla slökkt hann að mestu með aðstoð vegfarenda. Þó nokkrar skemmdir urðu á bifreiðinni og þurfti að draga hana í burtu.

Hjálmar R. Bárðarson við dráttarbátinn Magna í Reykjavíkurhöfn. Ljósm: Einar Falur Ingólfsson.

Litið yfir farinn veg

Hlynur Þór Magnússon bjó til prentunar úr handriti Hjálmars R. Bárðarsonar skipaverkfræðings og ljósmyndara frá Ísafirði og ritaði inngangsorð sem hér fylgja

Faðir minn var Bárður G. Tómasson, fæddur að Hjöllum í Skötufirði árið 1885. Hann var fyrsti skipaverkfræðingur Íslands og langt á undan sinni samtíð um margt. Hann vildi t.d. við heimkomuna til landsins að námi loknu hefja smíði stálskipa. Það kom hins vegar í minn hlut, mannsaldri síðar, að standa fyrir þeirri framkvæmd með smíði dráttarbátsins Magna og síðan fleiri stálskipa eftir teikningum mínum. Föðurafi minn var Tómas Tómasson bóndi og föðuramma mín Guðrún Bárðardóttir.

Móðir mín var Filippía Hjálmarsdóttir, fædd árið 1885 á Fremri-Bakka í Langadal við Djúp. Hún dó úr spönsku veikinni 20. nóvember 1918, sama árið og ég fæddist, og varð ég því móðurlaus aðeins liðlega fimm mánaða gamall. Móðuramma mín var Arndís María Sigurðardóttir og móðurafi minn Hjálmar Hafliðason.

Faðir minn hafði keypt timburhúsið Tangagötu 4 á Ísafirði, þar sem ég fæddist. Í viðbyggingu við húsið bjuggu móðurforeldrar mínir. Eftir að móðir mín dó var ég hjá afa mínum og ömmu þar til faðir minn giftist aftur Ágústu Þorsteinsdóttur stjúpmóður minni, þegar ég var fimm ára gamall.

Hjálmar afi minn var kunnur hagyrðingur og í bernsku sendi hann mér árlega afmælisvísur frá afa. Þegar ég varð eins árs gamall orti afi minnisstæðar afmælisvísur til mín, en fyrsta og síðasta erindið eru þannig:

Ár er horfið eitt að baki þér,
elsku vinur, stutt sú tíðin er.
Samt er böls þíns beiska hafin stund,
blessuð mamma hvílir hinsta blund.

Vertu öllum aumum líkn og skjól,
allt þín vermi og græði kærleikssól,
að hæsta marki miða ótrauður,
mætti ná því Hjálmar Rögnvaldur.

Þetta er eðlileg óskhyggja afa eftir að hafa misst unga dóttur sína.

Afasystir mín var Karítas Hafliðadóttir, sem bjó í Fjarðarstrætinu á Ísafirði, skammt frá Tangagötu. Hún stundaði þar kennslu barna í forskóla og hjá henni lærði ég fyrst lestur og skrift áður en almennur barnaskóli tók við. Karítas var fjölfróð og listræn. Hún hafði dvalist í Kaupmannahöfn við nám og hafði m.a. lært þar að búa til skrautblóm úr hárum og kenndi ýmsum þá list. Áður en hún hélt utan til náms var hún heitbundin ungum manni sem hét Rögnvaldur. Hann lést af slysförum og Karítas giftist aldrei en var stoð og stytta móður Rögnvaldar.

Að ósk Karítasar var ég skírður Rögnvaldur og lofaði ég henni á barnsaldri að rita ávallt nafn mitt með R. fyrir millinafnið.

Bernskuárin í Tangagötu

Margar góðar endurminningar á ég frá bernskuárum í Tangagötunni og næsta nágrenni. Einn nánasti leikbróðir minn á þessum árum var Hermann S. Björnsson, sem átti heima í húsinu Bjarnarborg við enda Tangagötunnar. Björn faðir Hermanns var verkstjóri við fiskvinnslu. Annar leikbróðir minn var Birgir Finnsson, sem átti heima í húsi á milli Bjarnaborgar og Tangagötu 4.

Faðir Birgis var Finnur Jónsson, sem þá var póstmeistari á Ísafirði en síðar framkvæmdastjóri, alþingismaður og ráðherra. Á milli þessara húsa var smáhæðarhryggur, og er líklega enn, sem við nefndum Hólinn. Þar var sleðabrekka okkar strákanna, þótt ekki væri hún há. Við renndum okkur af hólnum á veturna á sleðum eða skíðum niður á Tangagötuna, enda voru þá ekki margir bílar á götunni.

Ýmsar aðrar verklegar framkvæmdir við Tangagötuna eru mér minnisstæðar. Í horninu á girðingu við Bjarnarborg smíðuðum við Hermann smákofa úr kassafjölum. Við töldum fráleitt annað en að setja hurð á kofann, en þá vantaði okkur lamir. Ekki áttum við þess kost að fjármagna kaup á járnlömum, en saman gengum við á fund Þorbjarnar Tómassonar skósmiðs, föðurbróður míns, til að sníkja hjá honum tvær leðurpjötlur til að negla á kofann og hurðarhlerann og nota sem lamir. Þorbjörn tók málaleitan okkar vel og við negldum leðurpjötlurnar á hurðina og kofann að utanverðu. Ekki vorum við þó alls kostar ánægðir með lamirnar, því að hurðin seig að sjálfsögðu niður og ekki gekk vel að loka. Þá hugkvæmdist okkur gott ráð: Að sníkja tvær leðurpjötlur til hjá Þorbirni og negla þær á hurðina að innanverðu. Þorbjörn tók okkur vel, en útskýrði fyrir okkur, að ef við negldum líka leðurpjötlur að innanverðu, þá gætum við ekki opnað hurðina! Við fórum því frá honum án leðurbúta, en reynslunni ríkari.

Skipabraut Ísafjarðar, skipasmíðastöð föður míns, var á Torfnesi, þar sem nú er menntaskóli og aðalakvegurinn inn í fjörð. Við slippinn á Torfnesi var róðrarprammi notaður við setninga í skipabrautinni. Þessi prammi var breiður og stöðugur. Við smástrákarnir fengum prammann stundum lánaðan til að róa á um Pollinn, enda var hann svo stöðugur að varla hefði verið mögulegt fyrir okkur að hvolfa honum. Þarna æfðum við okkur í að róa og að „rikka“, eins og það var kallað, þegar einni ár var beitt í skut prammans til að koma honum áfram.

Hús skipaverkfræðinganna

Í desember 1930 fluttum við úr Tangagötu í nýtt hús að Túngötu 1, sem faðir minn hafði þá látið byggja við suðurenda nýrrar götu. Áður höfðu flest vönduð íbúðarhús staðið niðri á eyrinni, en eftir það var skipulagt verulega mikið íbúðahúsahverfi í hlíðinni upp frá eyrinni.

Á Ísafirði starfaði Bárður Guðmundsson bókbindari að iðn sinni, en hann og faðir minn voru systrasynir og náin tengsl milli fjölskyldnanna. Börn Bárðar bókbindara og konu hans voru Guðmundur, Kristín og Guðrún. Þegar við vorum í heimsókn hjá þeim

var það oft, að á meðan fullorðna fólkið sat við kaffiborðið fengum við Guðmundur að leika okkur í bókbandsstofunni. Þar bjó ég til smáar vasabækur úr bókbandsefni, og á ég þær sumar ennþá með ýmsum frásögnum, líkt og dagbækur frá árunum kringum 1930.

Þegar eiginkona Bárðar Guðmundssonar dó flutti Kristín dóttir þeirra hjóna til okkar í Túngötu 1 og ólst síðan upp sem fóstursystir mín. Kristín giftist síðar Hafsteini O. Hannessyni og bjuggu þau mörg ár í Túngötu 1. Sonur þeirra er Bárður Hafsteinsson, sem fetaði í fótspor okkar feðga. Þannig má segja, að þrír ættliðir skipaverkfræðinga eigi rætur sínar í Túngötu 1 á Ísafirði.

Bárður G. Tómasson, skipaverkfræðingur að ljóskopíera skipateikningar í sólskini framan við tröppurnar að Túngötu 1 á Ísafirði.

Sundnámskeið í Reykjanesi

Sumurin 1930-32 var ég á tveggja vikna sundnámskeiðum í Reykjanesi, innst í Ísafjarðardjúpi. Á þessum árum skrifaði ég annað slagið dagbók og eru þær sumar býsna fróðlegar aflestrar um atburði og athafnir þessara bernskuára.

Fyrstu sundnámsferðina inn í Reykjanes fóru ísfirsku börnin og foreldrar þeirra með togaranum Hávarði Ísfirðingi. Meðferðis var skrínukostur til dvalarinnar en mjólk var sótt daglega á árabáti í bæ handan fjarðar. Þetta fyrsta ár var gist í frumstæðum húsakynnum við gamla sundlaug innar á nesinu, með hlöðnum veggjum úr torfi og grjóti, en núverandi sundlaug var þá komin í notkun. Síðari árin var komið svefnhús með sérálmum fyrir pilta og stúlkur nálægt steyptu sundlauginni og þá var sameiginlegur matur fyrir námsmenn á sundnámskeiðunum.

Þriðja förin á sundnámskeið í Reykjanesi var farin 17. júlí 1932 og var ég þar þá í tvær vikur. Þar synti ég þá svokallað þolsund í lauginni í tæpa 6 tíma, alls 10 km leið, sem var lengsta þolsund sem þá hafði verið synt í Reykjanesi. Eftir þessi þrjú sumarnámskeið í sundi í Reykjanesi hef ég ekki tekið þátt í neinni sundkeppni.

Skátastarfið á Ísafirði

Á árunum upp úr 1930 var ég mjög virkur í starfi skátafélagsins Einherja á Ísafirði. Þá var Gunnar Andrew leikfimiskennari skátaforingi á Ísafirði og mjög virkur leiðtogi ungra manna í öllu skátastarfi. Innarlega í Tungudal átti skátafélagið hús, sem nefnt var Valhöll og mikið notað til dvalar í útilegum, enda var húsið þá talið langan veg utan alfaraleiðar. Nú er öldin önnur, því framhjá því liggur nú aðalþjóðvegurinn upp í Vestfjarðagöngin.

Í dagbók mína frá árinu 1930 hef ég skrifað:

„... var varla stigið af skíðum fyrr en um kvöldið. Þá var haldið nýliðapróf í Valhöll, og gengum við 5 undir próf. Þar fékk ég 8 en hæst var 10. Eftir margar sögur sváfum við og logaði eldur í arni alla nóttina. Daginn eftir var vígslan: Vígslan fór fram í gljúfrum Þverár er fellur í Tunguá framarlega og all-hátt uppi í fjalli, milli hrikalegra skafla, er lágu að ánni beggja vegna. Framkvæmdi deildarforingi vígsluna. Var fyrst sungið „Í vetrar vonskubyl“ en á eftir hrópað sveitarhrópið og loks sungið „Frjálst er í fjallasal“. Við fórum heim aftur um kvöldið, en nokkrir urðu eftir lengur.“

Skátastarfið var mjög fjölbreytt á Ísafirði á þessum árum. Mikið var um gönguferðir um fjöll og dali og tjaldútilegur. Eitt sumar kom hópur norskra skáta í heimsókn. Við ísfirsku skátarnir fórum með þeim í útilegu í Kaldalóni og gengum þaðan á Drangajökul. Á þessum ferðum með skátunum tók ég mikið af ljósmyndum, en líka í sérstökum ljósmyndaferðum og þá einkum með Haraldi Ólafssyni, sem var líka í skátafélaginu og sömuleiðis mikill áhugamaður um ljósmyndun.

Fyrsta ferðin til útlanda

Það var sumarið 1937, að

Bárður G. Tómasson og Ágústa Þorsteinsdóttir, síðari kona hans og Hjálmar R. Bárðarson.

Skipaverkfræðingurinn, embættismaðurinn og ljósmyndarinn Hjálmar R. Bárðarson

Hjálmar R. Bárðarson skipaverkfræðingur frá Ísafirði og fyrrum siglingamálastjóri verður að teljast einn af merkustu embættismönnum okkar Íslendinga. Á meira en fjörutíu ára starfsferli markaði hann djúp og örugg spor, bæði hérlendis og á alþjóðavettvangi, ekki síst í öryggismálum sjófarenda.

Á allt öðru sviði hefur Hjálmar einnig markað spor sem seint munu veðrast: Hann hefur stundað ljósmyndun í nærri þrjá aldarfjórðunga og hafa á þeim vettvangi komið frá hans hendi mörg stórvirki í máli og myndum. Þar á meðal eru bækurnar Ísland, svipur lands og þjóðar, Fuglar Íslands, Hvítá frá upptökum til ósa, Vestfirðir í máli og myndum, Íslenskt grjót, Íslenskur gróður og Ljós og skuggar í máli og myndum. Einnig myndabók um Ísland á sex tungumálum, sem fyrst kom út árið 1953, og önnur á jafnmörgum tungumálum sem fyrst kom út 1965. Flestar hinna bókanna hafa einnig verið gefnar út á ýmsum tungumálum og verið prentaðar aftur og aftur.

Ljósmyndir Hjálmars R. Bárðarsonar eru verðmætar á tvo vegu sem oft fara ekki saman: Sem heimildamyndir um liðna tíma og sem ljósmyndalist.

Hvað menntun og ævistarf varðar fetaði Hjálmar í spor föður síns, Bárðar G. Tómassonar frá Hjöllum í Skötufirði við Ísafjarðardjúp, sem var fyrsti íslenski skipaverkfræðingurinn. Bárður rak á sínum tíma skipasmíðastöð á Torfnesi á Ísafirði, nokkurn veginn þar sem Menntaskólinn á Ísafirði stendur nú. Þeir feðgar báðir eru einhverjir helstu brautryðjendur á sviði skipahönnunar og skipasmíði hérlendis.

Hjálmar R. Bárðarson var mikill ferðagarpur. Fræg er gönguferð hans um Jökulfirði og Hornstrandir sumarið 1939, þar sem hann tók fjölda ljósmynda sem nú eru ómetanlegar sögulegar heimildir, enda voru þá enn blómlegar byggðir á þeim slóðum. Hann tók þar jöfnum höndum myndir af landslagi, sveitabæjum og fólki. Núna kveðst hann eflaust hafa tekið enn meira af mannlífsmyndum hefði hann gert sér grein fyrir því að þetta svæði færi fljótlega í eyði.

Hjálmar R. Bárðarson. Ljósm: Einar Falur Ingólfsson.

Í ferð þessari fór Hjálmar með báti til Grunnavíkur og gekk síðan yfir í Aðalvík og þaðan um Hornstrandir og Strandir og allt suður í Steingrímsfjörð. Þaðan gekk hann yfir Steingrímsfjarðarheiði að Djúpi og kom aftur heim til Ísafjarðar með Djúpbátnum frá Arngerðareyri. Fjöldi mynda úr þessari merkilegu ljósmyndaferð er í stórvirkinu Vestfirðir í máli og myndum (fyrsta útgáfa 1993), auk ótalmargra nýrri mynda, enda eru Vestfirðir Hjálmari kærir og ófáar eru ljósmyndaferðir hans um þær slóðir á langri ævi.

Núna er Hjálmar kominn fast að níræðu, fæddur 8.júní 1918. Þeim minningabrotum hans sem hér birtast lýkur um það leyti þegar eiginlegur starfsferill hans hefst. Árið 1954 var hann skipaður í stöðu skipaskoðunarstjóra og skipaskráningarstjóra. Þarna var í rauninni um að ræða forstöðu tveggja ríkisstofnana sem heyrðu sín undir hvort ráðuneytið. Gerðar voru skipulagsbreytingar í þessum efnum árið 1970 þegar Siglingamálastofnun var komið á fót og gegndi Hjálmar síðan stöðu siglingamálastjóra allt til 1985 þegar hann lét af störfum sakir aldurs.

Í tengslum við störf sín á þessum vettvangi gegndi Hjálmar mörgum trúnaðarstörfum í alþjóðasamstarfi og hlaut margvíslegan heiður. Þannig sat hann öll þing Alþjóða siglingamálastofnunarinnar (IMO) frá stofnun hennar árið 1959 og til starfsloka. Hann gegndi þar margvíslegum trúnaðarstörfum, var m.a. formaður í helstu nefndum stofnunarinnar og forseti hennar um skeið. Ekki síst lét hann öryggismál og mengunarvarnir mjög til sín taka. Árið 1983 fékk hann Alþjóða siglingamálaverðlaunin fyrir störf að öryggismálum sjófarenda og vörnum gegn mengun sjávar. Hérlendis fékk hann bæði Hina íslensku fálkaorðu og stórriddarakross hennar.

Hjálmar R. Bárðarson tekur við International Maritime Prize úr hendi hr. Srivastava framkvæmdastjóri í aðalstöðvum IMO í London fyrir árið 1983.

við þrír skátar frá Ísafirði, Hafsteinn O. Hannesson, Sveinn Elíasson og ég, fórum á alheimsskátamót (Jamboree) í Hollandi ásamt hópi annarra íslenskra skáta. Það var fyrsta för mín til útlanda. Við fórum með skipi frá Reykjavík til Bergen, þaðan með járnbraut til Oslóar og svo með norsku skátunum til Jótlands og suður til Hollands með járnbraut. Að loknu skátamótinu fórum við íslensku skátarnir til Parísar á heimssýninguna þar, svo með járnbraut til Kaupmannahafnar og þaðan með skipi til Íslands.

Í Kaupmannahöfn heimsótti ég Henry Sørensen skipaverkfræðing og fjölskyldu hans, en hann var góðvinur föður míns. Þeir höfðu báðir verið starfandi sem skipaverkfræðingar á breskri flotaskipasmíðastöð í Sunderland í fyrri hluta heimsstyrjaldarinnar 1914-1918. Þar bjuggu þeir í sama húsi og fóru þaðan samskipa til Danmerkur í apríl 1916. Frá þessu er sagt nánar í grein um nám föður míns og störf erlendis í Ársriti Sögufélags Ísfirðinga 1992. Árið 1937 hitti ég því í Kaupmannahöfn í fyrsta skipti Else, dóttur vinar föður míns. Við skrifuðumst á eftir heimkomu mína og hún varð síðar eiginkona mín.

Kajakhönnun og kajakróður

Á unglingsárum mínum voru margir Ísfirðingar sem smíðuðu sér kajaka og reru á þeim innanfjarða. Til að auðvelda mönnum að smíða sér kajak fór ég út í það árið 1935 að teikna kajaka, bæði línuteikningar og smíðateikningar, svo og teikningu af kajakár.

Kajak var þannig fyrsta skipið sem ég teiknaði. Ég hafði reyndar erlendar teikningar að styðjast við, en þær tvær gerðir sem ég teiknaði voru breiðari og stöðugri og með lítilli lestarlúgu fyrir farangur, þannig að þeir hentuðu til róðraferða og útivistar ekki síður en til kappróðra. Þessar kajakteikningar mínar ásamt smíðalýsingum kostuðu að mig minnir 5 krónur og margir kajakar voru smíðaðir eftir þeim víða um land. Eftirspurn eftir þessum teikningum var mikil og eftir að ég fór til náms í Danmörku árið 1940 seldi faðir minn þessar teikningar.

Það var mikill áhugi á kajakróðri á Ísafirði, en mest var róið innanfjarðar. Árið 1935 fórum við Gunnlaugur Pálsson, Halldór Magnússon og ég þó í ævintýraferð inn í Reykjanes við Djúp.

Við vorum að leika okkur í yndislegu veðri í mynni Skutulsfjarðar. Við undirbjuggum okkur ekki sérstaklega né heldur létum við vita heima hvert við ætluðum, rerum bara sem leið liggur fyrir Arnarnes og áleiðis inn Djúp. Við fylgdum landinu, nema hvað við fórum þvert yfir firðina. Allt var kyrrt, ekki gára nema eftir okkur. Nokkrir selir urðu forvitnir og við blístruðum lag fyrir þá. Það kunnu þeir að meta og fylgdu okkur langleiðina inn eftir Djúpinu. Árla næsta dags fórum við í land í Borgarey, drógum kajakana á land og svófum í nokkra tíma. Síðan rerum við áfram inn í Reykjanes, syntum í lauginni, borðuðum og hvíldum okkur, og fórum svo síðdegis með Djúpbátnum heim.

Frá þessari ferð var sagt í Ársriti Sögufélags Ísfirðinga 1988-1989. Sú frásögn er eins og þjóðsaga, sagt að við hefðum lent í hinu versta veðri og verið þrjá daga á leiðinni. En það var nú eitthvað annað. Indælisveður alla leiðina, hásumar, blæjalogn og miðnætursól. Þá er fagurt í Djúpinu. Ég birti síðan frásögn af ferðinni í Ársritinu 1990-1991 til að leiðrétta þessa fyrri frásögn, ásamt myndum af okkur „köppunum“ léttklæddum í blíðunni.

Skólanám nyrðra og syðra

Svo hófst námið í menntaskóla. Ég fór úr 3. bekk í Gagnfræðaskólanum á Ísafirði um miðjan vetur og settist í 2. bekk Menntaskólans á Akureyri. Gagnfræðaskólinn á Ísafirði veitti ekki réttindi til að fara í menntaskóla. Ég tók svo gagnfræðapróf á Akureyri vorið 1936. Þar var þá tæplega farið að kenna stærðfræði til stúdentsprófs. Þess vegna fór ég í 4. bekk í Menntaskólanum í Reykjavík og tók þaðan stúdentspróf vorið 1939.

Ég sagði þó ekki skilið við Ísafjörð árið 1935. Ég var alltaf að vinna á sumrin við tréskipasmíði sem iðnnemi í skipasmíðastöð föður míns meðan ég var í menntaskóla. Flestar helgar á sumrin var ég í ferðalögum í nágrenni Ísafjarðar, mest með skátafélaginu.

Þegar ég hafði lokið stúdentsprófi vorið 1939 voru erfiðir tímar fjárhagslega á Íslandi. Ég hafði hug á að fara í tækninám í háskóla erlendis, en til þess þurfti að sækja um og fá sérstaka námsheimild og að fá heimild til yfirfærslu á gjaldeyri fyrir námskostnaði. Námslán voru þá óþekkt, en þótt faðir minn vildi og taldi sig geta greitt námskostnað minn, þá var talið illmögulegt að fá gjaldeyrisleyfi til náms erlendis. Námsmöguleikar voru því í biðstöðu og ég fór heim til Ísafjarðar og vann við tréskipasmíðar hjá föður mínum meðan beðið var svars frá gjaldeyrisyfirvöldum.

Gönguferðin um Hornstrandir 1939

Meðan enn var óvíst hvort gjaldeyrir fengist til náms erlendis var ákveðið að ég færi í sumarfrí, en mig hafði lengi langað til að fara í gönguferð um Jökulfirði og Hornstrandir. Við Hermann S. Björnsson, bernskuvinur minn og leikfélagi, lögðum af stað í þessa ferð í júlí 1939 með Djúpbátnum til Grunnavíkur í Jökulfjörðum. Við gengum um Jökulfirðina til Hesteyrar og þaðan til Aðalvíkur. Þar í Miðvík meiddi Hermann sig á fæti og varð að hætta við. Hann var reiddur þaðan til Hesteyrar og fór á báti til Ísafjarðar en ég hélt síðan áfram einn.

Fyrst bar ég allan sameiginlega farangurinn á bakinu, en á Hornbjargsvita gafst ég upp á að bera tjaldið og skildi það eftir. Eftir það svaf ég úti í svefnpokanum, nema þar sem enn var þá hægt að gista innandyra á byggðu bóli.

Í þessari ferð tók ég mikið af ljósmyndum, bæði af landslagi, bæjum og fólki, en ef ég hefði gert mér grein fyrir að þetta svæði myndi fljótlega fara í eyði hefði ég eflaust tekið mun meira af mannamyndum.

Eftir heimkomuna skrifaði ég myndskreytta ferðasögu. Mikið af þessum myndum hef ég síðar birt í bókum mínum, einkanlega í bók minni Vestfirðir. Úr þessari ferð kom ég heim aftur 19. júlí með Djúpbátnum frá Arngerðareyri, eftir að hafa gengið allar Strandirnar til Steingrímsfjarðar og síðan yfir Steingrímsfjarðarheiði að Ísafjarðardjúpi.

Hugurinn stóð til flugmála

Síðsumars 1939 tókst loks að fá gjaldeyrisleyfi til greiðslu á dvalarkostnaði til náms erlendis í sex mánuði, en engin vissa var um gjaldeyri til lengra náms. Að sjálfsögðu var útilokað að hefja háskólanám erlendis án þess að hafa leyfi til lengri námstíma en hálft ár.

Ég hafði mikinn áhuga á flugi og hafði starfað í Svifflugfélaginu í Reykjavík og á Sandskeiði meðan ég var við nám í Menntaskólanum. Við stúdentspróf 1939 skrifaði ég ritgerð, Flugmál Íslands, sem ég fékk Gullpennasjóðsverðlaun fyrir og síðan kom út í bók.

Upphaflega hafði ég hugsað mér að nema flugvélaverkfræði í Þýskalandi. Til að nýta þetta sex mánaða gjaldeyrisleyfi til námsdvalar erlendis varð það niðurstaðan að ég færi til Kaupmannahafnar, þar sem Henry Sørensen skipaverkfræðingur, vinur föður míns, hafði fengið aðgang fyrir mig til sex mánaða námsdvalar við flugvélasmíði við dönsku flotaskipasmíðastöðina Orlogsværftet. Þessi námstími án launa var hugsaður sem upphaf náms í flugvélaverkfræði.

En 1. september 1939 hófst heimsstyrjöldin og algjör óvissa var þá um hvaða möguleikar yrðu til slíks verkfræðináms erlendis. Ákváðum við faðir minn og ég að rétt væri þó að nýta þetta gjaldeyrisleyfi til sex mánaða verklegs náms og sjá hvernig mál þróuðust eftir það.

Við flugvélasmíði í Danmörku

Til Danmerkur fór ég með gamla Gullfossi í febrúar 1940. Við vorum 20 daga á leiðinni. Fyrst fórum við til eftirlits í Kirkwall á Bretlandi, svo yfir til Bergen og síðan með suðurströnd Noregs. Við Kullen í Svíþjóð sat skipið fast í samfrosnum ís í tíu daga. Farþegar og áhöfn fóru í gönguferðir á ísnum sér til hressingar. Ég tók ljósmyndir og sagði frá þessu í bók minni um fyrsta stálskip, sem smíðað var á Íslandi. Á meðan við vorum fastir í ísnum gerði ég líka teikningu af reyksal skipsins.

Loksins eftir 10 daga í ísnum við Kullen komst gamli Gullfoss með aðstoð tveggja danskra ísbrjóta til Kaupmannahafnar. Þegar í land kom fór ég með allan minn farangur heim til fjölskyldu Henry Sørensen á Paduavej 22 úti á Amager. Þar var mér alúðlega tekið og fljótlega fékk ég leigt herbergi að Italiensvej 14, ekki langt frá Paduavej. Þar bjó ég öll stríðsárin en borðaði og átti mitt annað heimili hjá Sørensenfjölskyldunni.

Strax næstu daga hóf ég svo störf við flugvélasmíði á Orlogsværftet. Þar var þá unnið við að smíða tíu árásar- og sprengjuflugvélar fyrir danska flotann. Bolurinn og vængirnir voru gerðir úr álplötum sem voru formaðar og hnoðaðar saman. Aflvélarnar voru breskar af gerðinni Rolls-Royce. Það var mjög áhugavert og fróðlegt fyrir mig að kynnast nýrri verktækni og allir samstarfsmenn voru mér sérlega vinsamlegir. Ég hjóladi hvern dag fram og aftur að morgni og síðdegis, borðaði smurt

Frá kajak-róðrakeppni á Pollinum á Ísafirði, líklega sumarið 1935. Ljósm: Haraldur Ólafsson.

Þeir feðgar, Bárður G. Tómasson og Hjálmar R. Bárðarson hittust í Kaupmannahöfn árið 1946, en vegna heimsstyrjaldarinnar höfðu þeir ekki sést í 5 ár, þar eð Danmörk var hernumin af Þjóðverjum og Ísland af Bretum og Bandaríkjamönnum.

brauð í mötuneytinu um hádegið en heitan kvöldverð með fjölskyldunni að kvöldi. Um helgar fórum við Else Sørensen oft saman í hjólreiðaferðir víðs vegar um Sjáland og gistum á farfuglaheimilum. Else vann skrifstofustörf á skattstofu Kaupmannahafnar og fór í strætisvagni til og frá vinnu.

Þjóðverjar hernema Danmörku

Þannig liðu febrúar, mars og apríl, þar til 9. apríl 1940, þegar Þjóðverjar hernámu Danmörku. Um nóttina vaknaði ég sem aðrir við mikinn flugvélagný yfir Kaupmannahöfn og brátt fréttist hvað var að ske. Þýskar herflutningaflugvélar lentu á Kastrupflugvelli og í höfnum landsins voru komin vöruflutningaskip, sem litu út sem kolaskip en voru hlaðin þýskum hersveitum neðan þilja. Yfir landamæri Danmerkur og Þýskalands á Jótlandi streymdu þýskar hersveitir með þungavopn. Danskar hersveitir börðust vonlausri baráttu af hörku og mannfall var mikið. Tilgangslaust var að fórna fleiri mannslífum, því að þýskir hermenn voru komnir inn í landið með skipum og flugvélum.

Strax um morguninn hjólaði ég eins og venjulega inn á vinnustað minn á Orlogsværftet og var þar þegar Þjóðverjar hertóku skipasmíðastöðina. Ekkert var þó unnið við flugvélasmíðina þann dag, né heldur síðar. Í staðinn var okkur falið að taka í sundur stykki fyrir stykki Rolls-Royce flugvélamótorana, smyrja öll stykkin og pakka saman í kassa, þannig að vélarnar kæmu Þjóðverjum ekki að gagni. Ég hélt áfram við það verkefni fyrst í stað.

Verkfræðinám í hersetnu landi

En hvað tók nú við? Eins og kunnugt er, þá rofnaði póst- og símasamband milli Danmerkur og Íslands eftir hernám Þjóðverja. Mánuði síðar eða 10. maí 1940 settu Bretar her á land á Íslandi. Þá var ákveðið, að íslenskir námsmenn sem enn voru í Danmörku fengju yfirfærðar greiðslur frá Íslandi á þann hátt, að íslenska sendiráðið í Kaupmannahöfn greiddi þeim mánaðarlega hæfilega upphæð fyrir náms- og dvalarkostnaði, gegn því að aðstandendur greiddu sömu upphæðir inn á reikning á Íslandi.

Í samráði við íslenska sendiráðið fól ég því að sækja fyrir mig um inngöngu í verkfræðiháskólann í Kaupmannahöfn, enda hafði ég stúdentsprófsskírteini frá MR úr stærðfræðideild. Ég fékk jákvætt svar um aðgang og hóf þar nám haustið 1940.

Hernámsárin í Danmörku urðu minnisstæð lífsreynsla, atburðir sem aldrei gleymast. Í upphafi gekk háskólanámið þó að mestu leyti án verulegra árekstra en þegar frá leið færðist meiri harka í hernámið. Margir kennarar og stúdentar voru virkir í andspyrnuhreyfingunni. Hætta á handtöku vofði því alltaf yfir. Til að Þjóðverjar gætu ekki handtekið verulegan fjölda stúdenta samtímis voru fyrirlestrar haldnir „neðanjarðar“, þ.e. á ýmsum leynilegum stöðum víða um borgina, og ekki var vitað um næsta kennslustað fyrr en í lok hvers fyrirlestrar. Þannig voru aldrei eins margir stúdentar og kennarar staddir í háskólanum samtímis og ella hefði verið.

Námið gekk þó nokkurn veginn sinn gang. Í fyrri hluta þess eru aðallega grunnnámsgreinar eins og stærðfræði, efnafræði, eðlisfræði, statík, dynamík og teikningar. Í seinni hluta valdi ég skipaverkfræði sem aðalnámsgrein ásamt skipavélfræði og einnig upphitun og loftræstingu, en flugvélaverkfræði sem aukanámsgrein. Verklega þjálfun í skipasmíðagreinum fékk ég á Orlogsværftet og starfaði þar við rafsuðu, rennismíði, á bandalofti og í járn- og málmsteypu.

Eftir að Þjóðverjar gáfust upp í Danmörku 4. maí 1945 gat námið haldið áfram með eðlilegum hætti í háskólanum. Þann dag opnaðist símasamband tímabundið við Svíþjóð og þaðan hringdi faðir minn til mín til Danmerkur. Hann hafði þá verið í Svíþjóð í nokkurn tíma, en ekki þorað að hafa samband við mig vegna hættu á að það gæti valdið mér erfiðleikum vegna hernáms Þjóðverja. Faðir minn hafði þá teiknað tréfiskiskip á vegum atvinnumálaráðuneytisins en samið hafði verið um smíði skipanna í Svíþjóð. Í stríðinu flaug hann á vegum ráðuneytisins með herflugvélum til Englands og þaðan til Svíþjóðar til að aðstoða við samninga og hafa eftirlit með smíðinni.

Þegar hægt var að ferðast til Svíþjóðar fórum við Else í heimsókn til föður míns í Gautaborg. Síðar heimsótti hann mig og fjölskyldu Henry Sørensen góðvinar síns í Kaupmannahöfn.

Lokapróf og brúðkaupsferð

Sem lokaprófverkefni í skipaverkfræði var mér úthlutað hönnun á togara. Sumarið 1946 hafði ég ákveðið að fara til Íslands og komast eina veiðiferð á togara til að kynna mér togveiðar í reynd. Samtímis vildi ég reyna að gera athugun á hreyfingum slíkra skipa í sjó. Ég fór eina veiðiferð með togaranum Þórólfi, sem var einn af eldri gerð íslenskra togara.

Þessi Íslandsferð var reyndar líka brúðkaupsferð, þótt ég skildi konuna eftir í landi á meðan ég var í veiðiferðinni. Við Else vorum gefin saman í Holmens Kirke í Kaupmannahöfn 16. júní 1946.

Eftir heimkomuna til Kaupmannahafnar tók við sleitulaus vinna við lokaverkefnið í skipaverkfræði. Í janúarmánuði 1947 útskrifuðumst við svo 11 skipaverkfræðingar frá Tækniháskólanum og hópurinn dreifðist til starfa.

Ég var svo heppinn að mér bauðst starf við hönnunardeild skipateiknistofunnar hjá Helsingør Skibsværft í Danmörku, og tók því með þökkum, enda nauðsynlegt að fá frekari starfsþjálfun að námi loknu. Við hjónin fluttum því til Helsingør og þar starfaði ég við hönnun farþega- og flutningaskipa.

Bréf frá Íslandi

Síðsumars 1947 barst mér bréf frá Stálsmiðjunni hf. í Reykjavík, þar sem þeir forstjórarnir Benedikt Gröndal í Hamri og Sveinn Guðmundsson í Héðni tjáðu mér að þeir hefðu áhuga á að byrja að smíða stálskip. Þeir spurðu hvort ég hefði áhuga á að koma heim. Faðir minn var þessa mjög hvetjandi, enda hafði hann lengi gert sér vonir um að stálskipasmíði yrði hafin á Íslandi.

Það hafði verið ætlun mín að starfa lengur erlendis og Helsingør Skibsværft var mjög áhugaverður og gagnlegur starfsvettvangur. Mér sýndist þó tilboð Stálsmiðjunnar vera freistandi og tók því. Ég hafði hins vegar mest starfað við hönnun stærri skipa og taldi því æskilegt að kynnast smíði minni skipa, einkanlega togara, og hafði því hug á að komast til Englands. Þar var einmitt þá verið að smíða nýsköpunartogarana svonefndu fyir Íslendinga. Ég taldi því tilvalið að fá að starfa þar um tíma við eftirlit með smíðinni.

Þeirri hugmynd minni var fálega tekið af ráðamönnum heima. Eftirlitið væri þegar fastmótað og engin ástæða væri til að ráða skipaverkfræðing til þeirra starfa.

Óvissuferð til Englands

Ég sagði þó starfi mínu lausu hjá Helsingør Skibsværft og ákvað að fara til Englands án þess að hafa neina vissu um atvinnu. Kona mín Else varð eftir hjá foreldrum sínum í Kaupmannahöfn en ég fór með skipi frá Danmörku til Hull. Þangað kom ég 23. september 1947. Þar hitti ég eftir nokkra bið Erling Þorkelsson vélstjóra, sem var við eftirlit með togarasmíðunum, mikill indælismaður. Hann tók mér með miklum ágætum og bauð mér að koma með sér í næstu eftirlitsferð á skipasmíðastöðvarnar. Ég tók því með þökkum og heimsótti með Erlingi skipasmíðastöðvarnar og fór í reynsluferðir með nokkrum togaranna.

Svo kom að því, að ég fór með Erlingi á skipamíðastöðina Cook, Welton & Gemmel Ltd. í Beverley hjá Hull. Þar ræddi ég m.a. við forstjórann Ambrose Hunter um togarasmíði og spurði hvort ég mætti fá að sjá stöðugleikaútreikningana fyrir íslensku togarana. Hann sagði að það væri einmitt vandamál stöðvarinnar þessa stundina. Hjá henni hefði verið skipaverkfræðingur sem átti að hafa með höndum þessa útreikninga, en honum hefði boðist betur launað starf á stærri skipasmíðastöð og væri hættur störfum. Ennþá hefði ekki tekist að ráða annan skipaverkfræðing til starfa og því hefðu þeir ekki ennþá getað reiknað út stöðugleikann. Ég spurði hvort hann hefði áhuga á að ég gerði þessa útreikninga. Mr. Hunter tók því fegins hendi, ég gæti byrjað næsta morgun.

Hjálmar R. Bárðarson við skipahönnun á teiknistofu skipadeildar Verkfræðiháskólans (DTU) í Kaupmannahöfn um 1945.

Þar vann ég síðan langan vinnudag en ánægjulegan allt til 5. desember. Ég reiknaði út stöðugleika íslensku togaranna og annarra skipa þar og vann kerfisforrit handa stöðinni ásamt leiðbeiningum að fara eftir við slíka útreikninga.

En dvölin í Beverley og kynni mín þar af smíði minni stálskipa urðu einnig mér sjálfum að miklu gagni. Ég mátti ekki fá neitt kaup þar eð ég hafði ekki atvinnuleyfi, en þegar leið að lokum þess tímabils sem ég hafði ætlað mér að starfa þar lét Mr. Hunter greiða mér kaup fyrir vinnuna. Þetta gerði mér fært að bjóða konu minni að koma frá Kaupmannahöfn og dvelja með mér nokkra daga í London á leiðinni til baka til Danmerkur.

Eftir um níu daga ánægjulega dvöl í London fórum við hjónin með skipi frá Harwich til Esbjerg og komum til Kaupmannahafnar 17. desember 1947.

Og svo lá leiðin til Íslands

Við hjónin sendum búslóð okkar með skipi en flugum sjálf heim til Íslands 8. janúar 1948. Eftir heimkomuna hóf ég störf sem verkfræðingur við Stálsmiðjuna hf. Meginverkefnin þar fram til þessa höfðu verið stálskipaviðgerðir í dráttarbrautum Slippfélagsins. Nýsmíði stálskipa var hins vegar ekki verkefni sem Stálsmiðjan gat tekið að sér. Til þess vantaði ennþá bæði tækniþekkingu, nýsmíðabraut og ýmis verkfæri og tækjabúnað. Til að geta hafið nýsmíði stálskipa þurfti ennfremur að þjálfa menn til að vinna ýmis sérhæfð störf.

Ef fjármagn hefði staðið til boða hefði mátt koma upp þessum tækjakosti á tiltölulega stuttum tíma, en svo var ekki. Þessa aðstöðu varð að byggja upp með því að taka fé til þess úr rekstri fyrirtækisins og nýta sem best vinnuafl eigin starfsmanna, þegar minna var um önnur verkefni. Þá var ennfremur öll fjárfesting á þessum árum háð leyfum Fjárhagsráðs. Erlendum gjaldeyri var úthlutað til brýnustu nauðsynja með innflutnings- og gjaldeyrisleyfum. Þótt áhugi forstöðumanna Stálsmiðjunnar á því að hefja smíði stálskipa væri fyrir hendi, þá tók það nokkur ár að afla þeirra tækja og búnaðar, sem til þess þurfti.

Árið 1950 var orðið tímabært að leita eftir mögulegu verkefni, svo að stálskipasmíði gæti hafist á Íslandi. Í því efni var ekki aðeins um fjárfestingaratriði og raunhæfa kostnaðaráætlun að ræða í samkeppni við erlendar skipasmíðastöðvar. Mér kom verulega á óvart sú staðreynd, að ótrúlega rótgróin var sú skoðun margra, að það væri of mikil bjartsýni að til greina kæmi að hægt væri að smíða stálskip á Íslandi.

Aldrei verður því nógsamlega þakkað það traust, sem Valgeir Björnsson hafnarstjóri Reykjavíkurhafnar sýndi mér persónulega og því undirbúningsstarfi sem þegar hafði verið að unnið, þegar hann árið 1950 fór þess á leit, að ég gerði teikningar að nýjum dráttarbáti fyrir Reykjavíkurhöfn, ásamt smíðalýsingu og kostnaðaráætlun, miðað við að skipið yrði smíðað í Stálsmiðjunni. Þótt frumteikningar og smíðalýsing lægju fyrir í ársbyrjun 1951, þá var samningur um smíðina ekki undirritaður fyrr en 28. apríl 1953.

Dráttarbáturinn Magni var sjósettur 15. október 1954 og afhentur Reykjavíkurhöfn 25. júní 1955. Þá hófst 32 ára farsæll starfsferill þessa fyrsta stálskips, sem smíðað var á Íslandi.

Tímamót

Af hálfu Reykjavíkurhafnar hafði Ólafur Th. Sveinsson skipaskoðunarstjóri eftirlit með smíði dráttarbátsins Magna í Stálsmiðjunni. Vegna aldurs varð Ólafur að hætta störfum sem skipaskoðunarstjóri og skipaskráningarstjóri árið 1954. Ólafur var vélfræðingur að mennt, og hann hafði hug á að tæknimenntaður maður tæki við þessari stöðu, m.a. vegna síaukins alþjóðasamstarfs og ráðstefna og funda á þeim vettvangi. Hann hvatti mig mjög til að sækja um starfið þegar það var auglýst laust til umsóknar vorið 1954, en þá hafði ég verið rúm sex ár í starfi hjá Stálsmiðjunni og komið að lokaþætti í smíði fyrsta stálskipsins. Ég sótti um starfið, en nokkur tími leið án þess að Ólafur Thors forsætis- og sjávarútvegsmálaráðherra tæki afstöðu til umsóknanna. Meðal umsækjenda var reyndur skipstjóri, sem var traustur stuðningsmaður Sjálfstæðisflokksins og hafði auk þess meðmæli félagasamtaka farmanna.

Meðan þetta mál var í biðstöðu barst mér tilboð um stöðu yfirverkfræðings á danskri skipasmíðastöð. Fram kom að forstjórinn myndi hætta störfum vegna aldurs innan fárra ára og væri þá gert ráð fyrir að yfirverkfræðingurinn tæki við. Þetta var því freistandi tilboð, sem ég þurfti að svara fljótlega.

Ég fór því á fund Ólafs Thors og tjáði honum vanda minn. Innan fárra daga ákvað hann að veita mér stöðuna og var ég skipaður í starf skipaskoðunarstjóra og skipaskráningarstjóra frá 1. maí 1954.

Steingrímsfjarðarheiði hluti af útboði um GSM-samband á Þjóðvegi 1

Í kjölfar slyssins sem átti sér stað á Gemlufallsheiði í síðustu viku var samgönguráðuneytið innt eftir því hver staðan væri á uppbyggingu GSM-farsímakerfisins á Vestfjörðum, en eins og kom fram í fréttum hér í blaðinu í síðustu viku var ekkert fjarskiptasamband á slysstað. Í svörum frá ráðuneytinu kemur fram að samkvæmt fjarskiptaáætlun er markmiðið að GSM-farsímaþjónusta verði aðgengileg á þjóðvegi 1 og öðrum helstu stofnvegum og á helstu ferðamannastöðum. Fljótlega var tekin ákvörðun um að skipta GSM-verkefninu í tvennt og viðhafa tvö útboð. Í fyrra útboðinu sem nú er í gangi eru það vegirnir um Steingrímsfjarðarheiði og Barðaströnd sem komast í GSM-samband.

Í seinna útboði er svo gert ráð fyrir að Gemlufallsheiði, Hrafnseyrarheiði, Dynjandisheiði og Hálfdán komist í GSM-samband.

Í minnisblaði frá samgönguráðuneytinu segir um útboðin: „Fyrra útboðið stendur nú yfir en ákveðið var að viðhafa lokað útboð. Forval vegna þess fór fram í sumar og lauk nú á haustmánuðum. Þeir bjóðendur sem uppfylltu skilyrði forvalsins fengu afhent útboðsgögn í október og eiga að skila inn tilboðum um miðjan desember. Gert er ráð fyrir að skrifa megi undir samning við bjóðanda í byrjun næsta árs og að framkvæmdir geti hafist í framhaldi af því. Markmið þessa áfanga verkefnisins er að GSM-farsímaþjónusta nái yfir allan hringveginn og fjallvegina Fróðárheiði, Steingrímsfjarðarheiði, Þverárfjallsveg, Fagradal og Fjarðarheiði. Alls eru þetta um 500 km svæði og er búið að kortleggja hvar þörf er á sendum. Í þessu útboði er ætlunin jafnframt að bæta farsímaþjónustu á Barðaströnd. Gert er ráð fyrir að settur verði upp sendir í Flatey á Breiðafirði en hann mun ná til nærri því helmings leiðarinnar um Barðaströnd þar sem farsímaþjónustu nýtur ekki við í dag.

GSM-símar eru orðnir mikil öryggistæki og í byrjun næsta árs má búast við að hafist verði handa við að koma GSM-sambandi á Steingrímsfjarðarheiði.

Þetta er fyrri hluti áætlunar um endurbætur á GSM-farsímanetinu og gert er ráð fyrir að síðari hluti hennar verði tilbúinn til útboðs á fyrri hluta næsta árs. Snýst sá hluti um aðra ódekkaða stofnvegi og helstu ferðamannastaði. Vinna við að greina þau svæði er þegar hafin. Meðal þeirra vegkafla sem gert er ráð fyrir að verði í því útboði á Vestfjörðum má nefna Gemlufallsheiði, Hrafnseyrarheiði, Dynjandisheiði og Hálfdán.“ segir í minnisblaði ráðuneytisins.

– annska@bb.is

Hassplöntur fundust í Súðavík

Í síðustu viku framkvæmdi lögreglan á Ísafirði húsleit á heimili einu í Súðavík. Þar fundust ætlaðar kannabisplöntur sem reyndust vera í ræktun. Um var að ræða 7 slíkar plöntur og var sú stærsta tæpir 60 cm.

Einn heimilismanna viðurkenndi að eiga plönturnar og hafa haft hug á að selja afurðir þeirra. Hann hefur verið yfirheyrður og sleppt. Hinn grunaði hefur ekki áður komið við sögu vegna fíkniefnamála. Málið telst upplýst.

Sama verð á háhraðatengingu á öllu landinu

Símafyrirtækið Vodafone býður nú upp á háhraðatengingu á Internetinu á Ísafirði á sömu kjörum og á höfuðborgarsvæðinu, en undanfarið hefur mikið verið í umræðunni að notendum sé mismunað vegna búsetu hjá öðrum fyrirtækjum.

„Við bjóðum núna sama hraða á netinu á Ísafirði og á höfuðborgarsvæðinu, en við höfum verið að uppfæra kerfið okkar. Það er liður í því að við erum sífellt að bæta þjónustuna á landsbyggðinni. Við erum alltaf að leitast við að geta veitt betri þjónustu á betri kjörum“, segir Árni Pétur Jónsson, forstjóri Vodafone.

Vodafone hefur leigt ljósleiðara úr grunnneti Símans sem gerir fyrirtækinu mögulegt að reka sjálfstætt ADSL kerfi á Ísafirði og víðar á landsbyggðinni. Vodafone getur einnig boðið sama hraða og verð á eftirtöldum stöðum á landsbyggðinni: Sauðárkrókur, Húsavík, Borgarnes og Egilsstaðir. Þess má þó geta að hraði á ASDL tengingu getur verið háður vegalengd frá næsta ADSL tengipunkti.

Árni Pétur Jónsson.

Vodafone býður 14 Mb tengingu á Ísafirði. Sami hraði og verð og á höfuðborgarsvæðinu. Ótakmarkað gagnamagn í 8, 12 og 14 Mb tengingu. Fyrirtækið býður nú tvær leiðir fyrir viðskiptavini á netinu; ADSL plús og ADSL extra. Með ADSL plús fá viðskiptavinir allt að því 12 Mb/s. ADSL extra hentar hins vegar þeim sem gera enn meiri kröfur um hraða á tengingu, eða allt að því 14 Mb/s. Áður gátu heimili fengið 1, 2, 4 eða 6 Mb tengingu hjá Vodafone. Með ADSL plús hefur hraði viðskiptavina verið aukinn verulega því þeir fá nú 1, 6, 8 eða 12 Mb tengingu. Með 8 og 12 Mb tengingu er gagnamagn ótakmarkað. Í ADSL plús er upphal helmingi meira en áður.

Í ADSL extra er hægt að fá 8, 12 eða 14 Mb tengingu með 2 Mb upphali. Gagnamagn er ótakmarkað. ADSL extra hentar jafnt einstaklingum sem litlum og miðlungsstórum fyrirtækjum.

– thelma@bb.is

VERK VEST
Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jóla- og nýárshátíð og þökkum árið sem er að líða

Vestfirðingar, ferðafólk!
Hugheilar jóla- og nýárskveðjur frá Reykjanesi. Innilegar þakkir fyrir samstarf og viðskiptin á árinu sem er að líða.
Ferðaþjónustan Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, sími 456 4844.

Íslandspóstur hf
Óskum starfsfólki okkar, viðskiptavinum og Vestfirðingum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

ÍSAFJARÐARBÆR
Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jóla- og nýárshátíð og þökkum árið sem er að líða

SPVF SPARISJÓÐUR VESTFIRÐINGA
Óskum starfsfólki okkar, viðskiptavinum og Vestfirðingum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

EIMSKIP GREIÐ LEIÐ
Óskum starfsfólki okkar, viðskiptavinum og Vestfirðingum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

Ísafjörður er sterk landshlutamiðstöð

Ísafjörður kemur sterkt út sem landshlutamiðstöð samkvæmt könnun á ferðavenjum sem gerð var fyrir samgönguráðuneytið í mars. Einnig kemur fram í könnuninni að sterka héraðsmiðstöð vanti á sunnanverða Vestfirði. Akureyri og Árborg komu einnig vel út og Egilsstaðir komu þokkalega út en Borgarnes síst. Byggðir austan Akureyrar sækja frekar þangað eftir sérhæfðri þjónustu en til Reykjavíkur. Sterkar héraðsmiðstöðvar vantar á Norðurland vestra og Suðausturland, auk sunnanverðra Vestfjarða eins og áður segir.

Hlutfall þeirra sem vinna utan búsetusvæðis fer vaxandi, sérstaklega í byggðarlögum nærri höfuðborgarsvæðinu. 24% íbúa á norðanverðum Vestfjörðum vinna utan við búsetusvæði eða fara vikulega eða oftar út fyrir svæðið vegna vinnu. Þetta hlutfall er 23% á suðurfjörðunum en 31% á suðausturhluta Vestfjarða. Í 67% tilfella sem Vestfirðingar bregða sér af bæ fara þeir til Reykjavíkur en í 33% tilfella fara þeir eitthvert annað.

Könnunina í heild sinni má finna á vef samgönguráðuneytisins. *– eirikur@bb.is*

Ísafjörður.

„Jarðgangagerð hefði slæm áhrif á byggðaþróun á svæðinu“

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, telur vegalagningu yfir Mjóafjörð í Ísafjarðardjúpi hafa ótal kosti og telur það stórslys ef farið yrði út í jarðgangaframkvæmdir í þeirra stað. Þetta segir hann í kjölfar undirskriftasöfnunar sem hefur verið sett af stað til að skora á Alþingi að beita sér fyrir jarðgöngum milli Mjóafjarðar og Ísafjarðar og stöðva þegar í stað fyrirhugaðar framkvæmdir. Halldór hefur svarað grein ísfirska verkfræðingsins Steinþórs Bragasyni sem birtist á bb.is í síðustu viku.

„Ekki er ég sammála því að slys sé í uppsiglingu með að leggja veg yfir Mjóafjörð, um Vatnsfjörð og yfir Reykjafjörð. Ég teldi það hins vegar stórslys ef menn færu að skipta um hest í miðri á og veðja á jarðgangaleið sem yrði ekki fyrr en eftir 5-10 ár í fyrsta lagi, líklegra að 15-20 ár væru í þá leið miðað við jarðgangaáætlun og forgangsröðun þar. Þessi leið var skoðuð á sínum tíma og niðurstaðan að leggja veg yfir Mjóafjörð varð fyrir valinu.

Halldór Halldórsson.

Henni fylgja ótal kostir eins og vegtenging við Reykjanes. Leiðin er að mestu á láglendi utan hálsins ofan Skálavíkur sem þó fer ekki í mikla hæð. Hætt er við að vegur að og frá jarðgöngum yrði í meiri hæð þó ekki geti ég fullyrt um það. Þá er leiðin um Botnshlíð í Mjóafirði á snjóflóðahættusvæði, þar hafa fallið snjóflóð og húsið í Botni var yfirgefið vegna hættu meðan búið var allt árið í Botni.

Stærsta málið er þó tíminn. Með núverandi áætlun og útboði stefnir í að við fáum bundið slitlag til Reykjavíkur í lok ársins 2008. Með þeirri aðferð sem þú mælir með verum við að færa þetta aftur um fjölda ár með slæmum afleiðingum fyrir byggðaþróun á þessu svæði. Leiðin styttist verulega í tíma þegar beinn og breiður vegur þessa leið verður kominn. Það skiptir meira máli þegar verið er að aka þessa löngu leið milli Ísafjarðar og Reykjavíkur að hægt sé að halda jöfnum hraða frekar en hvort leiðin í heild er 5 kílómetrum styttri eða lengri.

Það ætti miklu frekar að horfa til þess að brúa Hestfjörð og stytta leiðina umtalsvert meira en með jarðgöngum milli Mjóafjarðar og Ísafjarðar. Sú framkvæmd væri þó mun ódýrari en umrædd jarðgöng og jafnvel hægt að fara í enn frekari vegabætur fyrir mismuninn,“ segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri.

– thelma@bb.is

Landsbankinn
Óskum starfsfólki okkar, viðskiptavinum og Vestfirðingum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

Marel
Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jóla- og nýárshátíð og þökkum árið sem er að líða

Súðavíkurhreppur
Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jóla- og nýárshátíð og þökkum árið sem er að líða

SIGURVON KRABBAMEINSFÉLAG
Krabbameinsfélagið Sigurvon á Ísafirði sendir félagsmönnum og velunnurum bestu óskir um gleðileg jól og heillaríka framtíð. Þökkum stuðninginn á líðandi ári.

GLITNIR
Óskum starfsfólki okkar, viðskiptavinum og Vestfirðingum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

Bæjarstjórn Bolungarvíkur sendir íbúum sveitarfélagsins og viðskiptavinum sínum bestu jóla- og nýárskveðjur með þökk fyrir hið liðna.
Bæjarstjórinn.

Fór frá fegursta dal heims til að öðlast frægð og frama

Hnífsdælingurinn Bragi Valdimar Skúlason hefur verið að gera góða hluti með hljómsveitinni Baggalúti undanfarin misseri. Baggalútur er nú orðið nafn sem allir þekkja en útgáfufélagið Baggalútur hefur um árabil annast heimasvæðið baggalutur.is þar sem má finna ýmis konar fróðleik og fréttir sem aðrir fjölmiðlar sniðganga. Félagarnir í Baggalúti hafa þó alla tíð fiktað við tónlist og sent frá sér nokkur jólalög og stuðningslag íslenska fótboltalandsliðsins ásamt öðru sem dreift hefur verið í gegnum netið. Árið 2005 kom út fyrsti hljómdiskur Baggalúts, „Pabbi þarf að vinna“, þar sem kántrítónlist er allsráðandi, með öllu tilheyrandi. Platan sló í gegn og m.a. hlaut titillag plötunnar Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir besta lag og texta ársins. Fyrr á árinu kom út hljómskífan „Aparnir í Eden“ og nú fyrir jól platan „Jól og blíða“ sem er sneisafull af aðventu-, jóla- og áramótalögum. Vinsældum Baggalúts virðist ekkert ætla að linna en aftur hefur hljómsveitin fengið þrjár tilnefningar á Íslensku tónlistarverðlaunum og fyrr á árinu fór sveitin í tónleikaferð til Rússlands og Þýskalands. Bæjarins besta ræddi við Braga Valdimar um Baggalútsævintýrið

– Er ekki best að byrja á upprunanum? Þú ert uppalinn í Hnífsdal, er það ekki rétt?

„Jú, heldur betur. Alinn upp í fegursta dal heims. Ég flutti þangað þegar ég var 4 ára og hljóp þar um á lendaskýlunni. Ég man ekki betur en það hafi bara verið ljómandi dásamlegt að alast upp í Hnífsdal. Ég lauk gagnfræðaskólanum á Ísafirði og skellti mér svo til borgarinnar í leit að frægð og frama.“

– Fékkstu tónlistaruppeldi þitt í Tónlistarskólanum á Ísafirði?

„Já ég byrjaði að læra þar á blokkflautu 6 ára eða svo. Fór svo yfir á píanóið og bætti svo við smá gítargutli undir lokin.

Ég svo heppinn á þessum tíma að ná nokkrum samæfingum heima hjá Ragnari H. og var í tónfræði hjá konu hans Sigríði Ragnarsdóttur þar sem ég lærði allar þumalputtareglurnar í tónfræðinni fram og til baka. Ég var dauðskelkaður 7 ára gamall þegar Ragnar sat úti í horni og fylgdist með samæfingum. Fyrir sjö ára peð var hann ansi ógnvænlegur á að líta.“

– Eftir að þú fórst að vestan sem unglingur fórstu strax að spreyta þig í tónlistinni?

„Tja það var svona hefðbundið gutl í menntaskóla. Hoppandi upp á sviði á einhverjum söngkeppnum og þess háttar. Með engum sérstökum árangri samt. Hefðbundið bílskúrsglamur. Maður var samt alltaf í einhverju hljómsveitarbardúsi og meðal annars með honum Jóni Geir Jóhannssyni Ísfirðingi og nú trommara í Ampop. Hann reyndar spilar helling á jólaplötunni okkar í Baggalúti. Við vorum sem sagt eitthvað að væfla saman ásamt fleiri góðum mönnum.

Það var svo sem aldrei yfirlýst stefna Baggalúts að vera í músík. Enda snýst sá hópur um svo margt annað. Reyndar var það alveg óvart að það þróaðist hljómsveit út frá því. Enda erum við með her af hljóðfæraleikurnum í kringum okkar þegar við erum að koma fram. Helst ekki færri en 8 til 9.“

Ætluðu að sigra heiminn

– Nú hefur hljómsveitin Baggalútur náð góðum árangri og miklum vinsældum.

„Já þetta er voða gaman. Við erum náttúrulega með athyglissýki á háu stigi, svo þetta nær að svala henni sæmilega núna.“

– Sveitin fór í utanlandsreisu á árinu, hvert var farið?

„Við fórum til Pétursborgar í Rússlandi í apríl og til Berlínar í september. Við ætluðum að sigra heiminn, reyndar með ömurlegum árangri, en það var allavega gaman að fara“, segir Bragi kíminn.

– Félluð þið ekki í kramið hjá Rússum og Þjóðverjum?

„Jú, jú okkur var vel tekið en það fóru engir stórsigrar fram. Það horfðu einhverjir skeggjaðir Rússar í Pétursborg á okkur í forundran og hressir Þjóðverjar í Berlín með bjórkrúsir hristu hausinn yfir þessum furðufuglum. Þegar Íslendingar mæta í kántrígallanum með íslenska kúrekasöngva til Evrópu þá er nú kannski ekki von á góðu.“

– Eruð þið eina kántrísveitin á landinu?

„Ég veit það nú ekki. Við ætluðum nú aldrei að verða kántríhljómsveit, það var nú líka óvart og þessi fyrri kántrískífa okkar átti bara að vera lítill brandari. Ætli það sé nú ekki komið nóg af kántrítónlistinni í bili, við sjáum til.“

– Þú semur megnið af textunum og lögunum fyrir hljómsveitina er það ekki?

„Jú það er víst óhætt að segja það, þó við félagarnir vinnum nú mikið af lögunum og textunum saman.“

– Heilla lagasmíðar þig sérstaklega?

„Nei, ekki get ég nú sagt það. Einhver hefur bara þurft að gera þetta svo við hefðum eitthvað efni að setja á plöturnar. Það var því gengið í það mál að semja í hvelli.“

– Hvaðan færðu innblásturinn?

„Það er nú það. Ætli það sé nú ekki bara af Vestfjörðunum. Sár heimþrá og söknuður hefur sennilegast blásið þessu mér brjóst.“

– En við hvað starfarðu annað er tónlistarsmíð?

„Ég er nú bara í hinu og þessu. Við erum allir í okkar vinnum hér og þar. Ég er í ýmsum verkefnum, tölvustússi og öðru.“

– Þú hefur meðal annars tekið að þér hönnun plötuumslaga.

„Já, aðallega fyrir Baggalút og svo einhver örfá önnur. Það var eins með það og lagasmíðarnar, einhver þurfti að gera það og ég tók það að mér. Þetta er allt voða heimatilbúið hjá okkur.“

Draumurinn að spila í félagsheimilinu í Hnífsdal

– Baggalútur spilaði ekki fyrir svo löngu í Bolungarvík. Hvernig var að koma aftur á heimaslóðir?

„Það var alveg frábært. Reyndar varð annar söngvarinn eftir í Reykjavík, það var leiðindaveður og seinna flugið sem hann átti að koma með var aflýst. En við töldum að engu síður í og það var ljómandi gaman. Við þyrftum endilega að koma aftur við tækifæri. Reyndar hefur það staðið til þrisvar sinnum að við ættum að koma en alltaf dottið uppfyrir einhverra hluta vegna, aðallega veðurs.

Draumurinn er náttúrulega að spila í félagsheimilinu í Hnífsdal. Fyrr dey ég ekki glaður. Ég kom síðast þar inn í leikfimitíma svo það er alveg kominn tími á að endurnýja kynnin.“

– Vefsíðan baggalutur.is sem þið félagar haldið úti hefur vakið mikla athygli.

„Síðan er upphafið af þessu öllu saman. Við höfum alltaf sagt að sumar hljómsveitir séu með heimasíðu en við erum með heimasíðu til þess að geta verið með hljómsveit. Vefurinn kom til sögunnar 2001 eða þar um bil og þá byrjuðum við að gera þessi jólalög sem við erum einmitt um þessar mundir að moka út. Á jólaplötunni okkar sem kom út fyrir jól er sem sagt að finna öll jólalögin sem við höfum gefið út árlega frá árinu 2001, ásamt nokkrum flunkunýjum.“

Hnífsdælingurinn Bragi Valdimar Skúlason. Ljósm: Sigurður Gunnarsson.

– Hvert var markmiðið með vefsíðunni?

„Þetta er nú bara hobbý hjá okkur. Þetta byrjaði allt í gríni en um leið og við komumst að því að einhver annar hefði gaman af þessu líka espuðumst við allir upp og héldum áfram og höfum ekki hætt síðan. Vefsíðan er komin til að vera, allavega um hríð. Þó við séum reyndar alltaf minna og minna duglegir að setja efni inn á hana.“

Allt á niðurleið ef sigurinn bregst

– Hljómsveitin Baggalútur er tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna, er það ekki gaman.

„Jú, heldur betur. Mjög gaman af því. Við vorum einmitt tilnefndir í fyrra fyrir besta lagið og unnum, og svo erum við aftur tilnefndir í ár. Það er því eins gott að við vinnum því annars er allt á niðurleið. Við vorum reyndar mjög svekktir í fyrra þegar við vorum tilnefndir sem bjartasta vonin að vinna ekki þau verðlaun. Við höfðum ráðgert að senda Rúnar Júlíusson að taka á móti verðlaununum. Í ár hefðum við sent Björgvin Halldórsson. Annars er þetta heilmikið fjör. Við komumst allavega í eftirpartíið með fræga og fallega fólkinu.“

– Það hlýtur þó að teljast ansi góð viðurkenning að vera tilnefndur til þessara verðlauna.

„Já það virðist ánægjulegt að grínkántrí skuli loks hljóta þá viðurkenningu sem það á skilið. Það er búið að vera mjög gaman að þessu. Þó að tónlistin sé í léttum dúr reynum við auðvitað að vanda okkur sem mest við hana. Spilamennskuna og útsetningarnar o.s.frv. Til að mynda höfum við fengið til liðs við okkur hljóðfæraleikara frá Nashville í Bandaríkjunum. Nú á dögum er hægt að senda skjölin með lögunum á milli landa og fá síðan sent til baka banjóspil, lúðrablástur og hvað eina.“

– Hafið þið félagar alltaf haft áhuga á kántrítónlist?

„Nei ekki nokkurn einasta“, segir Bragi og hlær. „Það var nú það síðasta sem okkur datt í hug að við myndum fara út í að spila. Okkur fannst það bara svo fyndin hugmynd að búa til kántríplötu. Þessi tónlistarstefna er frekar hallærisleg og hentaði mjög vel fyrir textana okkar. Þetta er mjög grínvæn tónlist. Kannski ekki alveg það sem telst vera mest „hip og kúl“ í dag. Það er samt grunnt á kántríinu í Íslendingum þó fáir vilji viðurkenna það. Margir hafa gaman af því í laumi. Enda er þetta svo sem ekkert annað en venjulegt popp með óvenju stórum skammti af fiðlu- og banjóspili.“

– Hvað er framundan hjá Baggalúti?

„Það er nú það. Náttúrulega að taka á móti öllum verðlaununum og moka út jóladisknum í bílförmum. En annað er vandi að spá um. Hvort það verði meiri músík eða eitthvað allt annað. Það kemur bara í ljós.“

– Hvaðan kemur nafnið Baggalútur?

„Við vorum einmitt að velta þessu fyrir okkur sjálfir um daginn. Baggalútsgengið sem talið er upp á vefsíðunni eru sex manns sem hafa verið með frá upphafi. En einungis þrír þeirra eru í músikdeildinni. Það voru líklega tveir af þeim sem byrjuðu að nota nafnið í menntaskóla en þá voru þeir að gefa út eina og eina ljóðabók í einu til tveimur eintökum og útgáfufélagið hét af einhverjum ástæðum Baggalútur. Baggalútur er steintegund og er líka reyndar heitið á einum af gömlu íslensku jólasveinunum. Gaman að segja frá því. En það má hver og einn lesa það sem hann vill út úr þessu blessaða nafni.

Þetta nafn hefur alltaf fylgt okkur þótt enginn viti fyrir víst hvernig það kom til. Það er voða þjóðlegt og fínt nafn.“

– Eitthvað að lokum?

„Ég vil bara skila kærum kveðjum vestur og sérstaklega í dalinn fagra,“ segir Bragi.

– thelma@bb.is

67 eldri lán sameinuð í eitt

Lánasjóður sveitarfélaga hyggst sameina eldri lán sín til sveitarfélaga í þeim tilgangi að fækka lánum til hagsbóta fyrir sjóðinn og sveitarfélögin. Í tilfelli Ísafjarðarbæjar er um að ræða eftirstöðvar 67 eldri lána sem tekin voru á árunum 1989-1996 upphæð kr. 253.280.119. Lánskjör s.s. vaxtakjör og afborganir verða óbreytt. Greitt verður af láninu fjórum sinnum á ári. Þetta kemur fram í minnisblaði sem Þórir Sveinsson, fjármálastjóri lagði fram á fundi bæjarráðs, en þar lagði hann einnig til að erindið yrði samþykkt. Bæjarstjóra var falið að undirrita samninginn fyrir hönd Ísafjarðarbæjar.

Geisladiskur Kammerkórsins kominn út

Kammerkórinn á Ísafirði hefur gefið út geisladisk sem ber heitið „Friður sé með öllum yður“. Á honum er að finna 12 lög, andleg og veraldleg. Stjórnandi kórsins er Guðrún Jónsdóttir söngkona og Hulda Bragadóttir er organisti. Diskurinn er gefinn út af Hulduhellinum en hann gefur einnig út disk með Fjallabræðrum sem er væntanlegu á næstu dögum. Önundur Pálsson, Fjalla-bróðir annaðist upptökur á báðum diskunum. Það má því segja að á þeim finnist vestfirsk tónlistarjól.

Þröstur Óskarsson, framkvæmdastjóri HSÍ og Halldór Halldórsson, bæjarstjóri undirrita samninginn. Á myndinni eru einnig þeir Þórir Sveinsson, fjármálstjóri Ísafjarðabæjar og Þorbjörn Sveinsson, slökkviliðsstjóri Ísafjarðarbæjar.

Skrifað undir samning um sjúkraflutninga

Skrifað var undir samning um sjúkraflutninga á skrifstofu bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar í síðustu viku. Samningurinn er á milli Ísafjarðarbæjar og Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðarbæjar. Samkvæmt samningnum skal Ísafjarðarbær annast sjúkraflutninga fyrir Heilbrigðisstofnunina, og annast Slökkvilið Ísafjarðar framkvæmd samningsins.

Samningurinn gildir um svæði heilsugæslu Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ, en það er svæðið frá Ísafjarðará í Ísafirði til Dynjandisheiðar í Arnarfirði að undanskilinni Bolungarvík. Auk þess annast sveitarfélagið flutninga út fyrir svæði Heilbrigðisstofnunarinnar þegar um er að ræða millistofnanaflutninga og/eða aðstoð við aðra sjúkraflutningaaðila.

Ísafjarðarbær tekur að sér verkið fyrir 13,9 milljónir króna á ári. Fjárhæðin miðast við meðalverðlag ársins 2006. Framlag ríkissjóðs skal taka verðbreytingu einu sinni á ári, í fyrsta sinn árið 2007 og hækkar þá um 3%, og aftur um sömu prósentutölu 1. janúar 2008.

Heilbrigðisstofnunin getur rift samningnum ef bærinn vanefnir samningsskyldur sínar verulega, og þá einungis eftir að hafa gert sveitarfélaginu viðvart skriflega og sett því hæfilegan frest til úrbóta.

Líf og fjör á jólasýningu Safnahússins

Leik- og grunnskólabörn hafa verið iðin við að sækja árlega jólasýningu Safnahússins á Ísafirði. Á sýningunni í ár eru teknar fyrir jólatrésskemmtanir sem hafa verið fastur hluti af jólahaldi ísfirskra barna frá því seint á 19. öld, með viðeigandi dansi, söng og jólasveinum með góðgæti í poka. „Heimsóknirnar fara þannig fram að Ljóðasveininn tekur á móti börnunum og les ljóð, fræðir þau aðeins um jólatrésskemmtanir og svo er dansað í kringum jólatréð. Þau eru mjög dugleg við það og syngja hástöfum. Þetta er búið að vera mjög skemmtilegt“, segir Jóna Símonía Bjarnadóttir, umsjónarmaður sýningarinnar.

Það er leikarinn Elfar Logi Hannesson í gervi Ljóðasveinsins sem tekur á móti börnunum og stýrir dansi í kringum jólatréð. Sýningin, sem ber yfirskriftina „Við jólatréð“, er samstarfsverkefni safnanna fjögurra sem starfa í húsinu; bókasafnsins, Byggðasafnsins, listasafnsins og skjalasafnsins. Er þetta í fjórða sinn sem sýningin er haldin í þessu formi.

– thelma@bb.is

Börn úr 4. bekk í Grunnskólanum á Ísafirði komu alsæl af sýningunni.

Elfar Logi Hannesson tekur á móti sýningargestum eins og honum einum er lagið.

Nýr rekstrarstjóri í Eyrarbót

Hrefna Björg Waage Björnsdóttir hefur tekið til starfa sem nýr rekstrarstjóri í versluninni og bensínstöðinni Eyrarbót á Flateyri. „Ég byrjaði 1. desember og þetta leggst rosa vel í mig. Ég býst ekki við að gera miklar breytingar á rekstrinum og mun allt verða í svipuðu horfi áfram, enda hlutirnir í góðum málum“, segir Hrefna.

Aðspurð segir hún að viðskiptavinirnir hafi tekið sér vel. „Allir hafa verið mjög jákvæðir og vingjarnlegir.“ Hrefna tekur við af Gróu Haraldsdóttur og Kristínu Ágústsdóttur.

– thelma@bb.is

Hrefna Björg Waage Björnsdóttir er nýr rekstrarstjóri Eyrarbótar.

„Ég hef stundum sagt að það hafi bjargað lífi mínu að koma til Ísafjarðar. Við komum til Ísafjarðar að vori til árið 1980 og bjuggum fyrst í stað á Grænagarði. Ég var níu ára og var búinn að læra á fiðlu í þrjú ár á Húsavík. Þar var ég í tónlistarskóla hjá tveimur Tékkum og einum Breta. En þetta fyrsta sumar okkar á Ísafirði var ég einn allt sumarið og spilaði látlaust á fiðluna. Ég hitti enga krakka allt sumarið.“

Fiðlarinn frá Græn

Sjö ára gamall sagðist hann ætla að spila á Stradivarius fiðlu. Nú gætir hann einnar slíkrar eins og sjáaldurs auga síns. Líkt og dreki sem liggur á fjársjóði. Hann er fæddur á Húsavík en ber sterkari taugar til Ísafjarðar. Hann lærði í Osló og Prag, býr nú í Hafnarfirði og segist hafa flust til Íslands í stundarbrjálæði. Hjörleifur Valsson heitir maðurinn. BB hitti hann á einum annasamasta degi ársins rétt fyrir aðventu.

Venjulegur dagur hjá eftirsóttum fiðluleikara!

Hann kveðst hafa vaknað klukkan fimm þennan morgun. Var mættur í myndverið hjá 365 kl. 6.15 til að spila með hljómsveit sinni Bardukha í Íslandi í bítið. Fór beint þaðan í hljóðprufu fyrir útgáfutónleika, þaðan á æfingu fyrir tvær útfarir, eftir það rakleiðis á æfingu hjá Hemma Gunn, spilaði við útför í Hallgrímskirkju á milli eitt og tvö, útför í Háteigskirkju á milli þrjú og fjögur. Mættur í viðtal við mig klukkan korter yfir fjögur á heimili sínu í Hafnarfirði. Smink hjá Hemma klukkan korter yfir sex. Upptaka klukkan sjö. Spilerí með Bardukha á Nordica hótelinu klukkan 9.30. Síðast en ekki síst. Útgáfutónleikar hjá Bardukha á veitingastaðnum Domo klukkan tíu. „Svo þarf ég að vera mættur aftur klukkan níu í fyrramálið,” segir Hjörleifur hinn hressasti og ekki vott af skammdegisdrunga eða þreytu að sjá í andlitinu. Augun fjörmikil og brosið aldrei langt undan. „Kannski ekki alveg venjulegur dagur,“ viðurkennir hann. „Dálítið sérstakur. En ég er mjög oft upptekinn um helgar.“

Fimm barna fjölskyldufaðir

Hjörleifur er fimm barna fjölskyldufaðir í Hafnarfirði. Yngsta afkvæmið, hinn þriggja mánaða gamli Karel Hjörleifsson brosir til mín og skríkir af kátínu úr vöggunni. Lifandi eftirmynd föður síns.

Ég hvái yfir nafninu?

„Já, Karel,“ segir hann og útskýrir: „Karel er eiginlega Karl á tékknesku. Þetta er kónganafn, Karel IV var konungur yfir Bæheimi, en einnig hafa margir af helstu músíksnillingum Tékka borið þetta nafn,“ segir Hjörleifur. Eldri sonur, Hjörleifs og Ágústu Maríu Arnardóttur, heitir Leópold og er níu ára tvíburi, Diljá heitir tvíburasystir hans. „Leópold er einnig konunganafn og margir tónlistarsnillingar hafa borið það, m.a. faðir Mozarts,“ segir Hjörleifur hróðugur.

„Strákarnir heita eftir fiðlusnillingum og konungum og dæturnar bera gyðjunöfn,“ laumar Ágústa María inn í spjallið. Hún kom með dótturina Guðnýju Höllu, sem nú er sextán ára, inn í sambandið en þau eiga einnig dótturina Mínervu sem er þriggja ára.

Fjölskyldan hefur komið sér vel fyrir í einbýlishúsi í Hafnarfirði en þaðan sér vítt og breitt yfir Faxaflóa og Hafnarfjörð. „Eini gallinn við að hafa svona gott útsýni er að maður sér alla mengunina sem liggur yfir borginni,“ segir Hjörleifur. Tengdamóðir hans býr á neðri hæðinni og foreldrar hans í nágrenninu. „Þetta er mjög þægilegt fyrirkomulag,“ segir hann.

Frostrósir og fjölbreytt fiðlerí

Hjörleifur er einn af sívaxandi hóp frábærra, íslenskra tónlistarmanna með sígilda menntun sem eru í vinnu hjá sjálfum sér og hafa nóg að gera. Hann var búinn að ráða sig hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands í haust en komst að því að hann hafði ekki tíma fyrir hljómsveitina að svo stöddu og gaf starfið því upp á bátinn. Hann stendur að útgáfu tveggja geisladiska um þessar mundir og var konsertmeistari Frostrósatónleikanna á dögunum þar sem söngdívurnar Sissel Kyrkebo, Petula Clark og gríska þokkagyðjan Eleftheria Arvanitka, Eivör Pálsdóttir og Ragnhildur Gísladóttir sungu eins og englar. Að sjálfsögðu var uppselt enda um einstakan tónlistarviðburð að ræða. „Ég setti saman hljómsveitina,“ segir hann og bætir við. „Ég er oft fenginn í svoleiðis verkefni og er í svona brölti fyrir ýmsa. Ég er ofsalega upptekinn við að spila þessa dagana, með alls konar tónlistarmönnum sem eru að gefa út, ég spila einnig við kirkjulegar athafnir og svo er ég að kynna útgáfur sem ég stend sjálfur að.“

Nýlega kom út hljómdiskur þar sem Hjörleifur og Hlíf Sigurjónsdóttir, spila saman 44 dúetta eftir ungverska tónskáldið Béla Bartók. Hlíf er Ísfirðingum að góðu kunn því hún kenndi við Tónlistarskóla Ísafjarðar um hríð. „Ég er glaður yfir því að hafa tekið þessa hefð með frá Prag. Þetta er austur evrópsk tónlist upp á sitt besta,“ segir Hjörleifur um þessa útgáfu. „Þetta er algjörlega okkar nálgun á þessa tónlist. Hjörleifur stendur einnig að útgáfu hljómdisks með hljómsveitinni Bardukha þar sem hann vinnur með ýmsum þekktum tónlistarmönnum. Með honum í sveitinni eru Birgir Bragason, bassaleikari, Ástvaldur Traustason, harmonikkuleikari, Steingrímur Guðmundsson, slagverksleikari og Tatu Kantomaa, harmonikkuleikari frá Finnlandi. „Hann er mikill spilafélagi minn,“ segir Hjörleifur. „Við spilum alls konar tónlist á þessum diski og blöndum m.a. arabískum og tyrkneskum áhrifum inn í hana.“

Ísafjörður bjargaði lífi mínu

Þó að Hjörleifur sé fæddur á Húsavík og hafi alist þar upp til níu ára aldurs lítur hann eiginlega á sig sem meiri Ísfirðing en Húsvíking. „Mér líður eins og Ísfirðingi,“ segir hann hlæjandi. Samt talar hann með ekta norðlenskum hreimi sem er þó ekki alveg jafn sterkur og hjá eldri systkinum hans sem bjuggu talsvert lengur fyrir norðan en hann. Þau systkinin eru sjö talsins. Hjörleifur er næstyngstur, yngri bróðir hans Hagbarður stundar nú nám í sjónvarpsþáttagerð í Noregi. Hann á tvær eldri systur, önnur er látin, og fjóra bræður.

„Ég hef stundum sagt að það hafi bjargað lífi mínu að koma til Ísafjarðar,“ segir hann. „Við komum til Ísafjarðar að vori til árið 1980 og bjuggum fyrst í stað á Grænagarði. Ég var níu ára og var búinn að læra á fiðlu í þrjú ár á Húsavík. Þar var ég í tónlistarskóla hjá tveimur Tékkum og einum Breta. En þetta fyrsta sumar okkar á Ísafirði var ég einn allt sumarið og spilaði látlaust á fiðluna. Ég hitti enga krakka allt sumarið. Var bara þarna inn frá og spilaði. Karlarnir í Steypustöðinni voru einu vinir mínir. Þetta var yndislegt sumar og ég sótti mikið í hlíðina fyrir ofan auk þess sem ég talaði við karlana í Steypustöðinni. Þremur mánuðum síðar, þegar ég byrjaði í skólanum urðu allir vinir mínir.“

Þér hefur verið tekið opnum örmum?

„Já, þetta var samt dálítið skrítið því ég þekkti ekki eitt einasta andlit í skólanum en small alveg inn í hópinn. Björgvin Sighvatsson var ennþá skólastjóri og Sigga Ragnars varð umsjónarkennarinn minn. Ég hef alltaf verið ótrúlega heppinn með kennara og tel það vera mikla gæfu. Þó að ég væri fluttur til Ísafjarðar var ég samt alltaf í bréfasambandi við tékkneska kennarann minn frá Húsavík og eins Bretann sem kenndi mér. Þegar ég fermdist gáfu foreldrar mínir mér ferð til Prag og London og ég fór í heimsókn til þeirra. Þetta var ómetanleg gjöf sem ég er óendanlega þakklátur fyrir því það opnaði fyrir mér dyr út í heim. Þau hefðu alveg eins getað gefið mér græjur frá Pioneer. Þær væru ónýtar í dag en þessi ferð lifir í minningunni og styrkti samband mitt við þetta fólk sem síðar varð eiginlega fjölskylda mín í Tékklandi.“

Fjörutíu afkomendur

Eins og áður sagði er Hjörleifur hluti af fjölmennri fjölskyldu en þegar foreldrar hans, Valur Björn Valdimarsson og Úlfhildur Jónasdóttir, fluttust til Ísafjarðar var meirihluti unganna floginn úr hreiðrinu hjá þeim og þrír yngstu bræðurnir eftir. „Ég held að þetta hafi verið frekar rólegur tími hjá þeim. Kannski sá rólegasti í þeirra lífi. En svo fóru hin systkinin að tínast til Ísafjarðar líka og þá fór að færast fjör í leikinn. Mamma og pabbi eiga í dag fjörutíu afkomendur en þau eru 68 og 69 ára gömul. Þetta er nokkuð stór hópur.“

Foreldrar hans voru um tíma búsett í Noregi þar sem systur Hjörleifs búa enn.

Hjörleifur stundaði fiðluna stíft á Ísafirði og gekk í Tónlistarskóla Ísafjarðar. Það var samt fljótt ljóst að í honum

Hjörleifur og eiginkona hans Ágústa María Arnardóttir. Þau kynntust í Noregi.

„Ég myndi eiginlega ekki kalla fiðluna vin. Hún er frekar hluti af líkamanum," segir hann og hlær prakkaralega. „Það er voðalega rómantískt að segja að hljóðfærið sé harður húsbóndi. Mér finnst hún finnst og fremst umburðarlyndur húsbóndi og mér lyndir ægilega vel við hana."

agarði

TEXTI OG MYNDIR: BJARNI BRYNJÓLFSSON

byggi mikið efni. Í gagnfræðaskóla var hann sendur í tannréttingar suður og í leiðinni fiðlutíma hjá Þórhalli Birgissyni. „Hann var frábær kennari og fiðluleikari," segir undrabarnið.

Fiðlan hluti af líkamanum

Hvernig er að eiga svona lífstíðarvin eins og fiðluna?

„Ég myndi eiginlega ekki kalla hana vin. Hún er frekar hluti af líkamanum," segir hann og hlær prakkaralega. „Það er voðalega rómantískt að segja að hljóðfærið sé harður húsbóndi. Mér finnst hún finnst og fremst umburðarlyndur húsbóndi og mér lyndir ægilega vel við hana."

Þannig að hún er mild við þig?

„Já, ég segi samt ekki að það hafi ekki komið tímabil þar sem ég hef verið ósáttur við hana. En það er eiginlega bara vegna þess að manni finnst alltaf hægt að ná betri tökum á henni. Þetta er þannig með hljóðfæraleikara að maður er að læra allt sitt líf. Ég er þannig gerður að ég hlusta eiginlega bara á klassíska tónlist en ég spila allt mögulegt. Ég spila bara allt sem mér dettur í hug að spila. Mér finnst æðislegt að uppgötva eitthvað og spila það öðruvísi. Þannig er ég alltaf að leita. Og ég hef alltaf verið algjörlega óhræddur við að láta hjartað mitt ráða ferðinni. Eftir því sem árin líða verða mörkin sífellt ósýnilegri á milli manns og hljóðfæris. Þetta er náttúrlega bara endalaus þjálfun og æfing. Ég virði klassísku hefðina mikils og stúdera hana. Ég les mikið um tónlist og hef kynnt mér hvernig ákveðin verk voru spiluð á ákveðnum tímum. Ég hef jafnvel gengið svo langt að lesa gömul sendibréf frá hljóðfæraleikurum til tónskálda og öfugt. Þetta hjálpar mér í listinni en svo hef ég líka bara svo mikinn áhuga á sagnfræði."

Djúpsteikingarfeiti í stað smjörs

Frá Ísafirði lá leið Hjörleifs og fiðlunnar hans til Reykjavíkur, þaðan til Osló og frá Osló lá leiðin til Prag í Tékklandi. „Ég var fyrsti nemandinn í mörg ár sem fór úr Tónlistarháskólanum í Osló í Prag Conservatory. Einhverjir Norðmenn höfðu þó verið þar á árum áður en Prag Conservatory er þriðji elsti tónlistarskóli heims. Ég var þar í einkatímum hjá prófessor Petr Messiereur sem er stórkostlegur fiðluleikari. Ég fékk styrk hjá tékkneska ríkinu til að læra þarna. Það vildi svo vel til að íslenski sendiherrann í Osló var einnig sendiherra fyrir Tékkland og ég fékk ómetanlega aðstoð frá íslenska sendiráðinu."

Hjörleifur segist hafa fallið nær samstundis fyrir Prag sem er ein fallegasta borg mið Evrópu. Hefðin beinlínis lekur af hverjum steini í borginni. Hann tók námið strax föstum tökum, komst fljótlega inn í málið og las allt um sögu Tékkóslóvakíu og tónlist sem hann kom höndum yfir. „Ég var algjörlega grænn þegar ég kom til Prag, kunni ekki málið en var svo heppinn að þekkja fólk þarna, fjölskyldu tónlistarkennarans míns gamla sem ég hafði samband við. Þau reyndust mér einstaklega vel. Þá naut ég þess að geta verið í sambandi við Þóri Gunnarsson, konsúl Íslands í Prag, og eiginkonu hans sem reka veitingahúsið Reykjavík í borginni. Fyrsta árið mitt voru mjög fáir Íslendingar í borginni, þeir voru fimm en á öðru árinu fjölgaði um helming í hópnum. Við héldum náttúrlega sambandi. Ég man eftir því þegar ég fór fyrst út í búð. Ég ætlaði að kaupa smjör en fann ekkert sem líktist smjöri. Ég fór heim með stóran dunk af einhverju sem ég hélt að væri smjörið góða en reyndist síðan vera djúpsteikingarfeiti. Í hverfinu sem ég bjó í sá maður aldrei ferðamenn. En það hjálpaði bara til við að læra málið."

Verk eftir tónskáld sem ekki eru til

Hjörleifur var í Prag á árun-

Hjörleifur með Stradivarius fiðluna. Hann dreymdi um að spila á slíka fiðlu þegar hann var smádrengur. Nú hefur draumurinn ræst en íslensk kona festi kaup á Stradivarius fiðlu sem Hjörleifur hefur aðgang að.

„Ég þarf sjálfur að hafa fyrir því að finna upp hluti til að geta lifað af sem hljóðfæraleikari. Þegar ég sé eitthvað sérstakt þá vil ég deila því með öðrum. Það er svo skrítið að allt sem ég geri vel þá er fyrsta hugsunin alltaf sú að ég vil fara með það til Ísafjarðar. Hugsunin leitar því oft þangað.“

um 1993 – 1996. „Ég var búinn að skjóta rótum þarna og ber enn mjög sterkar taugar til borgarinnar. Í rauninni finnst mér að ég hafi aldrei yfirgefið hana. Þetta er bara eitthvert millibilsástand. Ég fór bara tímabundið og við hjónin gætum bæði hugsað okkur að flytjast þangað aftur. Hver veit. Það er allt opið. Við förum þangað reglulega, stundum nokkrum sinnum á ári.“

Það sem dró Hjörleif til Íslands var ástin – að sjálfsögðu. „Ég hitti mína yndislegu eiginkonu í Noregi í millitíðinni og eiginlega fluttum við í hálfgerðu stundarbrjálæði til Íslands. Það stóð alls ekki til. En okkur líður mjög vel hérna og höfum bæði nóg að gera.“

Er eiginkonan harður húsbóndi?

„Nei, það myndi ég ekki segja. Hún lætur dagana ganga upp hjá mér. Ég er eins og handleggur á henni og hún eins og fingur á mér.“

Frá Prag fór Hjörleifur til Essen í Þýskalandi þar sem hann sótti einkatíma til Peter Daniels. „Hann var mikið undrabarn og var í góðum vinskap við Nigel Kennedy. Peter var tengdasonur sellóleikarans fræga, Rostropovich. Ég spilaði með honum á tónleikum einu sinni.“

Þó að Hjörleifur sé frábær fiðluleikari, með samtals níu ára háskólamenntun að baki frá virtum skólum, hefur hann ekki fundið sig í stofnunum eins og sinfóníuhljómsveitum. „Þegar maður hefur lokið námi í tónlistarháskóla er maður dálítið í lausu lofti eins og reyndar allir sem ljúka námi. Maður getur sótt um stöður í hljómsveitum sem er mjög spennandi en ég hef hins vegar alltaf verið að bauka svo margt sjálfur. Mér leiðast batterí og vill hafa meira frelsi. Ég nenni ekki að bíða eftir því að batterríið taki ákvörðun. Ég er of óþolinmóður. Þess vegna hef ég unnið mestmegnis sjálfstætt.“

En semurðu tónlist sjálfur?

„Ja, við skulum segja sem svo að ég leik mjög oft verk eftir tónskáld sem ekki eru til. Þetta er uppljóstrun. Ég hef aldrei sagt frá þessu áður.“

Slegist um Stradivarius fiðlu

Hjörleifur er eini íslenski fiðluleikarinn sem leikur á fiðlu fiðlanna ef svo má komast að orði. Hann er með Stradivarius fiðlu í sinni umsjá og spilar á hana við hátíðleg tækifæri. „Þegar ég var sjö ára og bar út Moggann á Húsavík sagðist ég ætla að verða fiðlusnillingur og spila á Stradivarius fiðlu,“ segir hann kómískur á svipinn.

Sá draumur hefur sem sé ræst?

„Já. Eiginlega má segja að það sé algjör uppfylling allra minna drauma að hafa aðgang að svona hljóðfæri. Ég fékk þessa fiðlu lánaða frá frönskum fiðlusmiði sem ég kannaðist við. Fiðlan kemur frá Bandaríkjunum, er smíðuð árið 1732, og það var slegist um hana. Ég var í samkeppni um hana við nokkra heimsfræga fiðluleikara sem vildu ólmir fá hana. Nú hefur íslensk kona, Ingunn Wernersdóttir, keypt hana og ég gæti hennar eins og sjáaldurs augna minna og spila á hana við sérstök tækifæri. Ég leitaði lengi að fjárfesti sem gæti keypt hana því verð á svona hljóðfærum hleypur á hundruðum milljóna. Kaupverðið er trúnaðarmál en þetta er frábær fjárfesting. Þessi fiðla hefur alltaf verið í notkun, hún er enginn rykfallinn safngripur heldur svokallað spilarahljóðfæri og það er yndislegur hljómur í henni. Fiðlusnillingurinn heimsfrægi Yehudi Menuhin hafði hana um tíma. Áður en þessi góða kona keypti hana var ég m.a. búinn að reyna alla bankana. Öllum fannst þetta voðalega spennandi en voru samt ekki alveg vissir. Í Sviss og Austurríki kaupa bankar gull og gömul hljóðfæri í fjárfestingarskyni og eiga frábær hljóðfærasöfn sem þeir lána í upptökur og til hljómsveita í styrktarskyni. Þetta gætu bankarnir líka gert hér. Þetta eru fjárfestingar sem ávaxta sig vel, bæði áþreifanlega í fjármunum og auka einnig veg viðkomandi fyrirtækja í samfélaginu þannig að þau vaxa mjög í áliti hjá almenningi. Ég sé fyrir mér að íslenskir bankar gætu komið sér upp hljóðfærasafni sem Sinfóníuhljómsveit Íslands og fleiri hefðu aðgang að. Þeir gætu líka keypt hljóðfæri af íslenskum hljóðfærasmiðum og lánað til tónlistarskólanna. Þannig myndum við styðja við bakið á frábærum hljóðfærasmiðum sem við eigum og komið upp safni af fágætum og góðum íslenskum hljóðfærum. Sá fjárfestir sem gerði þetta myndir reisa sér ómetanlegan minnisvarða sem væri nú aðeins merkilegri en einhver koparstytta sem safnar bara spanskgrænu og fugladriti.“

Hljóðfæri eins og góð vín

Þú ferð nú varla með Stradivariusinn út á kvöldin til að spila á einhverjum búllum?

„Það er nú svo fyndið að margir halda það. En svo er ekki. Ég nota þetta einstaka hljóðfæri einungis við sérstök tækifæri. Að leika á þetta hljóðfæri er eins og fyrir unnanda málverka að eiga Monu Lisu upp á vegg heima í stofu. Þetta er algjört djásn.“

En hvað er það sem gerir Stradivarius fiðlur betri en aðrar fiðlur?

„Sko. Grikkirnir fundu upp hringleikahúsið á sínum tíma. Þar er fullkominn hljómur. Samt erum við enn að byggja ónýt tónlistarhús sem hafa engan hljóm. Í gegnum tíðina hafa líka verið til fullt af frábærum hljóðfærasmiðum en Stradivari fullkomnaði fiðlusmíðina. Hún náði einfaldlega hæstum hæðum hjá honum. Hljómurinn, fagurfræðin í smíðinni og efnisvalið er óaðfinnanlegt. Það er bara þannig.“

Eru svona hljóðfæri eins og gott vín, verða bara betri með aldrinum?

„Það er engin spurning. Þær verða sumar betri eftir því sem þær eldast. Hins vegar er nauðsynlegt að fara vel með svona gripi. Aðeins færustu sérfræðingar fá að fara höndum um og lagfæra svona hljóðfæri. Ég verð að fara með mína til New York til aðhlynningar en það er önnur saga.“

Aftur að upprunanum. Er mikil tónlistarhefð í fjölskyldu þinni?

„Móðurfólkið mitt spilar og syngur mikið. Bræður mínir tveir spila á hljóðfæri. Og við Hagbarður litli bróðir minn sungum mikið saman og rödduðum í gamla daga.“

Hugurinn leitar til Ísafjarðar

Hjörleifur er með ýmis járn í eldinum. Hann er alltaf að æfa ný verk. Í fyrra hélt hann tónleika til styrktar BUGL í Grafarvogskirkju þar sem hann flutti Árstíðirnar eftir Vivaldi. Hann ætlar að flytja það verk aftur á nýju ári. Þá er hann með plön um að flytja inn franskan fiðlusnilling á eigin vegum sem heitir Gilles ApAp. „Ef mönnum finnst Nigel Kennedy hafa eitthvað nýtt og snilldarlegt fram að færa þá ættu þeir að hlusta á þennan gaur,“ segir hann. „Hann er bara ólýsanlega flottur. Ég þarf sjálfur að hafa fyrir því að finna upp hluti til að geta lifað af sem hljóðfæraleikari. Þegar ég sé eitthvað sérstakt þá vil ég deila því með öðrum. Það er svo skrítið að allt sem ég geri vel þá er fyrsta hugsunin alltaf sú að ég vil fara með það til Ísafjarðar. Hugsunin leitar því oft þangað,“ segir Hjörleifur að lokum. Svo er hann þotinn á æfingu.

– Bjarni Brynjólfsson.

Hjörleifur með yngsta soninn Karel í fanginu. Þá er eiginkonn Ágústa María Arnardóttir, lengst til vinstri, þá kemur Diljá, svo Mínerva, Leópold tvíburi Diljár. Við hlið Hjörleifs er Guðný Halla sem Ágústa María átti fyrir.

Trausti kominn áfram í alþjóðlegri lagakeppni

Önfirðingurinn Trausti Bjarnason er kominn áfram í alþjóðlegu lagakeppninni Song of the Year, en í hana sendi Trausti lag sitt Þér við hlið, sem lesendur muna ef til vill eftir úr eftirminnilegum flutningi Regínu Óskar í forkeppni Eurovision-söngvakeppninnar fyrr í ár. Lagið keppir við ellefu önnur lög í flokknum „Adult Contemporary“, og ef það vinnur þann flokk heldur það áfram og keppir um titilinn Lag ársins, eða Song of the Year. „Ég gerði þetta bara í einhverjum hálfkæringi í haust,“ segir Trausti við Fréttablaðið. „Ég hafði frétt af því að Þorvaldur Bjarni hafi einhvern tíma sent lag í þessa keppni.“ Þá segir Trausti verðlaun í keppninni vegleg. „Það eru held ég hundrað þúsund dollarar og alls konar dót, en ég er ekki alveg viss. Lagið verður hins vegar sent til útgáfufyrirtækja, umboðsmanna og fjölmiðla í Bandaríkjunum. Það er náttúrulega gaman ef eitthvað gerist en ég veit ekki hvort það kemur neitt út úr þessu.“

Ódýrast að gera göng frá Bolungarvík til Hnífsdals

Vinnuhópur Vegagerðarinnar hefur lagt fram skýrslu um helstu valkosti til að tengja Bolungarvík við vegakerfi landsins með jarðgöngum. Þeir kostir, sem þykja vænlegastir eru jarðgöng frá Bolungarvík til Hnífsdals eða í Seljadal innarlega á Óshlíð. Ekki er mikill munur á framkvæmdakostnaði milli jarðgangaleiða. Í skýrslu vinnuhópsins eru þrjár leiðir taldar koma til greina, tvær til Hnífsdals, nefndar Skarfaskersleið og Hnífsdalsleið og síðan Seljadalsleið, innarlega á Óshlíð, en allar tengjast þær Bolungarvík með jarðgöngum.

Kostnaðarmunur er ekki mikill á milli þessara leiða. Kostnaður við Seljadalsleið er 3.800 milljónir, Skarfaskersleið 4.270 milljónir og Hnífsdalsleið rúmlega 3,5 milljarðar króna. Hnífsdalsleið hefur mest umhverfisáhrif, þar sem leggja þarf veg þvert yfir Hnífsdal um miðjan dal og ofan viðkvæmrar byggðar. Einnig yrðu mikil umhverfisáhrif í Syðridal í Bolungarvík þar sem vegurinn lægi þvert yfir Syðradalsvatn.

Tillögurnar voru kynntar sveitarstjórnarmönnum í Bolungarvík og í Ísafjarðarbæ á fimmtudag.

– eirikur@bb.is

Óshlíð.

Grunaður um sölu fíkniefna

Lögreglan á Ísafirði lagði í síðustu viku hald á 50 gr. af hassi hjá rúmlega tvítugum manni á Ísafirði. Maðurinn var í haldi lögreglunnar í sólarhring vegna gruns um fíkniefnamisferli, sem var til rannsóknar hjá lögreglunni á Ísafirði en rannsóknin laut að meintri fíkniefnadreifingu á norðanverðum Vestfjörðum undanfarnar vikur og mánuð.

Lögreglustöðin á Ísafirði.

Maðurinn er grunaður um að hafa sótt nokkuð magn fíkniefna til Reykjavíkur nýlega og flutt þau til Ísafjarðar í þeim tilgangi að selja þau þar og í nágrenninu. Í tengslum við rannsókn málsins naut lögreglan á Ísafirði aðstoðar lögreglunnar í Reykjavík, en þar var annar karlmaður handtekinn og yfirheyrður vegna sama máls. Sá maður er grunaður um að hafa komið að efnisöfluninni.

Maðurinn, sem lögreglan á Ísafirði var með í haldi, hefur ekki áður komið við sögu vegna fíkniefnamála. Hins vegar hefur maðurinn, sem lögreglan í Reykjavík yfirheyrði, áður komið við sögu vegna fíkniefnamála. Málið telst vera upplýst.

– thelma@bb.is

Gunnar nýr prófdómari ökuprófa á Vestfjörðum

Gunnar Hallson, forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar Bolungarvíkur og fyrrum ökukennari, hefur tekið við starfi prófdómara ökuprófa á Vestfjörðum af Sturlu Páli Sturlusyni, deildarstjóra Tollgæslunnar á Ísafirði. „Hér er eingöngu um hlutastarf að ræða sem ég mun gegna samhliða starfi mínu við íþróttamiðstöðina í Bolungarvík“, segir Gunnar. „Ég mun hins vegar leggja ökukennsluna á hilluna sem ég hef stundað hér á svæðinu í rúm 20 ár, enda ekki leyfilegt að sinna bæði ökukennslu og prófdómarastarfi á sama tíma.“

Sturla Páll segist vissulega kveðja prófdómarastarfið með ákveðnum söknuði, en það hafi þurft að víkja vegna aukinna verkefna hjá Tollgæslunni á Ísafirði, sem mun frá og með næstu áramótum sinna allri tollgæslu á Vestfjörðum. Gunnar segir þjónustuna verða nánast óbreytta, þ.e. stílað verði inná að vera með fræðileg og verkleg ökupróf á þriðjudögum og verkleg ökupróf á fimmtudögum.

Vilja fá úttekt á kostum og göllum lóða undir aðveitustöð

Eins og greint hefur verið frá sótti Orkubú Vestfjarða á dögunum eftir því að nýta lóð sína við Mjósund til að byggja nýja aðveitustöð á Ísafirði sem kom á í stað aðveitustöðvarinnar í Stórurð. Til vara var sótt um lóð með sambærilega kosti og sú við Mjósund fyrir aðveitustöðina. Þá var óskað eftir lagnaleið fyrir tvo 66 kV strengi frá núverandi aðveitustöð í Stórurð, að nýrri staðsetningu aðveitustöðvarinnar.

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar hefur nú óskað eftir því að OV og landsnet skoði þrjá kosti, meti kosti og galla hvers og eins og skili umsögn til nefndarinnar. Valkostirnir sem um er að ræða eru lóð við Mjósund, lóð á Skeiði og varnargarður ofan við núverandi stöð í Stórurð. Þá hefur umhverfisnefnd óskað eftir nánari útfærslu frá OV og Landsneti hf. á nýtingu lóðarinnar við Mjósund. *– eirikur@bb.is*

Orkubú Vestfjarða á Ísafirði.

Mikill samdráttur í veiðum á flestum tegundum

´ Talsvert minna kom á land af þorski í nóvember á Vestfjörðum í ár en í fyrra. Í fyrra var 3.277 tonnum landað á Vestfjörðum en þau voru einungis 2.300 í ár og er samdrátturinn upp á 30%. Sömu sögu er að segja um flestar fisktegundir. Í nóvember í fyrra var 1.577 tonnum landað af ýsu á miðað við 1.005 tonnum í ár, en það er 36% samdráttur. 181 tonn komu á land af ufsa í nóvember í fyrra en einungis 106 tonn í ár. Það er samdráttur upp á 41%.

Samdráttur er í veiðum á öllum tegundum nema löngu, keilu, skötusel, gulllaxi, grálúðu, skarkola og síld. Mjög lítið veiddist af öllum þessum tegundum að síldinni undanskilinni, en þar var auk þess mikil aukning á milli ára. Í nóvember í fyrra var 207 tonnum landað af síld á Vestfjörðum á miðað við 557 tonnum í ár. Það er aukning um 169%.

Atvinna

Vanur vörubílstjóri óskast til starfa. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt. Unnið er á tækjum og er æskilegt að viðkomandi hafi stjórnunarhæfileika.

Upplýsingar eru veittar í síma 456 4200 og hjá Skafta Elíassyni í síma 863 3851.

Ásel ehf., Sindragötu 27, Ísafirði.

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
ENDURSKOÐUN VESTFJARÐA ehf
Aðalstræti 19 · Bolungarvík

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
Póllinn hf.
Pollgötu 2 · Ísafirði · Sími 456 3092

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
ÁGÚST & FLOSI ehf
BYGGINGAVERKTAKAR
Árnagötu 3 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
Olíufélag útvegsmanna hf
Hafnarhúsinu
Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
Hjólabarðaverkstæði Ísafjarðar ehf
Sindragötu 14
www.bilaverid.is

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
Bakkavík hf.
Hafnargötu – Bolungarvík

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
VÍSIR HF
Þingeyri og Hafnargötu 16 Grindavík

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
HAMRABORG EHF.
HAFNARSTRÆTI 7 • ÍSAFIRÐI • SÍMI 456 2166

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
ÍSFANG
Suðurgötu · Ísafirði

Sendum Bolvíkingum, Súgfirðingum og öðrum Vestfirðingum bestuóskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár með þökk fyrir viðskiptin
Sparisjóður Bolungarvíkur
Bolungarvík – Suðureyri

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
RÖRTÆKNI ehf
VERSLUN
PÍPULAGNAÞJÓNUSTA
SINDRAGATA 12b. Sími: 456 3045

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
F.O.S. Vest.

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
Málningarbúðin
Sindragötu 14· Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
Þristur
vélsmiðja – verslun
Sindragötu 9 og
Hafnarstræti 14 Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
WM straumur
Sindragötu 12b · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR VESTFJÖRÐUM EHF.
Ísafirði og Hólmavík

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
BÍLATANGI HF.
Suðurgötu 9 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
FMS
Sindragötu 11 · Ísafirði

Helg eru jól

Sátt við Guð og menn

– Hvað finnst þér einkenna góð jól?

„Þegar ég var lítil heima á Ingjaldssandi var það alltaf mesta tilhlökkunin að fá heim jólagestina, systkini mín og fleiri sem komu heim úr skólum og vinnu, oft var um langan veg að fara og samgöngur ekki eins greiðar og er nú. Þá var það alltaf efst á óskalistanum að allir skiluðu sér heim, það stóð stundum tæpt og síðasti gesturinn stundum að koma heim á hádegi á aðfangadag, og þá gangandi eða á snjósleða yfir Sandsheiði.

Í dag hlusta ég á útvarpið á Þorláksmessu og aðfangadag og verð hrygg ef ég heyri af ófærð í lofti og láði því þá komast ekki allir heim til sinna um jólin! Fullkomin jól er að allir séu þar og hjá þeim sem þeim líður best.“

– Hvernig væru hin fullkomnu jól í þínum huga?

„Upp í sveit, kyrrð og fullt tungl, snjór og það marrar í snjónum. Farið í kirkju og kirkjuklukkunum hringt með handafli og sungið við harmaníuorgel, helst þarf að vanta eina nótu í nótnaborðið. Meðan presturinn tónar leitar hugurinn heim í jólabókina sem þú varst hálfnuð með og hlakkar til að lesa framhaldið. Lesa aftur öll 70 jólakortin sem komu á heimilið og helst að hafa sent fleiri frá sér. Vera sáttur við Guð og menn með frið í hjarta.“

– Hvað langar þig helst í jólagjöf?

Halla Signý Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri Bolungarvíkurkaupstaðar.

„Að öll þjóðin megi ljúka jólakvöldinu sátt. Ef það er ekki hægt þá væri ágætt að fá góða bók.“

– Hver er eftirminnilegasta jólagjöfin sem þú hefur fengið?

„Það er nú alltaf skemmtilegast að taka upp jólagjafirnar sem börnin hafa föndrað í leikskólanum eða skólanum og sjá hamingjuna í augum þeirra þegar þau segja „mamma finnst þér þetta ekki fínt, ég gerði þetta fyrir þig.““

Reyndar man ég sérstaklega eftir einni gjöf, Þegar ég var 12 ára og orðin rígfullorðin, að mér fannst og farin að lesa sorglegar bækur þá fékk ég dúkku í jólagjöf frá mömmu og pabba. Mér var verulega misboðið en sagði ekki neitt. En þetta varð dúkkan sem ég man eftir og mér þótti mjög vænt um og lék mér oft með hana þegar enginn sá til.“

Föndur sonarins toppaði allar gjafir

– Hvað finnst þér einkenna góð jól?

„Fjölskyldan saman, snjór, jólamynd á rúv og ekta skata sem pabbi verkar og mamma sýður.“

– Hvernig væru hin fullkomnu jól í þínum huga?

„Ég er nú að fara til Kanarí um þessi jól og vona að þau komist nálægt fullkomnun, en það er helst að allir geti átt ánægjuleg jól í faðmi sinna nánustu.“

– Hvað langar þig helst í jólagjöf?

„Að börnin mín vekji mig og konuna mína á aðfangadagsmorgun með jólasöng og morgunmat í rúmið. Ég elska barnasöng. Tengdapabbi má alveg sofa á sínu græna þegar þetta fer fram.“

– Hver er eftirminnilegasta jólagjöfin sem þú hefur fengið?

Benedikt Sigurðsson, yfirþjálfari Sundfélagsins Vestra á Ísafirði.

„Föndur sem sonur okkar gaf okkur þegar hann var mjög ungur, það var svo fallegt á sinn hátt og toppaði allar aðrar dýrar og flottar jólagjafir.“

Jólin nálgast óðfluga og bæði börn og fullorðna hlakkar til. Þó hátíðarhaldið sé ef til vill með svipuðu sniði á flestum heimilum þá er mismunandi hvað hverjum og einum finnst skapa hina einu sönnu jólastemmningu sem allir sækjast eftir. Nokkrir Vestfirðingar tjáðu Bæjarins besta hvað þeim þætti einkenna góð jól.

Gleðilegt skuldabréf í jólagjöf

– Hvað finnst þér einkenna góð jól?

„Góð jól einkennast af ró og friði í faðmi fjölskyldunnar. Hef aldrei upplifað vond jól og spyr því eiginlega hvort að þau séu til. En auðvitað eru til uppákomu jól sem ekki fóru eins og þau áttu að fara, eins og heima hjá mér í æsku a.m.k. í tvígang þegar rafmagnið fór af húsinu um fjögur leitið og við þurftum að hlaupa með pottana til vina okkar í næsta húsi sem blessunarlega voru annars staðar í mat á jólunum. En eftir að jólin sjálf eru komin er bara gott."

– Hvernig væru hin fullkomnu jól í þínum huga?

„Hin fullkomnu jól væru jólin þar sem við fjölskyldan værum öll saman. Því næst kæmu til okkar næsta fjölskylda sem eru þá systkini okkar og foreldrar, afar og ömmur. Góður matur, ekkert uppvask, sósan fullkomin og steikin líka. Það má ekki missa af matarundirbúningnum því að hann svo mikilvægur hluti af þessari hátíð. En eigi ég að víkka sjóndeildarhringinn örlítið þá eru auðvitað hin fullkomnu jól þar sem öll heimsbyggðin er södd og þarf ekki að óttast árásir og ófrið."

– Hvað langar þig helst í jólagjöf?

„Mig langar í skólabækur, eins órómó eins og það nú er, því þær eru svo skrambi dýrar. Svo langar mig líka í eitthvað svona tæki sem ég get notað til að hlusta á tónlist og útvarp í bland þegar ég er á göngu eða í ræktinni. Svo er ég svo

Helga Vala Helgadóttir, lögfræðinemi og bæjarstjórafrú í Bolungarvík.

heppin að eiga þessi líka listrænu börn og í væmni minni þykir mér alltaf vænst um föndrið frá þeim."

– Hver er eftirminnilegasta jólagjöfin sem þú hefur fengið?

„… æ… ég man alltaf eftir skautunum sem ég fékk þegar ég var sex ára. Ég nefnilega kíkti áður en jólin komu (ekki segja Skúla bróður því hann spurði mig margsinnis á þeim árum). Af þeim sökum hafði ég þetta líka hrikalega samviskubit þegar jólin loksins runnu upp og lék fagnaðarlætin eins og ég gat þegar pakkinn var opnaður. Fyrir tveimur árum fengum við Grímur svo skuldabréf frá Snærós dóttur minni sem þá var 13 ára. Þetta var skuldabréf þar sem hún skuldbatt sig til að sýna okkur ást og umhyggju á komandi ári. Þetta var með gleðilegri skuldabréfum sem ég hef séð."

Góð jól þegar börnin geisla af gleði

– Hvað finnst þér einkenna góð jól?

„Góð jól eru hlýleg, róleg og afslöppuð í faðmi fjölskyldu og góðra vina. Jólin byrja með aftansöng í Hnífsdalskapellu kl. 18. Eftir það er borðað og gjafir opnaðar. Góð jól eru þegar börnin geisla af gleði."

– Hvernig væru hin fullkomnu jól í þínum huga?

„Fullkomin jól eru notaleg, með hefbundnum hætti fjölskyldunnar með hamingjusömu fólki í kring og inni er hlýtt, notaleg birta, fullt af kertaljósum og börn að gleðjast yfir deginum. Úti er afslappað veður með einstaka snjókorni að falla rólega til jarðar. Í lok kvölds er, borðaður heimalagaður ís, setið og spilað og leikið fram eftir nóttu í nýju náttfötunum þangað til hver og einn er sáttur við að fara í háttinn."

Hvað langar þig helst í jólagjöf?

Mig langar í persónulega hluti frá börnunum mínum. Þær hafa lag á að búa til fallegar jólagjafir sem gleðja mig

Ingibjörg María Guðmundsdóttir, forstöðumaður skóla- og fjölskylduskrifstofu.

alltaf ótrúlega mikið.

– Hver er eftirminnilegasta jólagjöfin sem þú hefur fengið?

„Þegar maðurinn minn fyrrverandi gaf mér fallegt skart sem ég gat ómögulega sætt mig við og skartið endaði aftur í versluninni. Þetta voru með fyrstu jólum okkar og mér fannst þetta ferlegt vanþakklæti en gat ekki hugsað mér að nota það. Hann hætti þessari iðju eftir þessi jól."

Eignaðist lítinn frænda á aðfangadag

– Hvað finnst þér einkenna góð jól?

„Samvera fjölskyldunnar og allt stress á bak og burt."

– Hvernig væru hin fullkomnu jól í þínum huga?

„Hóflegur snjór yfir öllu, öll fjölskyldan komin saman, messa, hreindýr, lestur fram eftir kvöldi, kyrrð í sál og samfélagi og í stærra samhengi friður á jörð."

– Hvað langar þig helst í jólagjöf?

„Af veraldlegum hlutum eru eigulegar bækur alltaf vel þegnar. Einnig vantar mig nýja kuldaskó."

– Hver er eftirminnilegasta jólagjöfin sem þú hefur fengið?

Jónas Guðmundsson, sýslumaður í Bolungarvík.

„Ekkert jafnast á við það þegar ég eignaðist lítinn frænda á aðfangadag fyrir nokkrum árum."

Ferð á skautasýningu í London í jólagjöf

– Hvað finnst þér einkenna góð jól?

„Værð og afslöppun. Göngutúr í góðra vina hópi á jóladag."

– Hvernig væru hin fullkomnu jól í þínum huga?

„Hin fullkomnu jól eru þegar ég hef alla fjölskylduna hjá mér."

– Hvað langar þig helst í jólagjöf?

„Mig langar helst í ilmvatnið Cannel No5"

– Hver er eftirminnilegasta jólagjöfin sem þú hefur fengið?

„Ferð á skútusýningu í London árið 1978."

Kristín Hálfdánsdóttir, rekstrarstjóri hjá Samskipum.

Andi friðar og kærleika svífur yfir hátíðirnar

– Hvað finnst þér einkenna góð jól?

„Að mínu mati finnst mér góð jól vera búin í tíma að undirbúa jólin, fara með fjölskyldunni á röltið á Þorláksmessukvöldi á Ísafjörð, borða góðan mat á jólum og njóta kærleikans og gleðinnar með eiginmanni og börnum. Fara í Jólaboð til ættingja. Hafa það notalegt og borða konfekt og kannski lesa bók."

– Hvernig væru hin fullkomnu jól í þínum huga?

„Ekkert er fullkomið og því er ekki hægt að halda fullkomin jól. Mín fullkomnu jól eru þegar gleðin skín úr andlitum barna minna og þau séu ánægð og andi friðar og kærleika svífur yfir hátíðirnar í faðmi stórfjölskyldunnar."

– Hvað langar þig helst í jólagjöf?

„Mér finnst ég þarfnast einskis í jólagjöf, enda á ég allt sem skiptir máli sem hægt er að kaupa í búð. En ég myndi vilja fá frið í heiminum og að fátækt á Íslandi og heiminum verði útrýmt, það yrði svakalega góð jólagjöf."

Vilborg Arnardóttir, athafnakona í Súðavík.

– Hver er eftirminnilegasta jólagjöfin sem þú hefur fengið?

„Eftirminnilegustu jólagjafirnar eru margar og allar eru þær búnar til af börnunum mínum eða skemmtileg gjöf frá eiginmanninum. Sú eftirminnilegasta af öllum var rosa stór geisladiskastandur sem Ragnar minn keypti í einni sundferðinni á Ísafjörð í skólanum fyrir jól þegar hann var 15 ára. Hann gat laumað þessu heim, pakkað inn og faldi uppi á lofti fram til aðfangadagskvölds. Hann lagði ekkert smá á sig til að gleðja foreldra sína."

Jólaboðin ómissandi

– Hvað finnst þér einkenna góð jól?

„Þegar fjölskyldan getur verið öll saman um jólin og undirbúningurinn hefur tekist vel og allir fjölskyldumeðlimir hafa lagt sitt af mörkum svo jólahátíðin verði sem ánægjulegust. Jólaboðin eru ómissandi þegar stórfjölskyldan kemur saman spilar og skemmtir sér og gæðir sér á öllu því góðgæti sem er á borð borið. Jólasnjóinn má ekki vanta og gaman er að geta kíkt í góða bók, síðan er magnað að ganga í blysför út í Staðardal á gamlárskvöld í messu í Staðarkirkju það fyllir mann sönnum frið og jólagleði. Og að lokum enda jólin með tvöfaldri afmælisveislu dóttur minnar og bróðurdóttur en þær eru fæddar að kvöldi þrettánda ,en það kvöld hefur móðir mín sem kennir við skólann boðið fjölskyldunni ásamt nemendum grunnskólans heim til sín í veislu og jólaleiki svo lengi sem ég man eftir og kvöldið endar með blysum og flugeldaskotum og þannig eru jólin kvödd með gleði en svolitlum trega."

– Hvernig væru hin fullkomnu jól í þínum huga?

„Að geta á jólanóttu farið í draumi og hitt þá sem farnir eru og eru manni kærir og upplifað gleði og tilhlökkun bernskujólanna og fært þá gleði áfram til allra ástvina sinna."

– Hvað langar þig helst í jólagjöf?

„Góðan hest."

– Hver er eftirminnilegasta jólagjöfin sem þú hefur fengið?

„Fullbúin dúkkukennslustofa sem ég var búin að skoða í kaupfélagsglugganum á Suðureyri allan desember þegar ég var barn og mig langaði mikið til að eignast og fékk síðan í jólagjöf."

Lilja Rafney Magnúsdóttir, vaktmaður íþróttamiðstöðvar á Suðureyri.

Frá Jólalandi í Álaborg í Danmörku. Ljósm: Hafdís Sunna Hermannsdóttir.

Jólin fjarri fósturjörðinni

Jólin halda nú innreið sína með öllum sínum ljóma og hefðum. Götur eru færðar í jólabúninginn og gluggar heimahúsanna lýsa skreyttir út í skammdegið. En hvernig eru jólin annars staðar en á fróni? Bæjarins besta fékk þrjá Vestfirðinga sem búa erlendis til þess að segja lesendum blaðsins eilítið frá undirbúningi jólanna í því landi sem þeir búa í. Guðrún Ása Magnúsdóttir býr og starfar í Kaupmannahöfn í Danmörku, Hálfdán Bjarki Hálfdánsson er verkamaður í Svíþjóð og Hafdís Sunna Hermannsdóttir er í námi í Háskólanum í Álaborg í Danmörku.

Hafdís Sunna Hermannsdóttir í Danmörku

Jólaland í Álaborg

„Danir eru þekktir fyrir sínar ótal mörgu jólahefðir, enda eru jólin, eins og Danirnir í bekknum nefndu, „en ultimative hygge“.Fyrri hluti desembermánaðar gengur nánast ekki út á annað en að borða „bleskiver“ mæta á „julefrokost“og eiga samverustund með vinum og vandamönnum við skraut-, glögg- og konfektgerð. Þegar jólin sjálf skella á er helst að nefna pakkaleik og dans á aðfangadag, sem eru frábrugðin því sem við eigum að venjast.

Hafdís Sunna Hermannsdóttir.

Pakkaleikurinn felst í stuttu máli í teningakasti og slagsmálum um pakka, og á aðfangadag dansar öll fjölskyldan saman í kringum jólatréð í stofunni og syngur jólalög. Sumar fjölskyldur fara auk þess í nokkurs konar hlaupaleik um húsið. Þetta virðist allt vekja mikla lukku, allavega ljómuðu Danirnir þegar þeir lýstu þessu fyrir mér.

Bærinn sem ég bý í, Álaborg, fær skemmtilegan jólasjarma í desember. Tvö af þremur aðaltorgum Álaborgar breytast nánast í jólaheim, á öðru torginu rís jólaland og á hinu útiskautasvell. Jólalandið er vel ljósaskreytt með hringekju og litlum tréhúsum þar sem seldar eru ristaðar möndlur, grillað kjöt, jólatré, pönnukökur og allt mögulegt. Þetta skapar góða stemningu og léttir lund á einum af annasamasta tímapunktinum í skólanum, en svo heppilega vill einmitt til að deildin mín liggur mitt á milli þessara torga.

Þrátt fyrir alla þessa jólagleði í kringum mig kviknar ekki á jólaþræðinum. Ég sakna ilmandi eldhússins, stússandi mömmu og „Jólahjóls“ glymjandi í útvarpinu. Jólaandinn kemur ekki fyrr en ég kem til Íslands í faðm fjölskyldu og vina, enda samveran með þeim gullið sem jólapuntið og prjálið umlykur.“

Hálfdán Bjarki Hálfdánsson í Svíþjóð

Sænski jólasveinninn er áfengissjúklingur

„Jólaundirbúningur er hafinn í Svíþjóð og menn vinna nú hörðum höndum (eins langt og það hugtak nær hjá Svíum) að því að koma upp jólaljósum og öðrum skreytingum. Miðað við venjulegan framkvæmdahraða hér í landi má búast við að því verki ljúki einhvern tímann um eða eftir þrettándann og varla verða seríurnar teknar niður fyrr en í fyrsta lagi um páska.

Síðan ég komst til vits og ára hef ég verið lítill aðdáandi jólanna og undirbúningur þeirra hefur farið afskaplega mikið í taugarnar á mér. Jólaauglýsingar á Íslandi hafa alltaf fengið mig til að kúgast, en þær sænsku fá mig til að æla lifur og lungum og óska þess að ég hefði aldrei fæðst. Svíar eru ferlega hallærislegir upp til hópa og það er fátt neyðarlegra en þegar þeir reyna að vera fyndnir og skemmtilegir, eins og til dæmis í jólaauglýsingum. Manni líður alltaf eins og mamma hafi ákveðið að troða upp með skemmtiatriði í miðju bekkjarpartíi og sama hvað maður reynir getur maður ekki stoppað hana.

Hálfdán Bjarki Hálfdánsson.

Þegar þetta er ritað er svokölluð Lúsíuhelgi að hefjast í Svíþjóð. Ég hef ekki nennt að setja mig inn í allar jólahefðir Svíanna, en mér skilst að Lúsía sé einhvers konar ljósagyðja með kerti á hausnum. Á hennar helgi safnast unglingar saman og drekka sig fulla niðri í bæ, sem þýðir sem sagt að þeir drekka 3,5% bjór úr matvöruverslunum og fara heim fyrir miðnætti.

Þá skilst mér að sænski jólasveinninn heiti Nils, sé einn metri á hæð og mikill drykkjumaður. Sennilega er hann eini áfengissjúklingurinn sem sænsku félagsþjónustunni hefur ekki tekist að klófesta og vista á viðeigandi stofnun.

Að öðru leyti reyni ég að láta jólaundirbúninginn fara fram hjá mér eins og allt annað hér í Stokkhólmi. Það hefur hingað til virkað ágætlega hjá mér að telja niður dagana sem eftir eru af útlegðinni og ég held ég haldi því bara áfram.“

Guðrún Ása Magnúsdóttir í Danmörku

Jólastemmning í Danaveldi

„Nú er ég að upplifa minn fyrsta jólaundirbúning fjarri fósturjörðinni og leggst það svona misvel í mig. Ég er mjög hrifin af jólunum og öllu sem þeim fylgir, ég vil skreyta mikið, hafa seríu í hverjum glugga, baka (þegar ég segi baka þá meina ég borða) margar sortir af smákökum, spila jólalög 24/7, skrifa skemmtileg jólakort og svo framvegis. Danir virðast vera svolítið öðruvísi en ég að ýmsu leyti. Þeir eru t.d. ekki mikið fyrir seríurnar því rafmagnið er jú svo dýrt, og þeir alltaf að spara. Meðleigjandi minn er orðin pínu dönsk í sér og reyndi nú að hemja mig í seríuuppsetningum en mér hefur þó tekist að koma tveimur upp og þar að auki einni jólastjörnu. Tel það nokkuð gott og ég held svei mér þá að við séum skreyttasta íbúðin í hverfinu, ekki er ljóstýru að sjá í öðrum gluggum. Mér finnst reyndar vanta aðventuljósin en það verður að hafa það, gerði mér nefnilega ferð í hinn danska rúmfatalager til að versla svoleiðis en þar voru til svo margar tegundir að ég fylltist valkvíða og varð að hætta við kaupin.

Nóg er þó um skreytingar í jólatívolíinu og þangað er gaman að fara í góðu veðri og fá sér danskar eplaskífur (sem engin epli eru í!) og jólaglögg eða hinn eðalgóða jólabjór. Þá er Strikið líka skreytt í bak og fyrir sem og margar aðrar stórar götur en borgaryfirvöld passa sig samt sem áður á því að vera ekkert að spreða rafmagni í þetta og kveikja þess vegna á ljósunum seinni partinn og slökkva á þeim um miðnættið.

Eitt sem er ákaflega mikilvægt í aðdraganda jólanna í Danmörku er hinn alræmdi julefrokost, sem samsvarar íslensku jólahlaðborði og flestir vinnustaðir bjóða uppá. Alræmdi segi ég því Danirnir eiga það til að haga sér svo fjári illa á þessum samkomum. Ef þeir halda ekki framhjá með Line á símanum eða Rasmusi í bókhaldinu þá lenda þeir í slagsmálum við samstarfsfélagana eða æla á konu yfirmannsins. Þetta hefur mikið verið í umræðunni að undanförnu og hafa dönsku dagblöðin tekið að sér að prenta hegðunarleiðbeiningar fyrir almúgann svo hann geri sig ekki að fífli eða geri meiriháttar skandala á þessum mannamótum. Þar hefur m.a. verið tekið á því hvernig á að mæta í vinnuna daginn eftir julefrokost án þess að nokkur sjái það á þér að þú hafir verið hauslaus af drykkju kvöldið áður, hvernig ber að klæða sig upp fyrir partýið til að hámarka höslmöguleikana, hvernig þú átt að fela framhjáhaldið sem þú lentir í fyrir maka þínum, hvernig makinn á að sjá hvort þú hafir haldið framhjá og þar frameftir götunum.

Þrátt fyrir ólíka siði frá því sem ég hef vanist finnst mér samt jólaundirbúningurinn hér í kóngsins Kaupmannahöfn hinn huggulegasti, skortur á ljósadýrð og blindfullir Danir á julefrokost er engan veginn nóg til að drepa jólastuðið í mér!“

Góðar fréttir eru af rækjustofninum í Ísafjarðardjúpi og Arnarfirði.

Rækjustofninn á uppleið í Ísafjarðardjúpi

„Þótt enn sé ekki farið að hylla undir veiðar á innfjarðarrækju var árangurinn betri en ég átti von á í Arnarfirði. Þá eru einnig góðar fréttir frá Ísafjarðardjúpi,“ sagði Unnur Skúladóttir, fiskifræðingur á Hafrannsóknastofnun, í samtali við blaðið Fiskifréttir en niðurstöður úr grunnslóðakönnun á rækju á fjörðum liggja nú fyrir. Unnur segir að könnunin hafi verið skorin mikið niður í ár miðað við fyrri ár vegna minni rækjustofna og breyttra áherslna Hafrannsóknastofnunar.

„Tímaramminn sem okkur var settur var mjög þröngur og var stöðvafjöldi skorinn verulega niður á öllum fjörðum nema Arnarfirði. Þó var miðað við að færi vístala rækju yfir 20% af mestu vísitölu á hverjum firði þá yrði framkvæmd full könnun. Ekki vannst tími til að kanna rækjumiðin á Skagafirði og Skjálfanda vegna brælu og knapps tímaramma,“ segir Unnur.

Helstu niðurstöður úr grunnslóðakönnun á rækju voru þær að nær engin rækja fannst í Húnaflóa og í Öxarfirði var vísitala rækju lág eða svipuð og undanfarin 6 ár. Í Ísafjarðardjúpi var vísitala stofnstærðar rækju mun hærri nú en árin 2004 og 2005, en þó neðan þess marks að farið yrði í fulla könnun. Mikið var af 0-grúppu og eins árs rækju. Því standa vonir til að rækjan aukist næstu vetur.

Í Arnarfirði var gerð full könnun en þar eru stundaðar fóðrunartilraunir á þorski í miðjum firði. Stofnvísitala rækju hefur aukist talsvert frá haustinu 2005 og hugsanlega má þakka það að hluta til fóðrun fisks. Talsvert fékkst af 0-grúppu rækju. Rækjan hélt sig nú sem fyrr á mjög afmörkuðu svæði innst í firðinum (Borgarfirði) á aðeins um 6% þess svæðis sem hún hélt sig á fyrir hrun stofnsins. Rétt utan við rækjubinginn hélt ungþorskur sig í talsverðum mæli.

Unnur segir að þar sem rækjan væri enn á mjög afmörkuðu svæði í Arnarfirði þótti veiðiráðgjafarnefnd ekkiþorandi að leyfa rækjuveiðar að sinni.

Orkubú Vestfjarða.

Segir sameiningu hamla samkeppni

Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, segir óheppilegt að Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins verði systurfélög á raforkumarkaði og dótturfélög Landsvirkjunar, og að sameiningin dragi úr möguleikum til samkeppni. Þetta er haft eftir Gísla í Fréttablaðinu í tilefni af tillögu iðnaðarnefndar Alþingis um að eignarhlutur ríkisins í Orkubúi Vestfjarða og RARIK verði lagður inn í Landsvirkjun. „Ég sé ekki hvernig þessi ráðstöfun styður þá stefnu stjórnvalda að stuðla að samkeppni á raforkumarkaði, neytendum í hag,“ segir Gísli.

Gísli hafði áður gert athugasemdir við málið í umsögn sinni til iðnaðarnefndar um málið. Þar tekur hann undir þær tillögur að framvegis fari fjármálaráðherra í stað iðnaðarráðherra með eignarhlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja, Orkubúi Vestfjarða, Rafmagnsveitum ríkisins og Landsvirkjun.

„Þó að talsmaður neytenda tjái sig almennt ekki um eignarhald fyrirtækja á markaði dregur þessi ráðstöfun úr möguleikum á að dreifa eignarhaldi síðar með það að markmiði að auka virka samkeppni á raforkumarkaði fyrir neytendur,“ segir í umsögninni. Ennfremur segir hann tillöguna illsamræmanlega lögum um skattskyldu orkufyrirtækja.

Lærir að lifa upp á nýtt

Arnar Geir Hinriksson, lögfræðingur á Ísafirði, datt á skíðum á skírdagsmorgni á þessu ári. Það var rétt eftir 67 ára afmælisdaginn hans. Eftir slysið er hann lamaður upp að brjósti en er smám saman að fá máttinn aftur í hendurnar. Hann hefur aldrei misst móðinn og segist taka hverjum degi af æðruleysi. Addi Geir, eins og Ísfirðingar þekkja hann, segist hafa fengið ómetanlegan stuðning frá vinum og vandamönnum og það hafi hjálpað sér mikið. Hann dvelur nú á sjúkrahúsinu á Ísafirði en verður í endurhæfingu á Grensásdeild fram á vor.

TEXTI OG MYNDIR: BJARNI BRYNJÓLFSSON

Ég heimsæki hann á Grensásdeildina þar sem hann hefur verið í markvissri endurhæfingu og þjálfun. Addi er nokkuð brattur og gerir að gamni sínu og segir skemmtisögur af hinum og þessum. Talið berst samt fljótt að slysinu og hvernig það hefur gjörbreytt lífi hans.

„Þetta var nánast óskiljanlegt. Aðstæðurnar voru eins og þær gerast bestar til skíðaiðkunar á Ísafirði. Það var glampandi sólskin og logn. Ég var að renna mér í brekkunni sem ég var búinn að keyra í mörg hundruð skipti. Svo gætti ég ekki nógu vel að mér og í einhverju augnabliks aðgæsluleysi datt ég og steinrotaðist þarna í brekkunni," segir Addi. Ég hitti hann á Grensásdeildinni þar sem hann hefur verið í endurhæfingu síðan hann kom af gjörgæsludeild en þar lá hann í tvær vikur áður en endurhæfingin hófst. „Ég virðist hafa misst minni yfir það sem gerðist þarna fyrir slysið því atburðarásin er ekki skýr. Ég rankaði hins vegar við mér þarna í brekkunni og þá var komið fólk að stumra yfir mér, m.a. skíðadrottningin okkar hún Sigga Láka og Gunnar Þórðarson. Ég man það bara að þau voru einstaklega elskuleg við mig. Gunnar náði mjög fljótlega sambandi við Þorstein lækni og þau höfðu samráð við hann í framhaldinu. Þau potuðu í líkama minn og það varð strax ljóst að ég var tilfinningalaus í fótunum og upp skrokkinn. Ég gerði mér grein fyrir því að illa væri komið fyrir mér og að ég væri sennilega lamaður," segir Addi Geir þegar hann rifjar upp þennan örlagaríka morgunn.

„Ég var ákaflega kvalinn í vinstri öxlinni. Vinstri handleggurinn lá undir líkamanum og kvalirnar voru ógurlegar. Ég hélt reyndar að ég væri knallbrotinn. Ég óskaði eftir því við fólkið sem var að hjálpa mér þarna að það létti á handleggnum á mér þar sem kvalirnar voru mestar en sem betur fer urðu þau ekki við þeirri ósk minni. Í staðinn þurfti ég að kveljast en fyrir vikið varð skaðinn ef til vill minni."

Er að fá afl í vinstri hendina

Við erum rétt að byrja spjall okkar á Grensásdeildinni þegar góðir vinir koma í heimsókn. Guðmundur Móses Jónsson, einn af eigendum Norðurtangans og bridgefélagi Adda Geirs frá Ísafirði, dóttir hans Katrín og eiginmaður Hans Isebarn. Þau stoppa við í dágóða stund og hafa á orði að mikil breyting hafi orðið á Adda Geir síðan þau komu síðast til hans í heimsókn. „Já, þetta er allt að koma segir hann. Það er komið heilmikið afl í vinstri hendina núna enda er ég farinn að geta lyft lóðum, svona fimm til sex kílóum." Hann ber hnefanum í borðið þannig að blöðin hrynja af blómaskreytingu í vasa á borðinu.

Þau spyrja frétta af honum og hvort hann sé á leiðinni vestur. „Já, ég fer vestur til Ísafjarðar 14. desember og verð fram yfir áramót. Svo kem ég hingað aftur og verð í mánuð. Þegar ég útskrifast héðan fer ég á Sléttuveg þar sem Samtök mænuskaðaðra eru með húsnæði. Þar verð ég fram á vorið. Ég stefni síðan að því að komast til Ísafjarðar í framhaldinu ef endurhæfingin gengur eins vel og ég er að vonast til. Ég vil vera eins mikið fyrir vestan og ég get, í það minnsta á sumrin. Hins vegar er að sumu leyti auðveldara að vera hérna fyrir sunnan upp á aðgengi að ýmis konar þjónustu," segir hann.

Hann segir að fyrstu vikurnar eftir slysið hafi verið afskaplega erfiðar. „Gripið í hendinni var í lagi en ég var mjög máttlaus. Nú er þetta allt að koma. Ég er einnig með mænuskaða í hálsinum og hann hefur valdið því að ég er slæmur í öxlinni og hef fundið mikið til þar. Þar er bein sem gekk til um 1.2 sentimetra. Brynjólfur Jónsson, sérfræðingur í axlarmeinum, sem var skíðafélagi okkar félaganna frá Ísafirði í Selva á Ítalíu fyrir nokkrum árum, er búinn að líta á þetta og segir að það sé afar hæpið að gera á þessu aðgerð. Ég hef hins vegar fengið sprautur sem hafa virkað nokkuð vel."

Hefur ekki þjáðst af depurð

Lömun Arnars stafar af því að við byltuna brotnaði þriðji hryggjarliður að ofan. Hinir eru mænuskaðaðir þannig að hann hefur enga tilfinningu í líkamanum fyrir neðan brjóst.

Þú ert semsagt að læra að lifa upp á nýtt?

„Já, eiginlega má segja það. Allt jafnvægisskynið er horfið. Miðjan í líkamanum er allt önnur en var. Fyrst

HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
Óskum starfsfólki okkar til sjós og lands gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum árið sem er að líða.

ÍSLANDSSAGA
Óskum starfsfólki okkar, viðskiptavinum og Vestfirðingum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

KL APAMA PRODUCE OF ICELAND
Klofningur ehf.,
Aðalgötu 59 · Suðureyri
Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jóla- og nýárshátíð og þökkum árið sem er að líða

3X STÁL
Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jóla- og nýárshátíð og þökkum árið sem er að líða

ORKUBÚ VESTFJARÐA hf
Óskum starfsfólki okkar, viðskiptavinum og Vestfirðingum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

ODDI
Prentsmiðjan Oddi hf.
Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jóla- og nýárshátíð og þökkum árið sem er að líða

eftir slysið hafði ég engan mátt í höndunum og þurfti að vera í hjólastól með háu baki og gat ekkert hreyft mig. Núna er ég hins vegar orðinn frjáls hérna innanhúss og hef meira að segja farið út nokkrum sinnum. Ég er smám saman að ná jafnvæginu."

Áttaðir þú þig strax á alvöru málsins?

„Það var nú svo skrítið að þótt ég gerði mér strax grein fyrir því þarna í brekkunni að ég væri alvarlega slasaður áttaði ég mig kannski ekki alveg á því hvað meiðslin myndu hafa mikil áhrif á líf mitt og getu. Læknarnir á gjörgæsludeildinni sögðu mér strax hvers kyns væri og að ég yrði að fara í mikla endurhæfingu. Ég hélt í fyrstu að ég væri að fara hingað til þess að vinna bug á lömun minni. Ég gerði mér alls ekki grein fyrir því fyrst að þetta væri varanlegt ástand. Ég vonaðist til þess að fá máttinn aftur. Það var samt tiltölulega snemma sem ég var leiddur í fullan sannleik um það hvernig mitt ástand væri og yrði. En það er hins vegar svo merkilegt að það hefur aldrei sótt að mér veruleg depurð út af ástandi mínu. Ég gat engum kennt um það hvernig fór nema sjálfum mér og minni óheppni. Síðan hefur það hjálpað mér mjög mikið að vinir mínir og skyldmenni, bæði að vestan og hér fyrir sunnan hafa verið mjög duglegir við að heimsækja mig. Ég fékk einnig mikið af hlýjum kveðjum frá fólki og það létti lundina mikið. Oft sækir mikil depurð að fólki sem lendir í svona hremmingum og það hefur tafið fyrir mörgum í endurhæfingu. Ég held líka að reynsla mín af öðrum vandamálum sem ég átti við að stríða fyrr á ævinni hafi hjálpað mér mikið. Það er ekkert leyndarmál að Æðruleysisbænin sem AA samtökin byggja á er afar hnitmiðuð og virkar vel á það ástand sem ég er í núna," segir Arnar Geir og vísar til þess góða starfs sem unnið er í AA samtökunum.

„AA félagar mínir hafa komið hingað til mín á deildina og haldið fundi. Við stofnuðum hér litla deild sem heldur reglulega fundi. Þetta hefur stappað í mig stálinu. Allur þessi hlýhugur og vinátta sem ég hef fundið fyrir hefur hreinlega skipt sköpum upp á ástand mitt og bata. Maður verður bara að sætta sig við það sem orðið er. Ástandið er svona og ef það verður öðruvísi þá er það bara gott. Hér eru menn sem eru miklu verr staddir en ég. Svo er það líka þannig að læknavísindunum fleygir fram með hverju árinu. Hér er t.d. einn sem hefur verið í nálarstungumeðferð sem hefur virkað þannig fyrir hann að hann fann fyrir tánum á sér. Ég hef hugsað mér að fara í slíka meðferð þegar ég kem úr jólaleyfinu mínu."

Steinrotaðist við flutninga

Þrátt fyrir endurhæfing Adda Geirs gangi vel um þessar mundir hefur gengið á ýmsu hjá honum síðan á Grensásdeildinni. „Ég rotaðist þegar verið var að taka mig út úr ferðaþjónustubíl. Hjólastóllinn féll aftur og ég á hnakkann og steinrotaðist. Þetta ásamt fleiru hefur tafið endurhæfinguna að minnsta kosti um mánuð. Ég er hins vegar að komast á beinu brautina aftur."

Fyrir mænuskaðaðan einstakling eru jafnvel sjálfsögðustu hlutir eins og að koma frá sér náttúrlegum úrgangi stórmál. „Ég get hvorki stjórnað hægðum mínum né þvagláti. Ég er tilfinningalaus í maganum og finn ekkert fyrir þessu. Ég þarf að koma fyrir röri á sex tíma fresti yfir daginn svo ég geti komið frá mér þvagi. Þetta hefur gengið vel. Svo fæ ég lyf til þess að örva hægðirnar. Það er reynt að stilla þessu inn á þrjá daga vikunnar og það hefur gengið vægast sagt illa hjá mér og er stórt vandamál. Annars er æfingum háttað þannig að tvisvar í viku fer ég í sund. Þá er settur kútur á hálsinn á mér og undir hnésbæturnar. Síðan er ég settur í laugina og látinn synda. Nú er ég kominn á það stig að ég syndi tíu ferðir, eða 300 metra á bakinu og er svona um 25 mínútur ofan í lauginni. Ég tel mig hafa mjög gott af þessu. Stundum kemur síðan þjálfari og tekur aukaæfingar með mér í vatninu. Svo er ég í æfingum hjá sjúkraþjálfara í klukkutíma eftir hádegi þá daga sem ég er í sundi og alla morgna þegar ég fer ekki í sund.

Ég er einnig í endurhæfingu hjá iðjuþjálfara sem aðstoðar mig við svokallað ADL, svo maður slái nú aðeins um sig. Það þýðir aðlögun að daglegu lífi. Upphaflega fólst sú þjálfun í því að hjálpa mér við tannburstun og rakstur, síðar að aðstoða mig við að klæða mig sem ég þarf ennþá aðstoð við. En nú er ég byrjaður að geta hreyft mig úr hjólastól í rúm með aðstoð. Aðalhlutverk endurhæfingarinnar er að kenna mér að bjarga mér sjálfur. Mér hefur líka gengið illa að snúa mér í rúminu og er að læra það smámsaman til að geta komið í veg fyrir legusár. Síðan hef ég kannski verið fullþungur. Ég léttist strax um 17 kíló fyrstu vikurnar. Það var nú ekki vegna þess að ég væri með eitthvað hnitmiðað aðhald heldur þjáðist ég af algjöru lystarleysi. Ég er mjög ánægður með þá frábæru aðhlynningu og umönnun sem ég hef fengið hérna. Eiginlega má segja að öll afstaða mín til starfa kvenna hafi mýkst við dvöl mína hérna. Ég hef verið þekkt karlrembusvín en er allur að mýkjast."

Ekki fyrsta skíðaslysið

Addi kveðst ekki hafa verið sérstaklega lipur skíðamaður þótt áhuginn á íþróttinni væri mikill og ástundunin eftir því. „Ég var neðribæjarpúki og fór því ekki að stunda skíðin fyrr en um 1980. Ég var svo heppinn að njóta leiðsagnar vina minna þeirra Einars Vals Kristjánssonar og Bigga Vald. Þeir hlógu nú oft að mér. Þó að ég væri mikið á skíðum hafði ég aldrei fengið skrámu í brekkunum á Ísafirði. Svo kemur þetta helvíti fyrir."

Addi hefur farið víða um heim í skíðaferðir. Hann hefur farið til Bandaríkjanna, Austurríkis, Sviss og Ítalíu til að stunda íþróttina ásamt vini sínum Jóa Sím og fleiri skíðagörpum frá Ísafirði. Þessar ferðir hafa verið hans líf og yndi enda kolféll hann fyrir skíðunum eftir að hann byrjaði að renna sér fyrir alvöru. Allir vita það sem hafa reynt að skíðafrí í útlöndum eru einhver bestu leyfi sem menn geta komist í. Hins vegar getur verið hættulegt að renna sér á skíðum eins og dæmin sanna og óhapp Adda var ekki það fyrsta sem hann lenti í.

„Ég datt í Aspen 1999. Þá var ég að skíða í frábærum púðursnjó eins og allir skíðamenn elska og datt framfyrir mig og skíðastafurinn stakkst í kviðinn á mér. Ég fann býsna mikið til og óskaði eftir aðstoð og var fluttur á sjúkrahús. Þar voru um tuttugu sérfræðingar að snúast í kringum mig og athuga með innvortis meiðsli, sem reyndust vera væg. Ég útskrifaðist þar af sjúkrahúsi eftir einn og hálfan sólarhring og prísaði mig sælan yfir því að hafa verið vel tryggður því reikningurinn fyrir sjúkrahúsvistinni var um ein og hálf milljón. Ég fór hins vegar á skíði fljótlega eftir þetta. Uppáhaldið er Selva á Ítalíu, Vale í Bandaríkjunum. Svo jafnaðist náttúrlega ekkert á við efri lyftuna á Seljalandsdal. Þar var hárréttur halli og besta púðurskíðafæri í heimi, held ég bara. En annars var ég ekkert mjög sleipur fyrst og var lengi vel bara á Gullhólnum," segir Addi Geir og það bregður fyrir glampa í augunum.

Elliglöp, fótbolti og bridge

Addi Geir hóf sjósókn snemma og var öll skólaár sín til sjós. „Ég byrjaði á Sólborginni, með Sturlu Halldórssyni og Páli Pálssyni. Ég var á tugum báta. Eftir lögfræðina, sem ég kláraði 1966, var ég fyrst hér í Reykjavík í nokkur ár. Ég fór svo vestur og munstraði mig á Pál Pálsson með Adda í rúmt ár. Það var ævintýri. Ég byggði upp fjárhaginn enda voru tekjurnar góðar og opnaði lögmannsstofuna upp úr því."

Addi hefur nú skilað inn fasteignasöluréttindum sínum en hann ætlar hins vegar að sjá til með lögmannsréttindin. „Ég get ekki stundað fasteignasölu lengur. Það er nokkuð ljóst. Ég var í „full swing" þetta slysið gerðist og var ekkert á því að hætta að vinna. Ég get hins vegar stundað lögfræðina áfram ef ég hef krafta

til."

Fyrir slysið byggðust áhugamál Adda mikið á útivist og íþróttum. Hann stundaði golf og aðra útiveru af miklu kappi. Á golfvellinum á Ísafirði er m.a. tré sem nefnt er eftir honum. Þegar ég spyr hann út í golfástundunina og kunnáttuna segir hann grafalvarlegur. „Ég var mikið inni á golfvelli. Við skulum bara orða það þannig. En ég var mikið í alls konar útivist og hreyfingu. Ég var t.d. mikill berjamaður," segir hann.

Hann hefur í gegnum tíðina einnig stundað áhugamál sem geta komið sér vel núna.

„Við skulum ekki gleyma því að ég er mikill bridgemaður og eftir slysið hef ég horft til þess að ég get stundað þá íþrótt áfram. Ég er farinn að spila aftur og hef gert það einu sinni í viku undanfarið. Ég finn samt að getan við spilaborðið hefur minnkað. Annars hef ég aldrei verið jafn þreyttur og til jafnlítilla átaka og núna. Ég er farinn í rúmið á milli sex og sjö á kvöldin flesta daga. Svo fylgist ég þokkalega vel með í fótboltanum. Mín lið eru Manchester United og Barcelona. Ég hef alltaf verið mikill bókamaður en það er svo skrítið að áhuginn fyrir því að lesa hefur dofnað. Ég er ekkert að rífast um Moggann á morgnana hérna.

Minnkandi lestraráhugi stafar nú kannski af því að ég á erfitt með að halda á bókum í rúminu. Löngunin til að lesa er smám saman að koma aftur. Annars er ég tiltölulega brattur andlega. Það er samt ýmislegt sem hefur sljóvgast hjá manni. Það er kannski bara aldurinn. Ég var til dæmis að raka mig um daginn og byrjaði á því að setja á mig rakspírann, svona til marks um elliglöpin. Ég get hins vegar ekki neitað því að ég hef líka átt ágætar stundir síðan þetta henti mig. Ég hef verið umvafinn vinum og vandamönnum. Ég fór líka vestur í haust og var í tæpa viku á sjúkrahúsinu. Það voru dásamlegir dagar og ég hef hlakkað til að koma aftur og njóta þeirra hlýju sem ég fann þar," segir hann að lokum.

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
Kómedíuleikhúsið

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
VST Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf.
Hafnarstræti 1 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
TÆKNIÞJÓNUSTA Vestfjarða
Aðalstræti 26 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
ÍSAFIRÐI
Sindragötu 2 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
Ísafjarðarflugvelli
FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Miðstöð símenntunar og háskólanáms á Vestfjörðum

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
FASTEIGNASALA VESTFJARÐA
Hafnarstræti 1 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
Vátryggingafélag Íslands
Hafnarstræti 1 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
Gámaþjónusta Vestfjarða ehf
UMHVERFIÐ ER FRAMTÍÐIN GÆTTU ÞESS VEL

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
Lögsýn ehf.,
Björn Jóhannesson hdl.,
Aðalstræti 24 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
NÚPUR
Ljóninu, Skeiði · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
BLIKK BLIKKSMIÐJA ehf
Árnagötu 1 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
FRYSTIKERFI ehf
Suðurgötu 9 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
ÞRYMUR HF. – Vélsmiðja
Suðurgötu 9 · Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
oddi HF
Patreksfirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
Hárkompaní
Silfurgötu 6 · Ísafirði
sími 456 5050

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
Vélsmiðja Ísafjarðar
Mjósundi 1 – Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða
NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA
Aðalstræti 21 · Bolungarvík

Allir kristnir menn halda jól en hátíðin á þó rætur sínar að rekja í önnur trúarbrögð áður en kristin trú kom til sögunnar. Í heiðni tengdist jólahátíðin vetrarsólhvörfum og var þá haldin um það leyti sem daginn fer að lengja. Við kristni féllu svo hin norrænu jól saman við kristna hátíð. Bæjarins besta fékk Eyvind P. Eiríksson Vestfjarðagoða til að fjalla lítillega um jól í heiðinni trú.

Heiðin jól?

Ár var alda það er ekki var,
var-a sandur né sær né svalar unnir,
jörð fannst æva né upphiminn,
gap var ginnunga en gras hvergi -
áður Burs synir bjöðum of ypptu,
þeir er Miðgarð mæran skópu,
sól skein sunnan á salar steina,
þá var grund gróin grænum lauki.

Ask veit eg standa, heitir Yggdrasill,
hár baðmur ausinn hvíta auri.
Þaðan koma döggvar, þær er í dala falla,
stendur æ yfir grænn Urðarbrunni.

Þannig orti eitt mesta skáld okkar, trúlega Völu-Steinn Þuríðarson í Bolungarvík, á síðustu árum þess átrúnaðar, sem forfeður okkar tóku með sér yfir hafið frá Noregi. Á grunni þessa átrúnaðar, reistu þeir hér frægt þjóðveldi sitt. Í heiðni ríkti hér óvenjumikið frelsi alþýðu þess tíma, í stjórnskipan og trú, svo og lýðræðishyggja, sem óhugsandi varð ekki löngu síðar, eftir að nýr Austurlandasiður hafði fest sig í sessi og sett mönnum ný og harðari lög.

En hvað kemur þetta við jólahaldi nú? Reyndar eru hér bein tengsl á milli. Djúprættur þáttur í kristilegu uppeldi fyrr á öldum er eyðing allrar heiðinnar hugsunar. Fornum helgigripum var eytt, helgir staðir teknir af eða tengdir nýrri trú, helg orð eins og blót gerð að formælingum, goðin tengd Satani, ekki síst Óðinsnafn, fornir helgidagar teknir undir dýrlingamessur. Gott dæmi um síðasttalið eru jólin.

Erfitt er að lýsa heiðnum jólum. Við vitum ekki margt, það hvarf mest allt inn í tímans rás og týndist í nýjum trúarbrögðum með ólíkar hugmyndir um goðmögn og lífið sjálft.

Orðið jól er germanskt orð svo fornt, að við vitum ekki grunnmerkingu þess. Það er í norrænum málum og leifar í ensku „yule“ (af fornensku „geól“) og í útdauðri gotnesku „fruma-juleis“ um nóvember (=fyrirjólamánuður). Líkleg merking er trúar- eða töfrahátíð.

En hvers vegna eru kristin jól þá haldin einmitt á þessum tíma? Þegar keisarinn í Róm hinni fornu sá sér pólitískan hag í því að innleiða kristnina sem ríkistrú, var 25. desember aðaldagur Satúrnalíunnar, hinnar fornu hátíðar ljóssins. Hún var tengd Míþratrúnni, sem var áhrifarík á þeim slóðum. Hvað var þá hentugra en að setja óþekktan afmælisdag Krists hins smurða einmitt á þann dag? Allar sögur í kringum jólin, heiðnar sem kristnar, eru ekki annað en þjóðsögur. Það er ekkert athugavert við að segja þær, ekki heldur börnum, en varasamt að kenna slíkt sem heilagan sannleika. Við mörg minnumst þess með sorg í huga, þegar við áttuðum okkur á því seinna, að þessar sögur væru skáldskapur, oft fallegur en enginn sannleikur. Jólahald er trúlega einhver elsta hátíð mannskepnunnar, sem sá sólina hverfa meir og meir. En einn daginn tóku menn eftir því, að hún var farin að þokast upp á himininn aftur. Og þá var glatt í höllinni, því nú yrði ljós og líf tryggt á ný. Jólin eru því hylling mannsins til ljóss og sólar.

Heiðnir forfeður okkar héldu slík jól, þeir sem stofnuðu merkilegt þjóðfélag á Íslandi, og sáðu öllum þeim fræjum sem upp af spruttu þær sterku rætur sem íslenskar bókmenntir og menning okkar öll er runnin af. Þeir „drukku jól“, sem þýðir einfaldlega að halda veislu. Þeir héldu sem sé veislur um jól og gáfu gjafir. Kirkja nýju trúarinnar var ekki hrifin af hátíðahöldum af slíku veraldlegu tagi. Á síðari tímum hefur hún mildast mjög í þeirri afstöðu. Segja má, að nútímajólin séu snúin aftur til uppruna síns, þótt óhófið og lætin núna á jólunum séu álíka fjarri heiðni sem fyrri kristni.

Í þeirri heiðni sem við nú köllum ásatrú, vorn sið eða fornan sið, trúðu menn ekki á alvaldan guð, frekar marga guði og gyðjur, eftir mismunandi hlutverkum þeirra. Almenningur tengdi sig þó ekki síður við ýmislegar vættir, ármann í steini eða felli, dís í tjörn. Klettar, fjöll, fossar og tré voru oft heilög í hugum forfeðra okkar. Land og vatn og haf voru sem sé full af vættum af ýmsu tæi og fólk vildi hafa góð skipti við slíka nágranna sína, sem voru vitrari og máttugri en mannlegar verur. Augljósar leifar þessa átrúnaðar er álfatrúin í dag.

Ákaflega margt, sem við tengjum nú við jólin, á sér augljósar rætur í heiðni. Dýrkun ljóssins og fögnuður vegna endurkomu þess, græna lifandi jólatréð er hylling til grænnar náttúru og á sér rætur í trú manna á heilög tré. Askurinn Yggdrasill er þannig lifandi tákn og miðja heims okkar mannanna, veraldar-



Ljósmynd: Sigurður Gunnarsson.

Gleðilega hátíð ljóssins

tréð. Það er þetta mikla tré, sem við berum í hús okkar á jólum og prýðum ljósum og skrauti.

Hyllum ljósið og grænt tré lífsins

Við nútímamenn, sem tengjum okkur við þessa trú forfeðra okkar og lífsviðhorf þeirra, trúum treglega á guði, sem þeysi um himinhvolfið í þrumuvagni dregnum af geithöfrum, ekki frekar en kristnir menn almennt trúa á skeggjaðan gamlan guð, sem sitji uppi á himninum og fylgist hvössum augum með öllu sem gerist á jörðinni. Við vitum vel, að veröldin er flóknari en það, en sannarlega ekki síður spennandi og stórkostlega skemmtileg. En við viljum endurreisa heiður forfeðra okkar og virðingu, tengsl okkar við náttúruna, sem við erum engir herrar yfir, einfaldlega erum við hún og hún er við. Mörg okkar leita og leiða til betri skilnings á tilfinningum og hugsunum, og tengjum gjarnan við einhvers konar hulin öfl. Þessi karl hér finnur sín goðmögn einfaldlega í því landi sem hann er sprottin af og því hafi og þeirri fjöru sem hann er alinn upp við, í skemmtilegum hugsunum um náin tengsl við hringrás lífsins, í spjalli við seli og hrafna, sem stundum nenna að hlusta á undarlegt þrugl mannskepnunnar, sem oft er ótrúlega heimsk í umgengni sinni við þá náttúru sem hún er hluti af. Heiðni okkar er því mjög tengd hringrás náttúrunnar og þar með árstíðunum. Höfuðblót okkar eru á sumardaginn fyrsta, um miðsumar, fyrsta vetrardag og á stysta degi ársins, þ.e. jólablótið. Við höldum okkar jól við eld og jörð og loft og vatn, skreytum okkar græna tré og höldum jólaveislur, gefum gjafir. Þar mætum við ósköp friðsamlega vinum okkar og ættingjum af annarri trú, ekki síst kristni, förum jafnvel í kirkju, en einnig mönnum með rætur í kenningum Múhameðs eða Búdda eða enn öðrum, ekki síður þeim sem ekki trúa á neinn guðdóm sem slíkan.

Jólin eru hátíð allra. Forðumst því að binda þau kreddum einhverra sérstakra trúarbragða. Þau eru hátíð ljóss og friðar og hækkandi sólar. Hátíð manna og alls lífs á þessari jörð. Hátíð fagnaðar yfir því, að lífið heldur áfram, ljósið kemur aftur, vænta má vors, sólin fer að rísa hærra á ný og allt líf byggist á því að sólin lýsi og vermi. Svo einfalt er það. Njótum þess vegna lífsins, sem við sjáum best og skýrast hjá börnunum sem ljóma eins og lifandi sólir þegar þau líta öll ljósin á jólunum og skynja það, að þau eru tákn þeirrar sólar, sem er að snúa aftur. Og það er kjarni alls þessa umstangs okkar, fögnuður og gleði yfir ljósinu. Og sólin er sjálft goð ljóssins og lífsins og þar með hamingju mannanna. Svo er það þeirra, að vinna í anda þess mikla goðs, með ljósinu og lífinu.

Þess vegna segi ég: Gleðileg jól, gleðilega hátíð ljóssins. Gerum hana endilega að þeirri hátíð friðar, sem við nefnum svo oft í orði en virðum of sjaldan í gerðum. Höldum veislur, hyllum ljósið og grænt tré lífsins, gefum gjafir og gleðjumst.

Eyvindur P. Eiríksson.

Ekið inn í jólin

Það var sérkennilegt hve veðurfar hafði breytzt síðustu árin. Minningarnar frá Skrararfirði hrönnuðust upp. Þar var almennilegt veður, vont og stórviðri þegar mikið gekk á og dásamlegt logn og ríkjandi fegurð þegar vel viðraði. Hér var aldrei neitt veður og var þó til stórvandræða í hvert skipti þegar vind hreyfði eða rigndi, að ekki væri nú talað um þau örfáu skipti er snjór kom úr lofti lengur en fimm mínútur í einu. Ekki vantaði svo sem skreytingar og fyrirferð í kaupmennskunni. Hún hafði látið minna fyrir sér fara í Skararfirði. Það var einhvern veginn eins og það væri sjálfsagður hluti af heild að verzla til jólanna, en hér var það fremur aðalatriði. Aðventan var tími umhugsunar og gott að íhuga, leiða hugann að því sem liðið var.

Áleifi var fremur þungt í huga enda margt sem hafði borið við á árinu. Honum varð hugsað til þess að blaðakonan Brynja sem þóttist vera vinur hans hafði þann undarlega hátt á að koma í bakið á þeim sem hún kallaði gjarnan vini sína. Fyrir löngu hafði hann gert henni greiða á erlendri grundu, en frekar en að virða það einskis, sem hefði verið bezt þá hafði hún notað öll tækifæri til þess að gera lítið, ekki úr greiðanum, heldur honum sjálfum. Samt brosti hún til hans þegar aðrir sáu til og vitnaði til hans sem vinar, Áleifi til ama. Vinir voru þeir sem hægt er að treysta. Sjórinn hafði alltaf heillað þótt ekki yrði það hans vegur um lífið. Sú ganga var laus við seltu, en stormur hafði stundum geisað og gefið á þegar verst lét. Lífið á mölinni var fremur tilbreytingarsnautt, en nóg að gera. Það var þó betra að fá á sig ágjöf og vita hvar maður stóð en að velkjast stöðugt í vafa um það hvar hann stóð í samskiptum við alla þá sem eiga þurfti samskipti við. Flestir voru þægilegir og gott að umgangast þá. Góð ráð fengust, en aðrir voru að hugsa um sig og ekkert annað. Stundum gekk honum illa að henda reiður á því hver tilheyrði hvorum flokknum. Árið hafði verið annasamt. Tími til þess að sinna mannlegu páttunum hafði verið af skornum skammti. Nú var of seint að bæta úr, nema kannski með nokkrum jólakortum sem mátti koma að eftir að jólagjafir höfðu verið keyptar. Göturnar voru næstum auðar, enda hafði rignt mikið síðustu dagana og slabbið sem fylgdi bráðnandi snjó var næstum horfið. Skreytingarnar minntu á jólin og umgerðin var stórkostleg í algeru ósamræmi við það sem hann hafði séð í ferð sinni til Afríku fyrr á árinu. Honum varð ómótt af hugsun sinni. Innfæddir höfðu reynt að betla eða selja eitthvað gagnslaust til þess að draga fram aumt lífið. Fljótlega hafði skotsilfrið gengið til þurrðar og þá var hann farinn að gera upp á milli allra þessa fátæku betlara, sem ekkert áttu. Ástæðulaust var að efast um að það fátæktin væri alger. En á sama tíma var ekki að sjá að stjórnendur ríkisins ættu við eymd að stríða. Þeir voru feitir og sællegir í sjónvarpinu, sem sýndi reyndar lítið annað en það sem þeim var þóknanlegt.

Svo kvörtuðu Íslendingar. Margt mátti betur fara, en það var ekki jafn slæmt og forystumaður stjórnarandstöðunnar lét í veðri vaka, gamall skólabróðir, sem aldrei gafst upp við það að ná langt, þótt hugsjónirnar hefðu upplitast eins og þvottur sem of lengi hafði legið í klór. Samt var þetta vel meinandi strákur. Strákur, á sextugsaldri. Kannski klórast maður allur upp eftir því sem aldurinn færist yfir. Heimurinn var ekki jafn svartur og hvítur og honum hafði fundizt í Afríku. Ef til vill var þetta allt sókn eftir vindi, allt grænna handan við girðinguna og þegar hann sá fyrir sér litlu stúlkuna sem betlaði á skítugri götunni, hafði það allt í einu runnið upp fyrir honum að fermingarúrið var sennilega betur komið hjá þessari horuðu, óhreinu stúlku með fallegu brúnu augun. Ekki var nokkur leið að gizka á aldur hennar. Úrið taldi vonandi enn tímann í Afríku og hafði kannski dugað til þessa ð hún sylti ekki í hel. En þegar þarna var komið sögu hafði hann þurft að taka til fótanna, því börnin og sennilega einhverjir fullorðnir runnu á blóðlyktina, vonina um að ríki hvíti maðurinn ætti meira aflögu.

Þetta var í eina skiptið sem nokkur hafði álitið hann ríkan, en hafði gerbreytt afstöðunni til lífsins og opnað augu hans fyrir því hve erfitt getur verið að láta gott af sér leiða. Þau voru að minnsta kosti tvö sem hlupu burt frá hópnum, en hvort í sína áttina. Hún gat þó hlaupið og síðan hafði hann ekki gengið með úr og var stundum of seinn á fundi þegar mikið lá við eins og nú.

Áleifur var verkfræðingur og starfaði hjá Vegagerðinni. Á henni stóðu öll spjót þessa dagana. Kosningar biðu að vori og mikill fiðringur var hlaupinn í alþingismenn og kjósendur. Reyndar voru sveitarstjórnarmenn uppveðraðir yfir því að missa ekki af lestinni. Hrópað var á vegabætur úr öllum áttum og alls staðar mátti bæta. Fyrir all löngu höfðu verið gerð stór og mikil jarðgöng í nágrenni Skersfjarðar og nokkur fiskiþorp voru tengd saman. Síðan hafði útgerð breytzt mikið. Útgerðarmönnum hafði fækkað og þeim fyrirtækjum sem enn gerðu út sömuleiðis. Sum höfðu lagt upp laupana, en önnur voru sameinuð. Umsvifin höfðu snarlega dregizt saman, en jarðgöngin gerðu fólki auðveldara að kaupa í matinn, því samdráttur inn í sjávarútvegi hafði í för með sér að verzlunum fækkaði að mun og nú taldi enginn sér fært að halda úti smásöluverzlun á minni stöðum. Allir vildu kaupa í stóru búðunum, annað hvort Stórkaupum eða Hringlanda, en það voru keðjuverzlanir stóru fyrirtækjanna. Kaupmaðurinn á horninu tilheyrði Þjóðminjasafninu. Nú vildu allir jarðgöng og sagan geymdi mistök pólitískra ákvarðana. Það var eðlilegt. Stjórnmálamenn voru spegilmynd almennings sem gerði til þeirra kröfur og fólk sem var duglegt að vinna sá ekki alltaf langt fram á veginn.

Hann mundi eftir litlu brúneygðu stúlkunni í Afríku, glampanum í augum hennar þegar hún bar feng sinn á loft, öfundinni og illskunni í augum hinna betlaranna um leið og þau tóku bæði til fótanna, hvort í sína áttina. Oft skaut þessari mynd upp í hugann og honum fannst mannlegt eðli kristallast í þessari sýn. Það hugsaði hver um sig, sinn hag og hvað hentaði honum hverju sinni. Þar var engin sýn framtíðar til, menntun af skornum skammti og þeir sem lifðu af drógu fram lífið frá degi til dags, án nokkurrar vissu um framhaldslíf hér á jörðu. Kannski var þar komin skýringin á því hve margir héldu fast í trúna á líf að þessu loknu, það gaf baslinu hér á jörðinni einhvern tilgang að hafa um það vissu að þegar því lyki tæki eitthvað betra við. Hvað það var skipti svo sem engu máli, bara að það yrði skárra. Auðvelt var að setja sig í þau spor að vonin um eitthvað betra stýrði lífi allslausra barna, sem klæðalítil eigruðu um óhreinar götur höfuborgarinnar í þessu volaða strandríki Afríku og lifðu fyrir næsta matarbita eða verðmæti sem gáfu af sér mat. Margir lögðu á sig lífshættuleg ferðalög á bátskænum, sem engum dytti í hug að setja á flot á grunnu stöðuvatni á Íslandi, og náðu landi á Kanaríeyjum tug þúsundum saman, margir þegar komnir í annan heim og náðu þá fyrirheitna landi spámannsins þótt það væri ekki við landtökuna þar. Landtakan var hinum fyrirheitna landið. Á Skararfirði og í Skersvík var fyrirheitna landið jarðgöng, sem myndu gera íbúunum auðveldara að hittast og komast í flug. Það skildi hann vel, og studdi í hjarta sínu, enda hafði hann haft einlægar efasemdir um að staðið skyldi að þeirri vegagerð, sem engin vildi kannast við að bera ábyrgð á nú. Nægur hafði þrýstingurinn verið á stjórnmálamennn þegar sú ákvörðun var tekin fyrir tveimur áratugum, enda var þá að baki ótrúlegur uppgangur í fiskveiðum og frystur fiskur seldist vel. Þá mátti enginn vera að því að bíða eftir þeim lausnum sem nú voru uppi. Útgerðin hafði líka runnið sitt skeið á enda. Nú voru það litlir bátar sem voru gerðir út, auk togaranna á Skararfirði, sem hægt var að telja á fingrum annarrar handar. Það hafði margt breytzt, en auðvitað mátti sjá ýmis tækifæri í stöðunni, en engin kraftaverk fremur en við skítuga höfnina í Afríku, þar sem illa útlítandi innfæddir veifuðu skírteinum um að þeir væru löggiltir fararstjórar og buðust til að sýna honum borgina gegn gjaldi. Honum hafði ekki litist betur en svo á að þiggja það ekki.

Nú var það lifibrauð hans að skoða kosti í vegagerð og útfæra þær hugmyndir sem hlutu náð fyrir augum stjórnmálamanna. Alþingismenn réðu stefnunni, en sveitarstjórnir létu vel til sín heyra og svo bárust undirskriftarlistar í stríðum straumum frá nágrönnum höfuðborgarinnar, sem töldu sig aka á manndrápsvegum. Það mátti til sanns vegar færa. Því sjaldan höfðu svo margir týnt lífi á þjóðvegum í nágrenni höfuðborgarinnar. Á leið sinni til umdæmisskrifstofunnar myndi hann mæta bílalest á leið með undirskriftalista og áskorun til ríkisstjórnarinnar um að búa til fjórfaldan veg á Suðurland. Kröfurnar í Afríku voru mun minni, en vandinn jafn mikill. Þótt bílarnir væru örlítið brot af því sem hér var tók umferðin þar sinn toll. Hann hvarf í skuggann af öllum þeim er týndust í leit að betra lífi. Kosningarnar að vori höfðu í för með sér mikið álag á starfsmenn Vegagerðarinnar. Á hverjum degi þurfti að skoða nýjar beiðnir og óskir um jarðgöng eða tvöfaldan veg hér eða þar. Allir bjuggu við verstu vegina þegar kröfurnar voru skoðaðar. Alþingismenn fóru mikinn, en þeir réðu þó fjármagninu og úr öllum áttum voru kröfur um að gera betur í samfélaginu. Nú var vegagerð í allri sinni fjölbreyttu mynd aðalmálið og almenningur var byrjaður að hugsa í milljörðum og það var mun auðveldara en að hugsa í milljónum eða tugum milljóna. Stórar tölur geta allir ráðið við. Fjórir milljarðar virðast einhvern veginn minni en fjörtíu nú eða fjögur hundruð milljónir. Tölurnar sem tákna smærri upphæðirnar sýnast miklu hærri. Fjórir eru lægri tala en fjörtíu eða fjögur hundruð. Áleifur hló að hugsun sinni. Auðvitað var þetta stór hugsanavilla, en það skyldi þó ekki vera að hann hefði hitt naglann á höfuðið með þessari undarlegu hugdettu.

Einhvern veginn fölnaði þó þetta allt í samanburði við persónulegu vandamálin sem biðu úrlausnar. Gamli maðurinn sem bjó í Þrælavík fyrir vestan og hann hafði stundum verið í sambandi við hafði oft hringt til hans að undanförnu til að skamma hann og Vegagerðina fyrir ónytjungshátt og vitlausar ákvarðanir. Hann hafði hokrað í víkinni áratugum saman einn eftir að konan fór frá honum með börnin þrjú. Elzti sonurinn hafði farizt í árekstri þriggja bíla á Suðurlandsveginum fyrir nærri tveimur áratugum og síðan hafði gamli bóndinn talið Vegagerðina ábyrga fyrir sonarmissinum. Áleifur hafði oftast orðið til svara og var löngu orðinn sá sem bar ábyrgðina á þessum sorglega dauðdaga. Samúð hans var öll með gamla bóndanum, sem ekki vildi heyra nein rök um vegagerð og akstur, hvað þá ábyrgð ökumanna. Stundum trúði Áleifur ásökunum gamla bóndans og í hvert skipti sem ók um veginn þar sem þessi hroðalegi árekstur hafði orðið fékk hann sting fyrir hjartað. Hann hafði skoðað gögn málsins og fengið að sjá lögregluskýrslur. Sá sem ekið hafði einum bílnum hafði verið mjög ölvaður og helzt mátti ætla af skýrslunum, sem reyndar voru ófullkomnar að einhvers konar kappakstur hefði verið í gangi og hefði leitt til þess að tveimur bílum hefði verið ekið í sömu átt og bíll sonarins komið úr hinni áttinni og lent framan á þeim sem var á öfugum vegarhelmingi. Tveir létust. Það hafði aldri verið upplýst hvað nákvæmlega gerðist, en bílstjórinn sem lifði hafði farið afar illa út úr árekstrinum, en verið vinur beggja þeirra sem fórust. Ýmsar sögur gengu af því að allir hefðu þeir stundað þetta áður, en ekkert upplýstist með óyggjandi hætti og aldrei var hægt að fullyrða neitt um málið.

Gamli bóndinn var bitur og kenndi yfirvöldum um og hafði valið sér málsvara þeirra til þess að beina gremju og ef til vill réttlátri reiði sinni að. En þar með var sögunni ekki lokið. Áleifur hafði unnið hjá útibúi Vegagerðarinnar á Skararfirði og átt þátt í því að hanna nýja vegi milli fjarðanna fyrir vestan. Íbúana greindi á um hversu vel hefði til tekizt, en flestir töldu nýja veginn til mikilla bóta. Hann var að sjálfsögðu gerður fyrir þann hámarkshraða sem gilti í umferðarlögum. En flestir töldu sig góða bílstjóra og löglegan hámarkshraða of lágan. Lengi vel gekk allt að óskum og veguri nn sem lá milli Skúfsfjarðar og Skararfjarðar var talinn mikil samgöngubót. Að vísu kom í ljós að í hálku gat hann reynzt viðsjárverður ef ekki var farið að með gát og ekið hægar en hámarkshraði gaf til kynna. Bílstjórar höfðu misst stjórn á bílum sínum og farið út af veginum í einni beygjunni við Fálkabugt, en eingöngu í hálku eða þegar snjóþekja lá yfir veginum. Sett hafði verið upp skilti til að vara við hálkunni og fá bílstjóra til að hægja á sér. En eins og gjarnan vildi verða töldu skotgladir sér heimilt að nota umferðarmerki sem skotskífur er enginn sá til. Þessi árátthuegðun skotmanna varð til þess að oft varð að taka skilti niður og lagfæra eða setja önnur í staðin. Þegar svo önnur skemmdarfýsn bættist við eins og sú að keyra á skiltin, viljandi eða óviljandi kom fyrir að þau voru ekki til staðar óveðri og þeir orðið að snúa við og frá því að setja upp umferðarskiltið. Jafnframt hafði verið birt tilkynning í útvarpi um að vegurinn væri ófær og fólki ráðlagt að halda sig frá öllum ferðalögum um þennan veg næsta sólarhringinn. Starfsmenn Vegagerðarinnar sátu undir þungum ásökunum næstu vikurnar, en yfistjórn lét rannsaka málið og niðurstaðan varð sú að ekki væri unnt að bera starfsmennina sökum í þessu máli. Um hefði verið að ræða hörmulegt slys, sem ekki væri unnt að láta einstaka starfsmenn bera ábyrgð á. Á þessum tíma hafði Áleifur gegnt starfi yfirmanns á umdæmisskrifstofunni og bar því ábyrgð á starfseminni þegar slysið varð. Hann hafði óskað þess að lögregla rannsakaði málið, en ekki var talin ástæða til þess að fram færi lögregluranns ókn á þeim atriðum er sneru að starfsemi Vegagerðarinnar eða starfsmanna hennar. Þar með lauk opinberlega afskiptum af þætti starfsmannanna og hans sjálfs varðandi aðdraganda þessa hörmulega slyss. En margir þeirra töldu sig ómaklega bornar sökum og undu því illa að vera sakaðir um hirðuleysi er leitt hefði til þessa vonda slyss, sem kostaði tvö mannslíf. Þegar Áleifur hafði haldið til starfa á aðalskrifstofunum eimdi enn eftir af þessu máli. Margir létu enn í veðri vaka að ábyrgðin væri hans og starfsmanna Vegagerðarinnar. Oft hafði hann farið yfir málið í huganum og rætt það við fleiri. Niðurstaðan var sú að enginn mannlegur utanaðkomandi máttur hefði getað komið í veg fyrir að stormurinn brysti á fyrirvaralítið og síðan hafði í framhaldinu verið tekið upp kerfi sem tryggja átti að vegum

yrði lokað við þessar aðstæður og hafði gefizt vel. En oft höfðu starfsmennirnir rætt málin sín í milli og niðustaðan orðið sú að fátt væri hægt að gera. Áleifur hafði sjálfur rætt við gamla bóndann augliti til auglitis og alltaf í góðu. En undir kraumaði biturðin yfir því að hafa misst afkomendur sína með þessum hörmulega hætti og þar fann hann til með bóndanum eins og allir sem til þekktu gerðu. En biturðin vegna óblíðra örlaga hverfur ekki svo glatt.

Oft hafði hann velt því fyrir sér hvort í raun hefðu verið gerð mistök og þá varð honum hugsað til þess sem við var að fást í dag. Nei það voru ekki jólagjafirnar og kortin sem áttu hug hans. Auðvitað myndi hann kaupa jólagjafir handa konunni og börnunum en það sem átti hug hans allan var vegagerð og samgöngubætur. Þessi bylgja sem gripið hafði þjóðina föstum tökum núna fyrir jólin, að nú skyldu lagðir almennilegir vegir. Allt skyldi tvöfalda og halda þannig þessari mannskepnu frá öðrum sömu tengundar þannig að þeir sem ekki stefndu í sömu átt ættu ekki á hættu að rekast hver á annan. Auðvitað var löngu tímabært að reyna að koma í veg fyrir að þeir sem stefndu í ganstæðar áttir rækjust hver á annan. Það dugði að fylgjast með útvarpi eða sjónvarpi frá Alþingi til þess að sjá hve mikilvæg þessi staðreynd myndi reynast í framkvæmd, en þá yrði fremur dafulegt á Alþingi. Honum reyndist hins vegar ógerlegt að skilja hve bílstjórar breyttust við það eitt að setjast upp í alla nýju fínu bílana og aka af stað. Asinn og óróinn sem einkenndi fólk, ekki sízt fyrir jólin skipti sennilega meiru fyrir gæfu þeirra en tvískiptir vegir og jarðgöng um allt. Enn varð honum hugsað til litlu stúlkunnar í Afríku. Skyldi úrið hafa gagnast henni jafn lengi og það hafði dugað honum?

Honum var það til efs, en kannski hefði það dugað henni til næsta dags og sá dagur hefði fleytt henni áfram, vonandi þó ekki til Kanaríeyja, því margir dóu á leiðinni þangað. Hver skyldi skammaður fyrir það, að fólk lifði ekki af sigliinguna frá Vesturströnd Afríku til eyjanna í steikjandi hita, án vatns og matar? Sennilega enginn, en ríkisstjórnin þar átti heldur ekki við lúxusvndamál að stríða eins og gerð jarðganga og fjórfaldra akvega.

Þar stóð öllum á sama um svöng börn, sem vissu ekki hvað morgundagurinn bar í skauti sér, varla hvað dagurinn í dag færði þeim. Hver skyldi bera ábyrgðina á fólki, Guð almáttugur? Máltækið „Guð hjálpar þeim sem hjálpar sér sjálfur" hafði greypst í huga hans þegar hann var barn og þess vegna leitaði hann sjaldan til annarra með persónuleg vandamál.

Hann leit á úlnliðinn þar sem úrið átti að vera, en þar var ekkert úr. Það var einhvers staðar í Afríku. Sennilega hefði einhver hirt það af stúlkunni. Í bezta falli hefði hún fengið eitthvað að borða þann daginn. Auðvitað hefði hún getað verið hluti af stærra hópi sem einhver órpúttinn gerði út til þess að betla af hvítum ferðamönnum, sem allir voru ríkir í augum Afríkubúa. Kannski fékk hún ekkert fyrir annað en matarbita. Hann hafði enga hugmynd um kjör þessa fólks. Þau voru slæm og sjálfsgt var dauðinn þeim daglegt brauð og ekki leitað að sökudólgum. Og þó, hvað vissi hann um það ofan af Íslandi. Hann leit á klukkuna í mælaborðinu og sá að hann var að verða of seinn á fundinn með aðstandendum þeirra sem misst höfðu nákomna ættingja á Suðurlandsvegi. Þá hafði hann næstum misst af því að sjá rauðum sprotbíl ekið beint í áttina að sér og blótaði upphátt. Í svip sá hann ungan ökumann við stýrið náfölan í framan reyna að forða árekstri sem hann stofnaði til með ógætilegum framúrakstri. Áleifur hafði lengi vitað að það eina sem dygði í umferðinni væri að bera ábyrgð á sjálfum sér og hann var fullviss um að óttinn við þessa óprúttnu ökumenn eins og unga manninn sem hann sá í speglinum rása til á veginum eftir að bílar þeirra nánast snertust í Brekkunni neðan Skíðaskálans væri það sem dygði bezt til bjargar. Loks virtist ungi maðurinn ná valdi á bílnum, þó án þess að draga úr hraðanum. Þá fyrst rann það upp fyrir honum að drengurinn hafði verið að taka fram úr yfir tvöfalda óbrotna línu. Ósvífnin eða skeytingarleysið var algert. Óskiljanlegt var hvernig hægt var að láta svona drengi fá ökuréttindi.

Bros læddist fram á andlit Áleifs þegar hann leit aftur í baksýnisspegilinn. Blá blikkandi ljós lögreglubíls sýndu að stráksi hafði verið gómaður við hraðaksturinn. En sennilega myndi hann lítið læra af því. Réttarkerfið virtist hafa samúð með ökuníðingum og lögreglan ekki vera nógu mikið á ferðinni til að ná þessum ökumönnum. Hann skildi nú betur hvað fólk átti við með því að nauðsynlegt væri að skilja að akstur í mismunandi áttir. Ef ekki var hægt að treysta ökumönnum varð að grípa til annarra ráða til þess að vernda saklausa vegfarendur fyrir ofbeldisfullum ökumönnum í umferðinnni, sem hegða sér eins og hryðjuverkamenn. En bættir vegir myndu aldrei ná að útrýma hryðjuverkunum.

Áleifur velti því fyrir sér hvað biði þegar á fundinn kæmi austan fjalls. Hann vissi það eitt að þetta var hópur fólks sem átti það sameiginlegt að hafa annað hvort misst nána ástvini í umferðarslysum á Suðurlandsveginum eða slasast sjálft alvarlega. Krafa þessa hóps var að vegir yrðu bættir.

Og honum varð hugsað til gamla bóndans. Þar hafði ekki orðið árekstur tveggja bíla, en hann kenndi aðstæðum um hvernig fór, ekki veðrinu þó, heldur slæmum merkingum, vildi meina að samfélagið hefði brugðist sér og sínu fólki. Það var sameiginlegt honum og því fólki sem beið fundarins. Enn vissi hann ekki hvað bezt var að segja. Áleifur tók þá ákvörðun að hlusta og segja fátt fyrr enn allir hefðu talað. Fundurinn yrði sjálfsagt langur og erfiður. Því alltaf var erfitt að sitja undir því að svara ásökunum þeirra sem voru reiðir og bitrir. Sennilega þýddi lítið að segja að allir vildu úrbætur strax og féð sem til reiðu væri dygði engan veginn til allra nauðsynlegra úrbóta, hvað þá heldur til að mæta öllu kröfum hinna fjölmörgu hópa um úrbætur víðs vegar um landið. Á öllum, hverjum og einum, brann eldurinn heitast. Hver og einn einasti vildi úrbætur hjá sér strax. Stjórnmálamenn tóku undir kröfurnar með misjafnlega skýrum hætti, en Vegagerðin tók við gagnrýninni, ein og óstudd. Almenningur taldi greinilega að þar sætu menn sem færu sínu fram og hefðu lítinn hug á úrbótum, væru gamaldags og fákunnandi. Aldrei voru fleiri sjálfskipaðir sérfræðingar í boði en þegar koma að því að leggja vegi og brýr.

Umferðin að austan jókst jafnt og þétt og dagurinn var á hvörfum, myrkrið skall á. Á móti komu margir á mikilli ferð. Skyndilega dró úr umferðarhraðanum. Löng bílalest kom á móti. Þá mundi hann að það var í dag sem færa átti forsætisráðherranum listana með undirskriftum tugum þúsunda sem kröfðust fjórfalds vegar. Svo sá hann ástæðu þess að dregið hafði úr hraðanum. Lögreglubíll með blikkandi blá ljós stóð úti í kanti og hafði stöðvað ökumann á svörtum Mercedes Benz, sem hann mundi að hefði tekið fram úr sér á mikilli ferð í Svínahrauninu nokkru fyrr. Lögreglan var þó að og reyndi að hamla þessum ógnarakstri, sem leiddi til hörmunga. Nú þegar voru farnir jafnmargir og þegar verst lét áður, 29 manns höfðu týnt lífinu í umferðinni og enn ekki komin jól. Aksturin niður Kambana var þægilegur fyrir utan það að all margir ökumenn voru að flýta sér og tóku miskunnarlaust fram úr þótt tvöföld óbrotin lína blasti við á veginum. Stundum hafði hvarflað að honum hvort ekki væri rétt að láta nagla í óbrotnu línurnar þar sem bannað var að fara yfir. Þá myndu dekkinn á kappaksturbílunum springa og sennilega yrði bið á því að ökufantarnir léku þennan leik aftur. Gallinn var sá að ökuníðingarnir kynnu að missa stjórn á bílunum og valda sjálfum sér og öðrum tjóni. Það var engin einföld leið til að útrýma ofbeldi í umferðinni. Hann glotti því með sjálfum sér þegar hann sá enn einn lögreglubílinn stöðva ökufantinn er hafði farið fram úr síðast aðeins neðar í Kömbunum.

Nú styttist í ökuferðinni því fundurinn yrði haldinn í Hveragerði. Þegar hann leit yfir flatlendið sem við blasti úr Kömbunum reikaði hugurinn heim til Skararfjarðar og jólanna þar, kyrrðarinnar, samkenndarinnar og fegurðarinnar þegar allt var stjörnubjart og kyrrt. Honum hafði ætíð fundizt að ekkert jafnaðist á við hringjandi krikjuklukkurnar í logninu þegar jólaljósin spegluðust í sjónum og þögnin var alger er að ómar klukknanna dóu út áður en messan hófst með lestri meðhjálparans. Hér var langt út á sjó. En fólkið beið. Hann velti fyrir sér hvers vegna honum hefði verið úthlutað þessu verkefni að hitta þennan hóp. Það vakti upp hjá honum óþægilegar

Ólafur Helgi Kjartansson, fyrrum skattstjóri og síðan sýslumaður á Ísafirði og nú sýslumaður á Selfossi, hefur um langt árabil ritað jólasögur í Bæjarins besta. Sú fyrsta birtist í jólablaði BB árið 1986 og síðan hafa sögur hans birst árlega að undanskildum árunum 1992 og 1993. Hér birtist nýjasta jólasaga Ólafs Helga „Ekið inn í jólin".

hugsanir um gamla bóndann í Þrælavík og hryggileg örlög barna hans og barnabarns. Það hafði verið erfitt að eiga við hann öll þessi löngu símtöl, sem oft voru endurtekning ásakana í hans garð og Vegagerðarinnar, án þess að neitt nýtt kæmi fram. Áleifur hafði reyndar gengið svo langt einu sinni að hvetja bóndann til að leggja fram formlega kæru á hendur sér. Svo hafði gamli bóndinn ekki verið neitt nema elskulegheitin þegar þeir heimsóttu hann nokkrir félagar, hafði boðið þeim í kaffi of spjallað um heima og geima og virzt allur annar maður þá stundina. Yfirmaðurinn hafði sagt við hann að vegna fyrri reynslu yrði hann sendur á fundinn.

Áleifur lagði bílnum fyrir utan hótelið þar sem fundurinn skyldi haldinn. Þar yrðu víst bæði læknir og lögreglustjórinn í héraðinu auk þeirra tuttugu sem boðað höfðu komu sína. Á leið sinni inn í hótelið mætti hann blaðakonunni Brynju Tryggvadóttur, sem heilsaði honum alltof -. Varla gat hún verið hér vegna fundarins. Sennilega var hún hér að kynna bókina sína, sem var víst ævisaga einhvers bónda utan af landi. Satt að segja hafði Áleifur ekki mikinn áhuga fyrir skrifum Brynju, fannst hún full yfirborðskennd og fara frjálslega með staðreyndir á köflum. Og hann hafði enga löngun til að ræða við hana, sízt á þessu augnabliki, þegar alvaran beið framundan. Hún spurði hvort hann hefði lesið nýjustu bókina sína. Kurteislega svaraði hann því að ekki hefði gefizt tími til þess enda í mörg horn að líta.

„Þú ættir nú að gera það," sagði Brynja. „Þar kemur eitt og annað fram sem gæti gagnast þér í þessu bauki þínu við vegagerðina og þú gætir rifjað upp gömul mistök." sagði hún brosandi. Áleifur sagði fátt en gekk í átt að fundarsalnum. Brynja fylgdi á eftir og hélt áfram að tala um bókina sína og hve margt væri þar gott og gagnlegt fyrir hann. Hann hlustaði ekki á það sem hún hafði að segja, sagði einungis að hann væri orðinn of seinn á fundinn. Hún svaraði því til að þau væru farin að bíða. Þá fyrst áttaði hann sig á því að hún ætlaði að sitja fundinn og fann til gremju, en sat á sér að segja nokkuð. Hún sagðist vera að vinna að grein sem ætti að fjalla um missi þeirra sem horft hefðu á eftir nákomnum í umferðarslysum. Þá fór hann ósjálfrátt að hugsa um jólahaldið eins og til að forðast óþægindin. Hann mundi eftir því að enn átti eftir að kaupa gjafir handa börnunum og enn hafði hann ekki óskað sér neins þótt enn ætti eftir að bæta upp Afríkuferðina, því úrið vantaði. Um leið og hann gekk í salinn heilsaði Angantýr sem boðað hafði til fundarins Áleifi og spurði hvort honum væri sama um návist blaðakonunnar. Hann svaraði með því að spyrja hvort aðrir sættu sig við návist hennar. Fátt varð um svör til að byrja með. Sumir fundarmanna þögðu og litu undan. Læknirinn og lögreglustjórinn höfðu á orði að þeir teldu vafasamt að hafa blaðamann á fundinum. Það hefði í för með sér að fólk myndi ekki tjá sig jafn opinskátt og ella. En lögreglustjórinn sagðist myndu sætta sig við nærveru Brynju að því gefnu að sagt yrði frá fundinum á hlutlægan og hlutlausan hátt og allar stóryrtar yfirlýsingar sparaðar. En fundarmenn yrðu sjálfir að ákveða hvað þeim þætti við hæfi. Angantýr, upphafsmaðurinn að fundinum, sagðist hafa boðið henni, hún væri stjörnublaðamaður á leið af stað með nýtt tímarít, og hefði samið góðar bækur. Aðrir sögðu fátt utan þess að ung kona sagðist ekki treysta neinum blaðamanni til að fara rétt með og sízt þessum stjörnublaðamönnum, sem væri of hlaðið viðurnefni um þá sem færu frjálslega með viðmælendur sína, sannleikann og staðreyndir yfirleitt. Þeir týndu fram það sem hentaði í fyrirsagnir. Áleifur tók af skarið vitandi að það sem hann segði kynni að ráða úrslitum. Sennilega væri þægilegast að vera laus við Brynju og vissulega hafði unga ekkjan rétt fyrir sér. En hugsanlega skipti máli að sagt yrði frá fundinum og yfirvegaðan hátt. „Það er greinilega ósk flestra sem óskuðu fundarins að blaðamaður sé viðstaddur. Það er ekkert að því í sjálfu sér hafi menn það í huga að sannleikurinn er mismunandi í huga fólks og sumum blaðamönnum er þannig farið að láta ekki staðreyndir hafa áhrif á sinn sannleika. Með þetta í huga og þá vissu að sá ágæti blaðamaður sem hér er staddur að ykkar ósk standi undir nafni geri ég ekki athugasemdir." Allir sáu hvernig Brynja eldroðnaði og bæði læknirinn og lögreglustjórinn kímdu og nokkrir aðrir, en flestir litu undan. Sjálfur átti Áleifur fremur bágt með sig. En málið var afgreitt og fundurinn hófst. Rétt reyndist að hann varð langur og langt komið fram yfir lokunartíma verzlana þegar honum lauk. Jólagjafirnar yrðu að bíða betri tíma, en Áleifi var mun léttara í skapi. Fáir voru með ásakanir á hann eða Vegagerðina, en fleiri nefndu þá hörmulegu staðreynd að allt of margir ökumenn reyndust ekki þeim vanda vaxnir að aka í samræmi við umferðarlög og alls ekki í samræmi við umferðina. Sumir vildu meina að of einfalt væri að fá ökuleyfi og halda reynslulaus út í umferðina oft með skelfilegum afleiðingum og honum varð hugsað til gamla bóndans og sorgar hans þegar fundarmenn hófu að lýsa aðstæðum og slysum sem kostað höfðu þeirra nánustu lífið eða ævilöng örkuml. Kannski var þeim ekki of gott að skamma getulitlar skrifstofublækur eins og Áleif og fleiri af hans sauðahúsi. En eini fundarmaðurinn sem var í því skapinu reyndist Brynja og var ótrúlega fljótt kveðin í kútinn. Ekkjan unga heyrðist tauta að hún ætti ekkert erindi hingað, ekki bæri hún virðingu fyrir tilfinningum fólks og sízt rétt fyrir jól. Hún gæti glansað í nýja tímaritinu sínu. Hún roðnaði öðru sinni og hafði sig lítt í frammi það sem eftir lifði fundarins.

Á leiðinni út spurði Brynja hvort hún fengi að fljóta með til Reykjavíkur. Það var auðsótt. Skýringin var sú að hún hefði verið stöðvuð fyrir að aka of hratt og bíllinn óskoðaður varð eftir uppi á Hellisheiði. Á leiðinni var fátt sagt. Áleifur hafði enga þörf til að ræða við Brynju, en hugsaði því meira um hörmungar þeirra sem misstu ástvini og slösuðust í umferðinni. Honum stóð varla á sama að keyra til Reykjavíkur í myrkrinu. Fyrir vestan var meiri ró yfir öllu, líka umferðinni alla jafna, það var helzt veðrið. Hvernig skyldi sá gamli í Þrælavík hafa það sagði hann annars hugar.

Hann hefur það gott svaraði Brynja. „Við vorum að gefa út bók núna fyrir jólin". „Varla hefur hann borið mér vel sögunna". Áleifur kímdi og fleira var ekki sagt það sem eftir lifði ferðar. Um leið og þau óskuðu hvort öðru gleðilegra jóla við skrifstofu nýja tímaritsins bað Áleifur fyrir jólakveðju heim í Þrælavík. Meira var ekki sagt og hann fann hvernig ósögð orð höfðu dýpri merkingu en þau sem féllu og hlakkaði til halda jólin með sínu fólki þó ekki yrði það í Skararfirði, ók af stað undir jólaljósunum og hugsaði til lítlu stúlkunnar í Afríku. Skyldi hún eiga jól?

– Ólafur Helgi Kjartansson.

Óskum viðskiptavinum okkar, samstarfsaðilum og Vestfirðingum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs

VESTFIRSKIR VERKTAKAR
SKEIÐI 3 400 ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 6600

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

Lagt til að gjaldskrá Bolungarvíkurhafna hækki um 3%

Hafnarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar leggur til að gerðar verði breytingar á gjaldskrá hafnarinnar. Hafnarstjórn leggur til við bæjarstjórn að gjaldskrá hækki að meðaltali um 3%. Einnig leggur stjórnin leggur til að 5 grein gjaldskrár Bolungarvíkurhafnar ljúki með eftirfarandi málsgrein: Skip, sem ekki eru í rekstri né leggja upp afla hjá Bolungarvíkurhöfn, skulu greiða fullt bryggjugjald fyrir hvern legudag og njóta ekki afsláttarkjara í formi mánaðargjalda. Skip ekki í rekstri telst það skip sem legið hefur lengur en einn mánuð í höfn og hefur ekki greitt önnur gjöld til hafnarinnar næstu þrjá mánuði á undan. Auk þess leggur hafnarnefnd til að hafnarstjóra verði falið að leggja fyrir bæjarstjórn breytingu á gjaldtöku vegna sorps og sorpeyðingu.

Ísafjarðarbær tekur 150 milljón króna lán

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt samhljóða að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 50 milljónir króna, til 10 ára og 1,1 milljónir evra til 15 ára, eða tæplega 100 milljónir íslenskra króna á núverandi gengi. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins og er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdir ársins.

Þá samþykkti bæjarstjórn að veita Halldóri Halldórssyni, bæjarstjóra, fullt og ótakmarkað umboð til þess að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga fyrir hönd Ísafjarðarbæjar, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántökunni.

Tillagan var samþykkt með níu greiddum atkvæðum og engu mótatkvæði.

– eirikur@bb.is

Frá Hornströndum.

Ráðstefna um skipulagsmál á Hornströndum í janúar

Ráðstefna um skipulagsmál á Hornströndum verður haldin á Ísafirði dagana 26. og 27. janúar á vegum Ísafjarðarbæjar og Teiknistofunnar Eikar. Fjallað verður um skipulagsmál á Hornströndum. Á dagskránni er fjöldi erinda og reynt verður að fá fram sem flest sjónarmið þeirra sem hagsmuna eiga að gæta við framtíðarskipulag Hornstranda.

Um er að ræða tveggja daga ráðstefnu, frá hádegi á föstudegi og fram til kl. 16 á laugardegi. Fyrirlesarar koma úr ýmsum áttum og munu fjalla um skipulagsmál frá mörgum sjónarhornum. Fyrirlestrarnir ná yfir vítt svið: skipulagsmál, sögu búsetu á Hornströndum, þolmörk ferðamannasvæða, framtíðarskipulag Hornstranda út frá sjónarhóli landeigenda, ferðaþjónustu og náttúruvernd og margt fleira.

Aðgangur að ráðstefnunni er ókeypis. *– thelma@bb.is*

Meiri samdráttur í þorskveiðum á Vestfjörðum en á landsvísu

Fyrstu ellefu mánuði ársins var 23.415 tonnum landað af þorski á Vestfjörðum, og er það nokkuð minna en á sama tímabili í fyrra þegar 25.222 tonnum var landað. Samdrátturinn er upp á 7% hér vestra, en á landsvísu er samdráttur í þorskveiðum 6,3% miðað við þetta tímabil. Þá jukust steinbítsveiðar nokkuð á tímabilinu en hér vestra komu 2.471 tonn á land í ár á miðað við 974 tonn í fyrra.

Aukningin er upp á 154% á Vestfjörðum, en 15,3% á landsvísu. Nokkuð meira veiddist af steinbíti á tímabilinu í ár en 5.915 tonn komu á land nú á miðað við 5.366 tonn í fyrra og er það aukning upp á 10,6%. Á landsvísu var aukning í sömu tegund upp á 6,8%.

Á umræddu tímabili í fyrra var 15% þeirrar rækju sem landað var á Íslandi landað á Vestfjörðum, eða 1.257 tonn af alls 8.216 tonnum. Í ár hafa einungis komið 6 tonn af rækju á land á Vestfjörðum, en 3.045 tonn á landsvísu. Þessi sex tonn gera 0,2% af allri landaðri rækju á landsvísu.

– eirikur@bb.is

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

RAFSKAUT ehf

RAFJÓN ehf

Suðurtanga 7 · Ísafirði

Óbreytt útsvarsprósenta í Bolungarvík

Bæjarráð Bolungarvíkur hefur lagt til að útsvarsprósenta haldist óbreytt í 13.03% fyrir árið 2007, en það er hæsta mögulega útsvarsprósenta. Á Vestfjörðum var málum svo háttað á árinu sem er að líða að öll sveitarfélög fyrir utan Bæjarhrepp kröfðust hæsta mögulega útsvars. Lágmarksútsvarsprósenta er 11,24% og eru þrjú sveitarfélög á landinu sem innheimta hana; Skorradalshreppur, Ásahreppur og Helgafellssveit. Vegið meðaltal útsvarsprósentu yfir landið er 12,97% á móti 23,75% ríkisins, sem samtals gera 36,72% skattheimtu.

Eldri borgarar fjármagna viðbyggingu

Eldri borgarar í Bolungarvík stefna að því að fjármagna viðbyggingu við Árborg þar sem verða íbúðir fyrir eldri borgara. Þetta kemur fram í fundargerð bæjarráðs Bolungarvíkurkaupstaðar, en ráðið fagnar frumkvæðinu og hefur lýst yfir stuðningi við framkvæmdina. Bæjarráð beinir því til umhverfisráðs að vinna skipulag í kringum Árborg, og mun bæjarstjóri í framhaldinu beina því til Teiknistofunnar Eik að setja sig í samband við forsvarsmenn félags eldri borgara í Bolungarvík með það fyrir augum að félagið komi að gerð aðalskipulags Bolungarvíkur.

Kvikmyndin Duggholufólkið tekin upp á Ísafirði

Nú standa yfir tökur á kvikmynd á Ísafirði sem koma á út jólin 2007. Myndin ber heitið Duggholufólkið og er barna- og fjölskyldumynd. „Sagan, sem er draugasaga, gerist að stórum hluta á Vestfjörðum og fara því töluvert af tökunum fram fyrir vestan. En innitökur fara hins vegar fram í stúdíói í Reykjavík“, segir Ari Kristinsson, leikstjóri sem var við töku á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði þegar blaðið hafði samband við hann.

Í burðarhlutverkum eru tvö 11 ára gömul börn, þau Þórdís Árnadóttir og Bergþór Þorvaldsson. Auk þeirra fara með helstu hlutverk Brynhildur Guðjónsdóttir, Margrét Vilhjálmsdóttir, Erlendur Eiríksson og Magnús Ólafsson. Auk þess eru margir Vestfirðingar í aukahlutverkum. Kvikmyndaliðið verður að störfum á norðanverðum Vestfjörðum fram að jólum og mun snúa aftur eftir áramót til að leggja lokahönd á verkið. Áætlað er að tökum verði lokið 1. febrúar. – *thelma@bb.is*

Kvikmyndatökufólkið að störfum.

Frá tökum á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði. Margrét Vilhjálmsdóttir fer með eitt aðalhlutverkið. Á myndinni er einnig Helga Margrét Marzellíusardóttir, en nýfædd dóttir hennar kemur fram í myndinni.

Þegar þú ert kominn á þennan aldur er gott að eiga vænan lífeyrissparnað hjá Lífeyrissjóði Vestfirðinga! Þú sleppur við jólaköttinn ef þú gengur frá samningi fyrir áramót! Það gerir þú á netinu www.lvest.is Þar getur þú líka greitt iðgjöld og skoðað réttindi þín í Lífeyrissjóði Vestfirðinga, fengið yfirlit yfir stöðu þína og margt fleira.

Lífeyrissjóður Vestfirðinga óskar Vestfirðingum og öðrum landsmönnum árs og friðar

LÍFEYRISSJÓÐUR VESTFIRÐINGA

Hafnarstræti 9-13, 400 Ísafirði • Sími 456 4233 • Fax 456 4710 • Netfang: afgr@lvest.is • Heimasíða: www.lvest.is

Mannlífið

Ábendingar um efni sendist til Thelmu Hjaltadóttur, thelma@bb.is – sími 849 8699

Vefsíðan

helgavala.hexia.net

Jæja... þá getur maður hætt að lesa Blaðið. Það er ljóst að þeir ætla að fremja sjálfsmorð og verði þeim að góðu. Sjálf er ég fegin. Það er einu blaðinu færra að fara með út í gámaþjónustuna, en það er sorpan okkar í Víkinni. Sigurjón er magnaður ritstjóri eins og sást á því að hann reif upp þennan snepil sem maður nennti ekki að opna. MAgnað að einn maður geti þetta en það gat hann. Við það að lesa færsluna hans skaust hugur minn inn á dagskrárdeild Rásar tvö. Þar fara eða fóru amk fram stöðug slagsmál við auglýsingadeildina, og þá helst hann Lúlla sem var víst eitthvað í íþróttum.

Smáauglýsingar

Mjög vel með farinn Gallooper jeppi (7 manna) dísel er til sölu. Ekinn 70 þús. km. Upplýsingar í síma 892 1417.

Kaupi bíla til niðurrifs. Uppl. í síma 899 4201.

Eldhúsborð og sex stólar fást gefins. Uppl. í síma 456 3678.

Til sölu er skenkur og borðstofuborð og sex stólar. Mjög vel með farið. Selst ódýrt. Uppl. í síma 892 8594.

Til sölu er Head snjóbretti með bindingum (108 cm) og skór nr. 39-40. Uppl. í síma 863 2414.

Til sölu er Isuzu Trooper árg. 91. Bíll í toppstandi og á góðu verði. Uppl. í síma 868 1739.

Stúfur gerði aðra tilraun

Á fjölskylduhlaðborði hjá SKG-veitingum á sunnudag, gerði Stúfur aðra tilraun til að hnupla pönnu eins og frægt var hér um árið með þeim afleiðingum að kokkurinn fótbrotnaði. Betur fór nú þar sem kokkurinn náði að handsama bæði pönnuna og Stúf. Eins og eflaust margir muna fékk Eiríkur Gísli Jóhansson, þáverandi matreiðslunemi hjá SKG, gifs á hönd og fót eftir viðskipti við Stúf á jólahlaðborði fyrir fjórum árum. Hafði Stúfur þá laumast fram í eldhús, gripið í pönnu og ætlað að laumast með hana fram aftur til að gæða sér á skófum.

Eiríkur vildi ekki una pönnumissinum og stökk á eftir sveinka. Í frétt sem birtist í bb.is árið 2002 segir svo frá: „Ekki vildi betur til en svo, að Eiríkur hrasaði og brákaði á sér ristina, eins og seinna kom í ljós, en hélt áfram og endaði á hurð þar sem hann tvíbraut á sér höndina. Þrátt fyrir þetta endurheimti hann pönnuna úr höndum Stúfs en var síðan fluttur undir læknishendur.“

Gestir höfðu gaman af uppátækinu og sömuleiðis höfðu Eiríkur og Stúfur gaman af endurfundinum, enda orðnir reynslunni ríkari og fara að öllu með gát. – *thelma@bb.is*

Spurning vikunnar

Ferð þú í kirkju yfir jólahátíðina?

Alls svöruðu 668.
Já sögðu 264 eða 40%
Nei sögðu 296 eða 44%
Óvíst sögðu 108eða 16%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Ertu orðin(n) áskrifandi?

Ásthildur, Ólöf, Magni, Þráinn, Einar og Nikola voru hress kát og alveg til að spjalla um jólin.

Bráðum koma blessuð jólin, börnin fara að hlakka til…

Jólin búa yfir sérstökum töfrum í augum barna enda líta þau allt öðrum augum á þessa hátíð ljóss og friðar en hin fullorðnu. Hver man ekki eftir tilhlökkuninni á bernskuárunum og nærri óbærilegri biðinni eftir að hinn langþráði aðfangadagur rynni upp. Þó er margt til að stytta stundir barnanna í desember og til að mynda koma þrettán kátir sveinar til byggða til þess að setja góðgæti í skó þægu barnanna. Þrátt fyrir minningarnar frá fyrstu árum ævinnar er alltaf gaman að skyggnast inn í hug barnanna. Bæjarins besta kíkti því í heimsókn á leikskólann Eyrarskjól á Ísafirði og spjallaði við nokkur 5 ára börn um jólahátíðina. Þau eru Magni Jóhannes Þrastarson, Þráinn Ágúst Arnaldsson, Einar Ásvaldur Sigurðsson, Ásthildur Jakobsdóttir, Ólöf Einarsdóttir og Nikola Chylinska.

– Krakkar er ykkur farið að hlakka til jólanna?

Öll í kór: Já!

Ólöf: Sérstaklega mér, því ég á afmæli á jólunum.

– Hvað er það sem þið hlakkið mest til að gera um jólin?

Þráinn: Opna pakkana.

Ásthildur: Ég hlakka til að fara í nýja sparikjólinn sem ég fékk í afmælisgjöf þegar ég varð fimm ára.

– Vitið þið af hverju við höldum upp á jól?

Öll samtaka: Af því að Jesú á afmæli á jólunum.

Þráinn: Jesú fæddist á jólunum og dó á páskunum.

– Hvað gerið þið svo á jólunum?

Einar: Mér finnst gott að borða jólamatinn.

Ásthildur: Ég býð alltaf ömmu minni að koma og borða með okkur á jólunum.

Ólöf: Og ég býð alltaf ömmu minni og afa.

Vélmenni sem lagar til

– Hvað langar ykkur í jólagjöf?

Einar: Mig langar í geislasverð. Það er úr Star Wars. Það eru líka til sex tölvuleikir eins og það eru sex Star Wars myndir.

Magni: Mig langar í traktor eins og afi gaf mér.

Þráinn: Mig líka. Mig langar í helling af traktorum. Mig langar líka í svona ljós eins og rannsóknarlögreglumenn eiga. Maður lætur batterí í það.

Ásthildur: Mig langar í hjól sem Baby born situr á.

Ólöf: Mig langar í vélmenni sem lagar til fyrir mömmu mína.

Nikola: Ég veit ekki hvað mig langar í.

Þráinn: Mig langar rosalega mikið til þess að það muni snjóa í dag og vera hellingur af snjó um jólin því þá ætla ég að gera snjóhús.

Einar: Já ég vil hafa snjó alveg upp á þak.

Áttatíu tröll og þrettán jólasveinar

– Fáið þið gott í skóinn?

Öll í kór: Já!

– En vitið þið hvað jólasveinarnir eru margir?

– Aftur öll í kór: Þrettán.

Magni: Svo eru tröllin áttatíu.

– En vitið þið hver eru foreldrar jólasveinana?

Öll samtaka: Grýla og Leppalúði.

Þráinn: Svo eiga þau líka jólaköttinn.

– Þekkið þið alla jólasveinana með nafni?

Þráinn: Ég þekki þá; Stekkjarstaur, Giljagaur, Stúfur, Kertasníkir, Gáttaþefur, Pottasleikir, Skyrgámur…

Magni skýtur inn í: Þvörusleikir.

Þráinn: Bjúgnakrækir, Kjötkrókur, Hurðarskellir, Gluggagægir og svo Kjötkrókur.

– Flott hjá ykkur. En krakkar hvað gerist svo eftir jólin? Er þá allt gamanið búið?

Þráinn: Nei þá á ég afmæli.

Einar: Og þá fer ég í sundskóla og Þráinn líka.

– Já en eru ekki líka áramót? Hvað gerist á áramótum?

Ólöf: Þá sprengjum við.

Magni: Þá sprengjum við flugelda.

– En af hverju sprengjum við flugelda og höfum gaman á áramótunum?

Öll hugsa þau sig vel um.

– Kemur þá ekki eitthvað nýtt?

Magni: Jú það er rétt, það kemur eitthvað nýtt.

– Kemur ekki nýtt ár þá?

Öll í kór: Jú.

– Ein spurning að lokum, hvernig undirbúið þið jólin?

Þráinn: Við skreytum heima hjá okkur.

Nikola: Við gerum fínt heima hjá okkur fyrir jólin.

Blaðamaður kvaddi svo börnin og leyfði þeim að fara út í leik til að stytta stundirnar þar til jólin koma.

– *thelma@bb.is*

Mestu landað af þorski á Flateyri

Mestu var landað af þorski á Flateyri af öllum löndunarhöfnum á Vestfjörðum á fyrstu ellefu mánuðum ársins, eða 5.796 tonnum. Bolungarvík er þar rétt á eftir með 5.690 tonn, og þvínæst Ísafjörður með 4.388 tonn. Á Patreksfirði var 2.678 tonnum landað á tímabilinu, næst kemur Suðureyri með 1.336 tonn, þá Tálknafjörður með 1.294 tonn, svo Hólmavík með 548 tonn, Drangsnes með 490 tonn, Súðavík með 454 tonn, Þingeyri með 401 tonn, Bíldudalur með 201 tonn, Norðurfjörður með 141 tonn, og Brjánslækur rekur lestina, en þar var 44 tonnum landað af þorski.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Suðvestan 8- 13 m/s og stöku él. Gengur í suðaustan hvassviðri síðdegis með slyddu og síðar rigningu. **Horfur á Þorláksmessu:** Útlit fyrir suðvestan storm með rigningu eða slyddu, einkum vestantil, en lægir síðdegis og styttir upp. **Horfur á aðfangadag:** Suðvestanátt og vætusamt, einkum sunnan- og vestanlands. Horfur á jóladag: Suðvestanátt og skúrir eða él. Kólnandi veður.

Bjart er yfir Betlehem, blikar jólastjarna

Allir þekkja söguna um Betlehemstjörnuna sem vísaði vitringunum þremur á Jesúbarnið þar sem það lá nýfætt í jötu í fjárhúsinu. Guð lét hana birtast til að opinbera fæðingu sonar síns. En Betlehemstjarnan hefur valdið stjörnufræðingum, sagnfræðingum og guðfræðingum miklum heilabrotum í tæp tvö árþúsund. Var hún yfirnáttúrlegt kraftaverk eða raunverulegt náttúrufyrirbæri. Margar kenningar hafa verið settar fram um jólastjörnuna og Bæjarins besta skoðið nokkrar til gamans og fróðleiks.

Ein kenning telja fræðimenn nokkuð líklega. Um það leyti sem Jesú átti að hafa fæðst vissu fáir um mikilvægi hans. Aðeins er minnst á stjörnuna í Matteusarguðspjalli (1.18-2.12) en ekki í Lúkasarguðspjalli þar sem einnig segir frá fæðingu Jesú (2.1-20). Í hinum tveimur guðspjöllunum er ekki minnst á fæðinguna. Matteus skrifaði guðspjallið nokkru eftir að Jesú var krossfestur og hann gæti hafa bætt stjörnunni við söguna, enda tengdust stjörnur fæðingum allra mikilla konunga á þessum tíma.

Margir hafa nefnt til sögunnar svokallað nýstirni. Nýstirni verður til þegar hvít dvergstjarna, sem hefur safnað að sér miklu efni frá stjörnu sem hún er á braut um, kastar efninu burt frá sér í röð mikilla kjarnasprenginga. Rétt er að taka fram að nýstirni (nóva) er ekki það sama og sprengistjarna (súpernóva). Þegar þetta gerist eykst birta hvítu dvergstjörnunnar allt að milljónfalt á mjög skömmum tíma. Fornir kínverskir stjörnufræðingar skrásettu upplýsingar um slíka stjörnu í Steingeitarmerkinu í mars og apríl árið 5 f. Kr., en sú stjarna sást í meira en 70 daga. Nýja stjarnan sem kínversku stjörnufræðingarnir sáu hefði birst í austri nokkrum klukkustundum fyrir sólarupprás. Í Matteusarguðspjalli 2:9 segir hins vegar að stjarnan hafi síðar verið sýnileg í suðri þegar vitringarnir stefndu í suðurátt til Betlehem eftir að hafa heimsótt Heródes konung. Nýstirni hefði aldrei geta færst svo mikið á svo stuttum tíma.

Tákn um fæðingu Messíasar gyðinga

Sumir halda því fram að stjarnan gæti hafa verið halastjarna, en áður fyrr voru þær, líkt og nýstirni, taldar vera boðberar mikilli tíðinda. Halastjörnur voru þó oftast fyrirboðar illra atburða. Vitringarnir sáu Betlehemstjörnuna upphaflega í austri og þegar þeir héldu til Betlehem, eftir að hafa heimsótt Heródes konung í Júdeu, gætu þeir hafa séð hana beint fyrir framan á leið sinni í suðurátt. Halastjarna hefði færst frá austri til suðurs á meðan 2 til 4 mánaða ferð vitringana stóð. Kínversku stjörnufræðingarnir skrásettu hins vegar ekki hjá sér neina færslu hjá fyrirbærinu. Halastjarna Halleys birtist um þessar myndir, en birting hennar árið 12. f. Kr. er fulllangt frá líklegum tímaramma fæðingar Jesú Krists.

Árið 7 f. Kr. var þrefalt samspil Júpíters og Satúrnusar. Öll áttu þau sér stað í Fiskamerkinu, sem löngum hefur verið tengt hebresku þjóðinni. Þessi atburður er sjaldgæfur, hann á sér einungis stað á um 900 ára fresti. Fyrsta samspilið var seint í maí, annað í september og hið þriðja snemma í desember. Plánetuarnar komu aldrei mjög nærri hvor annarri en fjarlægðin milli þeirra á himninum var jafngild sýndarþvermáli tveggja tungla og því lítill möguleiki á að sjá litu út sem ein stjarna. Þessi atburður hefur hins vegar haft mikla þýðingu fyrir stjörnufræðinga á þeim tíma. Júpíter var pláneta konunga og Satúrnus var verndari gyðinga. Það væri auðvelt að telja þetta tákn um að Messías gyðinga hefði verið eða væri um það bil að fæðast.

Sumir halda því fram að Betlehemstjarnan hafi aðeins verið Júpíter að færast á himninum. Þegar pláneta er í bakhreyfingu, virðist hún mynda lykkju á ferð sinnum bakvið stjörnum prýtt himinhvelið. Plánetan virðist með berum augum staðbundin á hvorum enda lykkjunnar í um það bil viku. Slíkt átti sér til dæmis stað þann 25. desember árið 2 f. Kr. Hreyfing plánetunnar á þeim tíma í vestur hefði leitt vitringana til Jerúsalem en vegna bakhreyfingar Júpíters virtist plánetan stöðvast á himninum, frá Jerúsalem séð, beint í suðri, yfir Betlehem. Og ekki nóg með það, heldur stöðvaðist plánetan í Meyjarmerkinu og var þannig stöðug í næstum sex daga. Auk þess virtist sem sólin stæði kyrr vegna þess að stutt var liðið frá vetrarsólstöðum.

Kenningar um samstöðu plánetna eða staðbundna stöðu Júpíters eru líklega mun nær sannleikanum um jólastjörnuna heldur en nýstirni eða halastjörnur. Kenningarnar um plánetuarnar hafa nefnilega minnstu mótrökin í útskýringunum á þessu stjarnfræðilega fyrirbæri sem á að hafa sést á svipuðum tíma og Jesús fæddist. Jólastjarnan gæti líka hafa verið uppspuni. Miklir himneskir viðburðir voru oft tengdir fæðingum merkra konunga. Höfundur Matteusarguðspjalls var fyrst og fremst að rita fyrir gyðinga og hann vildi sannfæra þá um að Jesús væri holdgervingur gyðinglegra spádóma.

Þegar allt kemur til alls virðist sem stjarnan sé annað hvort tákn og því ekki raunveruleg, eða eitthvert yfirnáttúrulegt kraftaverk Guðs og þar af leiðandi ekki viðfangsefni vísindanna.

Sá möguleiki er fyllilega fyrir hendi að leyndardómurinn um jólastjörnuna verði aldrei fullkomlega upplýstur. Burtséð frá öllum kenningum og pælingum hefur Betlehemstjarnan haft meiri áhrif á mannkynssöguna en nokkur önnur stjarna fyrr eða síðar, hvort sem hún var raunveruleg eða ekki.

Heimildir: Vísindavefur HÍ.

Sælkerar vikunnar eru Sædís María Jónatansdóttir og Jóhann Bæring Gunnarsson á Ísafirði

Hollt og gott um jólin

Sælkerar vikunnar bjóða upp á holla og bragðgóða máltíð sem hentar vel á milli hátíða. Þau bjóða upp á kjúklingabaunabuff sem borið er fram með agúrku- og hvítlaukssósu og salati með tófú. Í eftirrétt er hnetu- og súkkulaðinammi. Sælkerarnir óska lesendum Bæjarins besta gleðilegrar jólahátíðar, og að þeir njóti njótið máltíðarinnar.

Kjúklingabaunabuff

150 gr maukaðir sólþurrk aðir tómatar
150 gr malaðar heslihnetur
150 gr malaðar kasjúhnetur
150 gr rifinn ostur
50 gr parmesan
150 gr soðnar kjúklinga baunir
150 gr blandað grænmeti úr ísskápnum

Kryddið með karrý, paprikudufti, salti, cayennepipar og fersku kóríander.

Léttsteikið grænmetið. Setjið allt í skál og hrærið saman. Mótið buff og bakið við 180° C í 20 mínútur.

Agúrku- og hvítlaukssósa

5 dl ab-mjólk
1/3 agúrka
2-3 hvítlauksrif
salt og pipar

Ab-mjólkina þarf að sía í 30-50 mínútur t.d. í gegnum kaffifilter. Rífið agúrkuna á grófu rifjárni og pressið hvítlaukinn. Öllu blandað saman, salt og pipar eftir smekk.

Salat með tófú

klettasalatsblanda
papríka
konfektpómatar
gúrka
rauðlaukur
papríka
furuhnetur
1/3 biti tófú
2 hvítlauksrif
Tamari sósa

Pressið hvítlaukinn og blandið saman við Tamari sósuna. Skerið tófúið í bita og leggið í bleyti í sósunni í 15 mínútur. Skerið grænmetið og blandið öllu saman. Gott er að bera fram með salatinu Crema di balsamico sósu frá LaSelva.

Með kjúklingabaunabuffinu og salatinu er gott að bera fram nýtt Ciabattabrauð og góða ólífuolíu. Hellið ólífuolíu á fylgidisk og saltið og piprið (úr hvörn) eftir smekk og dýfið brauðinu í.

Hnetu- og súkkulaðinammi

2 ½ dl blandaðar hnetur
2 hrískökur
15 þurrkaðar apríkósur, lífrænt ræktaðar
15 þurrkaðar döðlur, lífrænt ræktaðar
1 banani
1 Carobella
50-100 gr suðusúkkulaði
½ tsk. vanilludropar

Til að velta uppúr: þurrristað kókosmjöl og sesamfræ.

Setjið hnetur og hrískökur í matvinnsluvél og malið frekar smátt. Skerið döðlur, apríkósur, banana, Carobella og suðusúkkulaði smátt. Blandið öllu saman þar til allt er vel límt saman. Hnoðið litlar kúlur og veltið þeim uppúr kókosblöndunni. Kælið eða frystið.

Við skorum á Þuríði Katrínu Vilmundardóttur og Jón Pál Hreinsson sem eru miklir sælkerar.

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk
bb.is – fjölsóttasti vestfirski vefurinn

Heildarútgjöld Ísafjarðarbæjar áætluð um 2,5 milljarðar króna á næsta ári

Frumvarp fjárhagsáætlunar 2007 fyrir Ísafjarðarbæ og stofnanir hans var lagt fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn í síðustu viku. Niðurstöður frumvarpsins eru að heildartekjur bæjarsjóðs og stofnana hans eru áætlaðar 2.358 millj. kr. en heildarútgjöldin 2.532 millj.kr. að meðtöldum reiknuðu stærðunum afskriftir, verðbætur á lán og breytingar áfallinna lífeyrisskuldbindinga alls 296 millj. kr. Rekstrurinn skilar 122 millj.kr. samkvæmt áætlaðri niðurstöðu sjóðsstreymi, en það er veltu fé frá rekstri.

Skatttekjur á eru áætlaðar 1.564 millj.kr. á næsta ári, en þeir málaflokkar sem mest taka til sín í rekstri eru fræðslumál með 781 millj.kr.; æskulýðs- og íþróttamál með 201 millj.kr.; félagsþjónusta með 79 millj.kr.; umferðar- og samgöngumál 90 millj.kr.; framlög til fyrirtækja í B-hluta 101 millj.kr.; sameiginlegur kostnaður 130 millj.kr.; og menningarmál 62 millj.kr. Alls er gert ráð fyrir að 322 millj.kr. fari í fjárfestingar. Helstu verkefnin eru framkvæmdir við nýbyggingu Grunnskólans á Ísafirði og við nýtt húsnæði félagsmiðstöðvar, auk nýbyggingu gatna og vatnsveituinntaka, kaupa á körfuslökkvibifreið fyrir slökkviliðið og kaupa á vigt til sorpbrennslustöðvarinnar Funa.

Áfram verður unnið við 2. áfanga endurbyggingar Ásgeirsbakka. Dýpkað verður í innsiglingarrennu og í smábátahöfn Suðureyri. Þá verður hafinn undirbúningur vegna uppbyggingar olíubirgðastöðvar á Mávagarði og endurnýjuð flotbryggja fyrir lóðsbát og björgunarbáta á Ísafirði. Auk þessa er að ráðgert að fara í ýmsar smærri framkvæmdir. Við fjárfestingar er lögð áhersla á verkefni þar sem ríkisvaldið kemur með fjármagn á móti sveitarfélaginu. Dæmi um það eru hafnarframkvæmdir þar sem ríkið kemur að jafnaði með 60% mótframlag, en gert er ráð fyrir að ríkið dragi sig út úr samstarfi um slíkar framkvæmdir á árinu 2008.

Gert er ráð fyrir að greiða 195 millj.kr. í afborganir langtímalána en nýjar lántökur eða lækkun á eigin fé eru áætlaðar 373 millj.kr. Stærsta einstaka ástæðan fyrir lántöku er bygging nýs skólahúsnæðis við Grunnskólann á Ísafirði. Síðari umræða um fjárhagsáætlun 2007 verður í dag 21. desember.

– eirikur@bb.is

Fasteignaverð hækkar á Ísafirði

Fasteignaverð á norðanverðum Vestfjörðum hefur farið hækkandi á þessu ári og segir Guðmundur Óli Tryggvason, löggiltur fasteignasali hjá Fasteignasölu Vestfjarða, eftirspurn og framboð á fasteignum hafa aukist á milli ára.

„Sala og eftirspurn var meiri á þessu ári en á síðasta ári, sem leiðir að sjálfsögðu til hækkunar. Eftirspurn var mikil síðastliðið vor og nú í haust náði hún hámarki. Framboð á eignum hefur aukist síðustu mánuði ársins og eftirspurn minnkað en það gerist alltaf á þessum tíma. Það má líklega búast við því að framboð og eftirspurn verði stöðugri á næsta ári en verið hefur á þessu ári," segir Guðmundur Óli.

Fasteignasala Vestfjarða tók til starfa í febrúar sl. en hún er byggð er á grunni lögfræðiskrifstofu Tryggva Guðmundssonar, sem rekið hefur fasteignasölu samhliða lögmannsstörfum síðastliðna þrjá áratugi. „Þetta ár hefur verið mjög gott og við erum mjög ánægðir með fyrsta starfsár Fasteignasölu Vestfjarða", segir Guðmundur Óli.

Líða fer að jólum og þess sjást æ fleiri ummerki á degi hverjum. Sífellt fleiri hafa gaman af að lýsa upp skammdegið með litríkum jólaskreytingum sem eru nú að finna við nær hvert einasta hús. Skreytingarnar eru af ýmsum stærðum og gerðum eftir smekk og hugmyndaflugi íbúanna. Myndina hér að ofan tók Þorsteinn J. Tómasson af fallegri jólaskreytingu í Góuholtinu á Ísafirði sem kemur vonandi öllum í jólaskapið.

Bæjarráð Bolungarvíkur fagnar skýrslu Vegagerðar um jarðgöng

Bæjarráð Bolungarvíkur samþykkti ályktun fyrir helgina þar sem fagnað er útgáfu skýrslu Vegagerðarinnar, Jarðgöng á leiðinni Bolungarvík – Ísafjörður, helstu möguleikar og lýst nægju með samráðsfund þar sem samgönguráðherra, vegamálastjóri og umdæmisstjóri vegargerðarinnar á Vestfjörðum fóru yfir skýrsluna með bæjarstjórnum Bolungarvíkur og Ísafjarðarbæjar.

Segir í ályktuninni, að frá því að ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum í september 2005, að gerð yrðu göng á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur, hafi verið haft samráð við heimamenn og það sé til fyrirmyndar.

Samkvæmt skýrslunni uppfylla þrjár leiðir þær öryggiskröfur sem lagt var upp með. Þetta eru Hnífsdalsleið, Skarfaskersleið og Tungudalsleið. „Að teknu tilliti til fjarlægðar, samfélagsþátta og umhverfissjónarmiða telur bæjarráð Bolungarvíkur að Skarfaskersleið og Tungudalsleið séu álitlegustu kostirnir. Fram kom hjá ráðherra að á næstu vikum fái Skipulagsstofnun kynningarskýrslu Vegagerðarinnar í hendur og ákveði hvort framkvæmdin þurfi að fara í umhverfismat. Gert er ráð fyrir að endanleg tillaga samgönguráðherra verði lögð fyrir alþingi fyrir þinglok í mars 2007.

Bæjarráð ítrekar mikilvægi þess að sú tímasetning standist," segir í ályktuninni.